


skoðun 20

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk










# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
10. maí 2012
109. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




**Reykjavík að næturlagi**

*Fyrirtækið Reykjavík by Night sýnir útlendingum skemmtanalíf landsins.*

fólk 58

**Skerpir einbeitingu**

*Ingibjörg Pétursdóttir og María Björk Viðarsdóttir gefa út spil sem gagnast fólki með minnisskerðingu.*

tímamót 32



**Stella hetja Framliðsins**

*Framkonur unnu ævintýralegan sigur á Val og tryggðu sér úrslitaleik um titilinn.*

sport 50

**veðrið í dag**




**DÁLÍTIL VÆTA V-TIL** Í dag verða vestan 3-8 m/s með smá vætu V-til en annars víða bjartviðri. Hiti 2-9 stig.

VEÐUR 4

# Ein rödd fyrir atvinnulífið?

**Þau samtök sem starfa að hagsmunum atvinnurekenda á Íslandi ræða nú um nánara samstarf sín á milli. Ein hugmynd er að koma á fót sameiginlegri hagdeild atvinnulífsins sem þjónaði öllum hagsmunasamtökunum.**

**ATVINNULÍFIÐ** Þreifingar hafa átt sér stað á milli hagsmunasamtaka íslensks atvinnulífs um að taka upp nánara samstarf en tíðkast hefur og hagræða í rekstri hinna margvíslegu samtaka sem fyrirtæki í landinu greiða félagsgjöld. Ein hugmynd sem rædd hefur verið er að mynduð verði sameiginleg hagdeild atvinnulífsins sem hefði sambærilegan slagkraft og leiðandi stofnanir hins opinbera, en flest samtökin hafa hagfræðinga á sínum snærum.

„Þetta eru enn óformlegar viðræður en það er verið að kanna hvort hægt sé að sinna þessum störfum betur og hagkvæmar. Þá sérstaklega hvort við getum betur náð eyrum stjórnvalda og hugsanlega almennings. Það er nú einu sinni þannig að ef það er ein rödd sem talar þá hljómar hún oft betur en margraddaður kór,“ segir Vilmundur Jósefsson, formaður Samtaka atvinnulífsins (SA).

> Spurningin er því kannski þessi: ef við byrjuðum með autt blað í dag, myndum við gera hlutina eins eða er hægt að sinna okkar hlutverki betur?
>
> HREGGVIÐUR JÓNSSON
> FORMAÐUR VIÐSKIPTARÁÐS

Vilmundur segir að haft hafi verið samband við öll þau félög sem sinna málefnum atvinnurekenda. Þannig hafi sjö aðildarfélög SA, Viðskiptaráð Íslands, Félag atvinnurekenda, Bílgreinasambandið og Kaupmannasamtök Íslands verið spurð um áhuga. Síðastnefndu þrenn samtökin standa utan SA, en mörg fyrirtæki eiga aðild bæði að SA eða öðrum atvinnugreinasamtökum og Viðskiptaráði. Vilmundur leggur áherslu á að viðræðurnar séu enn skammt á veg komnar.

Hreggviður Jónsson, formaður Viðskiptaráðs, segir enga viðræðuáætlun liggja fyrir né hafi menn sett sér tímaramma utan um viðræðurnar. „Menn eru einfaldlega að velta fyrir sér hvort ekki sé eðlilegt að samtök sem þjóna atvinnulífinu spyrji sig reglulega hvort endurskoða megi reksturinn. Rétt eins og fyrirtækin sem við vinnum fyrir gera,“ segir Hreggviður og bætir við: „Spurningin er því kannski þessi: ef við byrjuðum með autt blað í dag, myndum við gera hlutina eins eða er hægt að sinna okkar hlutverki betur?“

Ein hugmynd sem rædd hefur verið er að hagsmunasamtök atvinnulífsins vinni sameiginlega að ákveðnum málum og hefur til dæmis verið litið til greiningar á efnahagsmálum. Slík „hagdeild atvinnulífsins“ mætti þó ekki vera dýrari í rekstri en sú greiningarvinna sem þegar fer fram, segir Vilmundur.

- mþl / sjá síðu 18



**BRÆÐUR MUNU BERJAST** Bjarni Guðjónsson, fyrirliði Íslandsmeistara KR og Jóhannes Karl Guðjónsson, fyrirliði nýliða ÍA, bregða á leik fyrir stórleik ÍA og KR í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stórleikur ÍA og KR í Pepsideild karla í fótbolta fer fram á Akranesvelli í kvöld:

# Bræðurnir mætast sem fyrirliðar

**FÓTBOLTI** Bjarni og Jóhannes Karl Guðjónssynir mætast sem fyrirliðar í stórleik ÍA og KR í 2. umferð Pepsideildar karla í kvöld en bræðurnir hafa aldrei mæst áður sem mótherjar.

Eftirvænting og spenna ríkja í fjölskyldunni, enda Jóhannes Karl að spila heimaleik á Akranesvelli í fyrsta sinn í fjórtán ár. Bjarni er 33 ára gamall, árinu eldri en Jóhannes Karl en Bjarni býst ekki við því að „Jói Kalli“ taki upp á því að elta hann í brjáluðu skapi – eins og gerðist oftast þegar þeir voru að alast upp á Akranesi á sínum tíma.

Fréttablaðið ræddi við þá bræður í tilefni leiksins í kvöld þar sem þeir fara meðal annars yfir það hvor þeirra sé gullkálfurinn hjá móður þeirra Bjarneyju Jóhannesdóttur.

Skagamenn eru nýliðar í deildinni og unnu sinn leik í fyrstu umferðinni á sama tíma og KR-ingar misstu 2-0 forystu niður í jafntefli.

- seth, sjá síðu 52

Íslendingar varaðir við:

# Grínmúrarar plana yfirráð

**POPP** Meðlimir Mið-Íslands og hópurinn á bak við Steindann okkar, auk þeirra sem standa að heimasíðunni Flick My Life, eru meðal þeirra sem skipa leynifélag grínara á Íslandi, Íslensku Grínmúrararegluna.



DÓRI DNA

Halldór Halldórsson, betur þekktur sem Dóri DNA, varar íslensku þjóðina við því að leynifélagið ætli sér yfirráð á sviði gríns á Íslandi og séu óhræddir við að beita hörku. Sjálfur óttaðist hann um eigið öryggi fyrir það eitt að ræða regluna við Fréttablaðið.

„Þetta félag er svolítið eins og Sjálfstæðisflokkurinn, til að tryggja að félagsmenn séu í góðum stöðum og að þeim líði vel,“ segir Dóri. „Við erum búin að skapa okkur sess í sjónvarpinu og á netinu en nú ætlum við að færa okkur yfir í myndrænara, prentað grín.“

- trs/ sjá bls 58










## SPURNING DAGSINS



*Sveinn, vantar þá allan flokksaga?*

„Það vantar í það minnsta allan aga í fjármálum.“

Sveinn Arason er ríkisendurskoðandi. Í formála hans að ársskýrslu Ríkisendurskoðunar gerir Sveinn athugasemd við að stjórnmálaflokkarnir skili ekki ársreikningum á réttum tíma og hafi slugsað síðustu ár.

Formaður SÁÁ segir allt að áttatíu prósent sjúklinga á Vogi vera börn alkóhólista:

# Koma algerlega steikt inn á Vog

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ef að kona fer í meðferð fyrir 24 ára aldur út af kannabisfíkn, eru næstum því 50 prósenta líkur á að sonur hennar geri það líka,“ sagði Gunnar Smári Egilsson, formaður SÁÁ, í viðtali við þáttinn Reykjavík síðdegis á Bylgjunni í gær.

„Þegar svona tölur liggja á borðinu finnst fagfólkinu inni á SÁÁ nauðsynlegt að aðlaga þjónustuna að þessari staðreynd; að það er verið að vinna miklu meira með fjölskyldunum. Það er verið að vinna með börnum alkóhólista, beina forvörnunum að þeim, það er augljóslega sá hópur sem er í mestri hættu,“ sagði Gunnar Smári og bætti við að líklega séu 70 til 80 prósent af þeim sem komi inn á Vog börn alkóhólista.

Þá benti Gunnar Smári á að upp úr 1995 verði ólögleg vímuefni það aðgengileg að allir krakkar á framhaldsskólaaldri geti keypt sér hass eða amfetamín. Hass og marijúana sé orðið að aðalvandanum hjá yngsta hópnum.

„Þeir ungu krakkar sem eru í dagneyslu á vímuefnum eru flestir í hassi. Það er fólkið sem er að koma inn á Vog upp úr tvítugu og er búið að missa af síðunglingsárunum sínum, tímanum þegar það átti að vera í framhaldsskóla og átti að verða að fullorðnu fólki. Og þetta fólk kemur algjörlega steikt inn á Vog,“ sagði formaður SÁÁ.



**GUNNAR SMÁRI EGILSSON** Formaður SÁÁ segir börn alkóhólista í mestri hættu og að vinna þurfi mikið meira með þeim fjölskyldum.

Tilgáta um áhrif risaeðla:

## Risaeðluprump hitaði jörðina

**VÍSINDI Vindgangur risaeðla af ætt sauropoda gæti hafa hækkað hitastig á jörðinni vegna mikils magns metangass í prumpinu, samkvæmt tilgátu vísindamanna.**

**Risaeðlurnar áttu það sameiginlegt með kúm, geitum og öðrum dýrum að gefa frá sér mikið magn af metangasi.**

**Talið er að risaeðlurnar hafi gefið frá sér um 520 milljón tonn af metangasi á ári. Kýr, geitur og önnur dýr gefa frá sér 50 til 100 milljón tonn á ári.** - bj

Styðja við skólabókasöfn:

## Fjörutíu skólar fengu úthlutun

**SKÓLAR Fjörtíu skólabókasöfn vítt og breitt um landið fengu í gær úthlutun úr Skólasafnasjóði. Að því er segir í tilkynningu er styrkveitingin hluti af verkefninu „Ávísun á lestur“ sem dreift var til allra heimila á landinu í Viku bókarinnar. Ávísunin nýtist sem þúsund króna afsláttur af bókakaupum og renna 100 krónur af hverri notaðri ávísun í Skólasafnasjóð. Stefnt er að því að safna einni milljón króna með þessum hætti í sjóðinn. Arion banki lagði eina milljón í sjóðinn til viðbótar.**

**Skólasafnasjóður var stofnaður 2010 af Félagi íslenskra bókaútgefenda „í því skyni að vekja athygli á veikri stöðu skólabókasafna í kjölfar efnahagsþrenginganna,“ segir í tilkynningunni.** - gar

Gatnagerð í Garðabæ:

## Loftorka fær verðbætur

**SVEITARSTJÓRNIR** Verktakafyrirtækið Loftorka fær tæplega 7,7 milljónir króna í verðbætur vegna gatnaframkvæmda í Garðabæ fyrir fjórum árum. Bæturnar eru greiddar þrátt fyrir að engin ákvæði um slíkt hafi verið í samningi Loftorku við Garðabæ.

Fyrirtækið vísaði til dóms Hæstaréttar frá 2010 í sambærilegu máli. Í því var fallist á kröfu um verðbætur þrátt fyrir að ekki væri ákvæði í samningi um hækkun verklauna vegna verðlagsþróunar. Samkomulag náðist milli bæjaryfirvalda og Loftorku um að bærinn borgi fyrirtækinu 7.650.000 krónur. - gar

**BORGARBYGGÐ**

### Hægt að leigja matjurtagarð

Íbúar Borgarbyggðar geta í sumar sem fyrr leigt matjurtagarða í landi Gróðrarstöðvarinnar Gleymméreiar við Borgarnes. Standa tvær stærðir til boða; 15 og 30 fermetrar.



**SKÓGI VAXIN HLÍÐ** Snjóflóðagarðarnir eiga að rísa í hlíðinni þar sem greniskógurinn sést í fjarlægð hægra megin á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL

# Greniskógi rutt burt vegna snjóflóðagarða

**Ekki eru allir sammála um að reisa eigi snjóflóðagarða í hlíðinni fyrir ofan grunnskólann og sjúkrahúsið á Patreksfirði. Íbúi segir gríðarleg náttúruspjöll verða við framkvæmdirnar. Veik rök að vilja verja hríslur, segir bæjarstjóri.**

**PATREKSFJÖRÐUR** „Ef þetta nær fram að ganga mun þetta verða eitt versta umhverfisslys Íslandssögunnar og þar með afskræming á okkar fallega þorpi,“ segir Jónas Þór, íbúi á Patreksfirði, um fyrirhugaðar framkvæmdir við snjóflóðagarða ofan sjúkrahúss og grunnskóla bæjarins.

Ofanflóðasjóður ákvað að láta reisa garðana eftir að snjóflóðahættan þarna var metin fyrir nokkrum árum. Til stendur að hefja framkvæmdir í sumar.

Jónas hefur skrifað Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra bréf vegna málsins. Hann gagnrýnir fyrirhugaðar framkvæmdir harðlega og segir fáránlegt að Umhverfisstofnun hafi ekki séð ástæðu til þess að fara í umhverfismat áður en þær voru samþykktar. Jónas segir umhverfisspjöllin sem garðarnir munu valda gífurleg, en meðal annars þarf að ryðja burt þéttum skógi sem starfsmenn sjúkrahússins hafa ræktað í hlíðinni síðan árið 1950.



**ÁSTHILDUR STURLUDÓTTIR**

„Það hefur aldrei fallið snjóflóð í hlíðinni á sögulegum tíma. Hún er bara þannig að þar festir aldrei snjó,“ segir hann.

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar, segir ákvörðunina algjörlega í höndum ríkisvaldsins og byggða á hættumati frá ofanflóðavörnum.

Hún segir að vísað sé til verstu aðstæðna sem orðið geti og málið ekki í höndum bæjarins. „Hver vill taka þá ákvörðun um að fara ekki í ofanflóðavarnir þegar flóð fellur svo á sjúkrahúsið og grunnskólann? Persónulega finnst mér veik rök að verja einhverjar hríslur. Þetta er áhætta sem við getum ekki tekið,“ segir Ásthildur.

Úlfar Thoroddsen, forstjóri Sjúkrahússins á Patreksfirði, segir skóginn vera mestu eftirsjána, en það verði svo að vera. Framkvæmdir vegna snjóflóðagarða hafi legið fyrir þegar hann var í sveitarstjórn á árunum 2006 til 2010.

„Umhverfisspjöll fylgja öllum svona görðum,“ segir hann. „Húsin standa svo nálægt fjallinu að nauðsynlegt er að verja þau. Við því er ekkert að segja.“

sunna@frettabladid.is

Tveir ungir hælisleitendur:

## Eldri en þeir segjast vera

**DÓMSMÁL** Ekki liggur fyrir hvað verður um tvo alsírska drengi, sem hafa sótt um hæli hér á landi, að lokinni vist á fósturheimili og Fit-hosteli. Drengirnir voru dæmdir í 30 daga fangelsi í apríl en voru fluttir á fósturheimili annars vegar og á Fit-hostelið hins vegar þegar þeir höfðu setið inni í þrjá sólarhringa.

Gagnrýnt hefur verið að drengirnir, sem segjast fimmtán og sextán ára, hafi verið dæmdir í fangelsi, en þeir framvísuðu fölsuðum skilríkjum við komuna til landsins. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum segir hins vegar grun leika á því að þeir séu eldri en þeir segjast vera. - þeb



**EKKI FARNIR ENN** Þótt nálgist miðjan maí er enn von á éljaveðri.

Kólnar í veðri á sunnudag:

## Frost og snjór á Norðurlandi

**VEÐUR Útlit er fyrir að kólni í veðri hérlendis á sunnudag. Samkvæmt spá Veðurstofu Íslands skellur þá á með norðaustan hvassviðri með slyddu og síðar snjókomu á norðanverðu landinu en rigningu syðra.**

**Á mánudag verður síðan ákveðin norðanátt með vægu frosti, snjókomu eða éljum norðan heiða en þurru veðri syðra. Á þriðjudag og miðvikudag er síðan útlit fyrir norðlæg átt og svalt veður. Á höfuðborgarsvæðinu er gert ráð fyrir votviðrasamri helgi og kólnandi veðri frá og með sunnudeginum.** - gar





ALVEG GRILLAÐUR!

Grillosturinn bráðnar betur en aðrir ostar og hentar því einstaklega vel á hamborgara eða annan grillaðan mat.

Gott í MATINN


Sjöundubekkingar í Þorlákshöfn orðnir þreyttir á tóbaksneyslu samborgaranna:

# Bæjaryfirvöld losi þau undan tóbaki

**HEILBRIGÐISMÁL** Krakkarnir í 7. M í grunnskólanum í Þorlákshöfn hafa skorað á bæjaryfirvöld í Ölfusi að gæta þess að tóbaksnotkun við byggingar og á lóðum sveitarfélagsins trufli ekki þá sem ekki nota tóbak.

„Við tókum ágætlega í það og höfum falið áhaldahúsinu að skoða málið,“ segir Ólafur Örn Ólafsson bæjarstjóri sem kveður áskorun skólakrakkanna eiga sér upphaf í umhverfisdegi sem var 25. apríl.

„Þessi bekkur í grunnskólanum hafði það verkefni að fara á alla staði í bænum og skoða hvernig tóbaksvarnarmálum væri háttað. Þau sendu áskorun á bæjarstjórnina meðal annars um það að færa tóbaksstauta lengra frá anddyrinu í íþróttamiðstöðinni og fleiri stöðum. Þannig að þau þurfi að minnsta kosti ekki að verða fyrir mengun frá tóbaki þar sem þau fara um,“ segir Ólafur sem kveður hins vegar geta verið tvíeggjað að færa vindlingastaukana.

„Þá lenda stubbarnir bara í anddyrinu því fólk eltir því miður ekki dallana. Þannig að það getur verið erfitt að verða við þessu en það er verið að skoða það,“ segir bæjarstjórinn.



**ÞORLÁKSHÖFN** Sjöundubekkingar gengu um Þorlákshöfn á umhverfisdegi og komust að því að reykt er of nærri inngöngum ýmissa opinberra bygginga.

Bæjarráðið fyrir sitt leyti þakkaði nemendum 7. M fyrir þarfar ábendingar og minnti á að reykingar eru bannaðar á skólalóðum og í og við íþróttamannvirki bæjarins. - gar

husa.is

# SÆLU REITUR

# ER KOMINN ÚT

## Nýttu ávísunina strax!


Húsasmiðjan blómaval 3.000,-
Greiðið gegn tékka þessum Handhafa
Krónur: Þrjúþúsund 00/100
Ef keypt er fyrir 10.000 krónur eða meira.
Reykjavík 9. mai 20 12 Húsasmiðjan og Blómaval

Ávísunin gildir sem **3.000** kr. innborgun í öllum verslunum Húsasmiðjunnar og Blómavals, frá miðvikudeginum 9. maí til sunnudagsins 20. maí 2012, ef keypt er fyrir 10.000 kr. eða meira. Ávísunin gildir eingöngu þegar verslað er með kreditkorti eða í staðgreiðslu en ekki í reikningsviðskiptum.

Tékknr. Fl Banki-Hb

Í tilefni af útkomu Sælureitsins sendum við ávísun á öll heimili landsins, **Ávísun á gott sumar**. Ávísunin gildir sem **3.000 kr. innborgun** í öllum verslunum Húsasmiðjunnar og Blómavals ef keypt er fyrir 10.000 kr. eða meira.

Nýttu ávísunina strax, því hún gildir aðeins til **20. maí**.

**komdu strax!**

### Sælureitur 2012 er kominn út

í glæsilegri og efnismeiri vefútgáfu.
Flettu blaðinu á **husa.is**, skoðaðu úrvalið, fáðu hugmyndir og horfðu á kennslumyndböndin.
Þú finnur Sælureitinn á **husa.is**, og í verslunum Húsasmiðjunnar.

**Góða skemmtun!**

**farðu á husa.is**




### Horfðu á kennslumyndböndin á husa.is




**HÚSASMIÐJAN**
**HLUTI AF BYGMA**

**ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956**

DYNAMO REYKJAVÍK

## GENGIÐ 09.05.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,87 | 125,47 |
| Sterlingspund | 201,17 | 202,15 |
| Evra | 161,90 | 162,80 |
| Dönsk króna | 21,772 | 21,900 |
| Norsk króna | 21,386 | 21,512 |
| Sænsk króna | 18,180 | 18,286 |
| Japanskt jen | 1,5677 | 1,5769 |
| SDR | 192,13 | 193,27 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

223,4809

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tekist á um hvort vitni ákæruvaldsins má vera verjandi í sakamáli:

# Aron neitar sök í sendiráðsmáli

**DÓMSMÁL** Kaupsýslumaðurinn Aron Pétur Karlsson neitaði alfarið sök þegar fjársvikamál á hendur honum var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Aron er sakaður um að hafa svikið 114 milljónir króna af Arion banka, Glitni og Íslandsbanka vegna viðskiptafléttu með stórhýsi sem hann seldi kínverska alþýðulýðveldinu undir sendiráðsbústað.

„Ég lýsi mig saklausan af öllum sakargiftum,“ sagði Aron þegar Ragnheiður Harðardóttir héraðsdómari innti hann eftir afstöðu hans til ákærunnar. Þá mótmælti hann jafnframt kröfu um upptöku milljónanna 114, sem beint er gegn eignarhaldsfélagi hans, AK fasteignum.



**EKKERT AÐ SEGJA** Aron Pétur vildi ekkert tjá sig um málið við fjölmiðla í Héraðsdómi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í málinu er Aron sakaður um að hafa blekkt bankana til að létta veðum af fasteigninni með því að kynna þeim marklaust tilboð í hana frá indversku fyrirtæki, þegar fyrir hafi legið að Kínverjar væru reiðubúnir að kaupa það á mun hærri fjárhæð.

Saksóknarinn Finnur Vilhjálmsson mótmælti fyrir dómi í gær skipun Jóns Þórs Ólasonar sem verjanda AK fasteigna, þar sem Jón Þór væri á lista ákæruvaldsins yfir vitni í málinu. Málflutningur verður um þetta atriði í næstu viku. **- sh**

Tveir norskir piltar handteknir:

# Grunaðir um árásir á netinu

**NOREGUR** Tveir norskir piltar, 18 og 19 ára gamlir, hafa verið handteknir grunaðir um að hafa staðið fyrir umfangsmiklum netárásum undanfarnar vikur.

Á fréttavef BBC kemur fram að piltarnir séu meðal annars grunaðir um að hafa gert svokallaðar álagsárásir á vef bresks lögregluembættis sem berst gegn skipulegum glæpasamtökum.

Þeir eru einnig grunaðir um sams konar álagsárásir á vefsvæði norska lottósins og þýska dagblaðsins Bild. **- bj**

Google þróar mannlausan bíl:

# Fá leyfi fyrir bíl án ökumanns

**TÆKNI Tæknirisinn Google hefur fengið leyfi til að nota bíl án ökumanns í Nevada-ríki í Bandaríkjunum. Bíllinn notar myndavélar, GPS-tæki og fjarlægðarmæla til að komast leiðar sinnar, samkvæmt fréttavef BBC.**

**Áður höfðu fengist leyfi til að aka bílnum í tilraunaskyni, en þá með því skilyrði að ökumaður væri um borð til að taka við stjórninni ef tölvukerfið klikkaði.**

**Bíllinn, sem er af gerðinni Toyota Prius, hefur nú ekið um 225 þúsund kílómetra. Hann hefur einu sinni lent í óhappi, þegar ökumaður annars bíls ók aftan á mannlausa bílinn.** **- bj**

Bresk kona skiptir um nöfn:

# Ber nú hundrað og sextíu nöfn

**BRETLAND** Rúmlega fertug bresk kona, sem til þessa hefur gengið undir nafninu Dawn McManus, hefur skipt um nöfn. Í staðinn fyrir eitt eiginnafn og eitt ættarnafn eru nú komin 160 eiginnöfn og svo kenninafnið Dreams.

Nafnaromsan byrjar svona: „Red Wacky League Antlez Broke the Stereo Neon Tide Bring Back Honesty Coalition Feedback,“ svo blábyrjunin sé tilgreind, og svo kemur í lokin þessi runa: „Daniel Mayes Matthew Kitching Josh Bennett Evolution Dreams.“ Þetta er nú löglega skráð nafn hennar hjá breskum stjórnvöldum. **- gb**

## LEIÐRÉTT

Í leiðara blaðsins á þriðjudag var sagt að aukinn kostnaður atvinnulífs og heimila vegna fjölgunar skipulagsdaga væri fjórar milljónir króna samkvæmt útreikningum SA. Þar átti að standa fjórir milljarðar.

# Vilja láta taka á uppsöfnuðum halla ríkisstofnana

**Ráðherrar þurfa að svara fyrir uppsafnaðan halla stofnana á fundi með fjárlaganefnd. Ríkisendurskoðun gagnrýnir skort á viðbrögðum vegna vandans og bendir á 19 stofnanir með mestan uppsafnaðan halla.**

**STJÓRNSÝSLA** Til stendur að kalla ráðherra á fund fjárlaganefndar Alþingis vegna skuldahala ríkisstofnana. Í ábendingu Ríkisendurskoðunar í gær var kallað eftir slíkum fundi.

Í henni áréttar Ríkisendurskoðun að taka verði á vanda stofnana sem sitji uppi með verulegan uppsafnaðan rekstrarhalla frá fyrri árum. „Að mati stofnunarinnar þjónar engum tilgangi að láta slíkan halla hvíla á stofnunum ef ekki er talið raunhæft að ætla að þær muni geta greitt hann upp,“ segir þar.



**SIGRÍÐUR INGIBJÖRG INGADÓTTIR**

Ríkisendurskoðun telur upp 19 stofnanir sem stóðu með hlutfallslega mestan uppsafnaðan halla í árslok 2011. Þar af eru þrjár sem ekki voru með neinn halla árið á undan. Þá kemur einnig fram að sumar þessara stofnana hafi verið reknar innan fjárlaga hvers árs undanfarin ár, en ekki getað unnið á uppsafnaða hallanum. Þar á meðal eru Landspítalinn og lögreglustjórinn á Suðurnesjum. Landspítalinn er með langmestan uppsafnaðan halla, eða tæpa þrjá milljarða króna. Þar á eftir kemur Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu með 449 milljóna króna halla og svo Landbúnaðarháskólinn með 317 milljóna króna halla.

„Samkvæmt gildandi reglum skulu rekstraráætlanir stofnana rúmast innan fjárheimilda þeirra. Þetta þýðir að ráðuneyti mega ekki samþykkja rekstraráætlanir nema að þar sé gert ráð fyrir að halli frá fyrri árum, sé um hann að ræða, verði að fullu greiddur á viðkomandi ári. Engu að síður eru dæmi um að ráðuneytin hafi samþykkt áætlanir þar sem ekki var gert ráð fyrir slíkri uppgreiðslu,“ bendir Ríkisendurskoðun á og hvetur fjárlaganefnd til að kalla menntamálaráðherra, innanríkisráðherra, velferðarráðherra og umhverfisráðherra á sinn fund og krefja þá svara um hvernig tekið verði á rekstrarvanda stofnana með verulegan uppsafnaðan halla.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður fjárlaganefndar, segir að fyrr á árinu hafi nefndin fundað með ráðuneytisstjórum hluta þessara ráðuneyta, auk þess sem farið hafi verið yfir veikleikamat fjármálaráðuneytisins á framkvæmd fjárlaga 2012.

Hún kveðst fagna ábendingu Ríkisendurskoðunar, sem sé í takt við þá vinnu sem þegar hafi verið hafin á vettvangi nefndarinnar. Á næstu dögum verði kallaðir fyrir nefndina þeir ráðherrar sem málið varðar. „Enda var það niðurstaða okkar í nefndinni, eftir að hafa fundað með ráðuneytisstjórunum, að eðlileg næstu skref væru að fá til fundar ráðherra sem bera á málinu pólitíska ábyrgð.“ Í framhaldinu segir hún standa til að fjárlaganefnd skili, í fyrsta sinn, skýrslu til Alþingis um framkvæmd fjárlaga 2012, en nefndin hafi, af því tilefni, fundað um uppfært veikleikamat með Ríkisendurskoðun og fjármálaráðuneyti í gær. **- óká**



**FYLGJAST MEÐ Á ALÞINGI** Starfsfólk Landspítalans fjölmennti á þingpalla í nóvember síðastliðnum þegar rædd voru fjárlög þessa árs. Landpítalinn hefur mátt þola mikinn niðurskurð síðustu ár og er með langmestan skuldahala frá fyrri árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Stofnanir með verulegan uppsafnaðan vanda

| Stofnun | Halli í árslok 2011 (m.kr.) | Staða m.v. áætlun 2012 |
|---|---|---|
| Landspítali | 2.967 | Óleystur |
| Heilsugæsla á höfuðb.svæðinu | 449 | Óleystur |
| Landbúnaðarháskóli Íslands | 317 | Óleystur |
| Lyfjastofnun | 184 | Óleystur |
| *Vatnajökulsþjóðgarður* | *169* | *Engin svör* |
| Lögreglustjórinn á Suðurnesjum | 141 | Óleystur |
| Heilbrigðisst. Suðurlands | 137 | Óleystur |
| Hólaskóli - Háskólinn á Hólum | 134 | Óleystur |
| *Sólvangur, Hafnarfirði* | *127* | *Engin svör* |
| Heilbrigðisst. Austurlands | 114 | Óleystur |
| Lögreglustj. á höfuðb.svæðinu | 73 | Óleystur |
| Ríkislögreglustjóri | 59 | Óleystur |
| Veðurstofa Íslands | 56 | Óleystur |
| Útlendingastofnun | 29 | Óleystur |
| Tilr.st. Háskólans að Keldum | 25 | Óleystur |
| Sýslumaðurinn í Borgarnesi | 25 | Óleystur |
| Fjölbrautaskólinn við Ármúla | 18 | Gæti leyst |
| Rannsóknanefnd umferðarslysa | 8 | Óleystur |
| Rannsóknanefnd flugslysa | 5 | Óleystur |

HEIMILD: RÍKISENDURSKOÐUN

SAFT

MUNDU AÐ EFNI SEM ÞÚ SETUR Á NETIÐ ER ÖLLUM OPIÐ, ALLTAF!

Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

www.saft.is

## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**BREYTINGAR Á NÆSTUNNI** Rólegt og gott veður víðast hvar á landinu í dag en seint á morgun nálgast landið lægð með vaxandi sunnanátt og rigningu á laugardag. Á sunnudag snýst hvassa norðaustanátt með kólnandi veðri.




### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 25° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 25° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 26° |
| Friedrichshafen | 27° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 17° |
| Mallorca | 26° |
| New York | 21° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 10° |
| París | 26° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is

HAPPDRÆTTI das

# 70 MILLJÓNIR Á MÁNUÐI

52 ÚTDRÆTTIR Á ÁRINU!

## DRÖGUM UM MILLJÓNAVINNINGA!

Alls er dregið um 47 þúsund vinninga á árinu að heildarverðmæti 844 milljónir kr.

ER EVOQUE!

# DRÖGUM Í KVÖLD





Á einfal

Qashqai að ver

eða 5 milljón

Miðaverð 1.100 kr. á má

fyrir einfaldan miða.



Kauptu miða á www.das.is
eða í síma 561 7757.

KAUPTU MIÐA
OG STYRKTU GOTT MÁLEFNI!

*dregið í hverri viku*

ÍSLENSKA SIA.IS DAS 58258 05/12

**KJÖRKASSINN**



*Finnst þér húsmæðraorlof eiga rétt á sér?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 53,0% |
| NEI | 47,0% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Eru ný kaupaukakerfi starfsmanna bankanna tímabær?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

vísir

Al-kaída samtökin í Jemen féllu fyrir bragði sádi-arabískra og bandarískra leyniþjónustumanna:

# Sprengjumaður var í reynd útsendari

**BANDARÍKIN, AP** Bandarískir embættismenn hafa staðfest að útsendari Al-kaída samtakanna, sem fékk það verkefni að sprengja sprengju um borð í farþegaflugvél á leið til Bandaríkjanna, hafi í reynd verið á vegum sádi-arabísku leyniþjónustunnar og bandarísku leyniþjónustunnar CIA.

Hann hafði gengið til liðs við Al-kaída samtökin í Jemen í þeim tilgangi að afla upplýsinga um starfsemi þeirra og leggja stein í götu þeirra. Hjá samtökunum fékk hann sprengjubúnað, sem komið var fyrir í nærfötum og gerður úr efnum sem sjást ekki í sprengjuleitartækjum. Þetta átti hann að fara með um borð í flugvél og sprengja þegar til Bandaríkjanna væri komið. Hann afhenti hins vegar fulltrúum Sádi-Arabíu og leyniþjónustu Bandaríkjanna sprengjubúnaðinn. Bandaríska alríkislögreglan FBI er sögð grandskoða búnaðinn þessa dagana.

„Þessi tilraun sýnir að hryðjuverkamenn eru enn að reyna að útbúa æ siðlausari og skelfilegri leiðir til að drepa saklaust fólk," sagði Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, þar sem hún var stödd í heimsókn á Indlandi.

Bandaríska leyniþjónustan telur að nærfatasprengjan sé hönnuð af Ibrahim Hassan al-Asiri, sem er einn leiðtoga Al-kaída í Jemen, eða þá af einhverjum sem hefur lært af honum.

Asiri er talinn hafa útbúið aðra nærfatasprengju, sem notuð var á jólunum árið 2009 um borð í flugvél á leið til Bandaríkjanna, en var ekki jafn fullkomin og sprakk ekki þegar til kom. Árið eftir kom hann sprengjubúnaði fyrir í tölvuprentara, en sú árásartilraun mistókst einnig.

**- gb**



**ÖRYGGISGÆSLA** Starfsmaður öryggisgæslunnar á alþjóðaflugvelli í Portland í Bandaríkjunum grandskoðar skilríki. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


**Costa del Sol**

**22. maí í 14 nætur**

**Frá kr. 76.800**

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á Aguamarina íbúðarhótelinu og Hotel Amaragua þann 22. maí í 14 nætur. Önnur gisting í boði á ótrúlegum kjörum. **Ath. mjög takmarkaður fjöldi herbergja og íbúða í boði - verð getur hækkað án fyrirvara.**

**Aguamarina *****

**Kr. 76.800**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð 14 nætur. Verð m.v. gistingu í tvíbýli kr. 93.900.

**Hotel Amaragua ******

**Kr. 129.900 - með hálfu fæði**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í herbergi með hálfu fæði í 14 nætur. Verð m.v. gistingu í tvíbýli með hálfu fæði kr. 147.700

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



**Frá yfirkjörstjórnum í Reykjavíkurkjördæmum norður og suður**

**Til væntanlegra framjóðenda í forsetakosningum 30. júní 2012**

Yfirkjörstjórnir Reykjavíkurkjördæma norður og suður koma saman til fundar í Ráðhúsi Reykjavíkur miðvikudaginn 23. maí 2012, kl. 13.00 til að gefa vottorð um meðmælendur forsetaframboða samkvæmt 4. gr. laga nr. 36/1945 um framboð og kjör forseta Íslands.

Þess er óskað að frambjóðendur skili meðmælendalistum til oddvita yfirkjörstjórna, Katrínar Theodórsdóttir og Sveins Sveinssonar í Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, mánudaginn 21. maí n.k. milli kl. 13.00 og 15.00 til þess að unnt verði að undirbúa vottorðsgjöf yfirkjörstjórnanna.

Ekki verður unnt að tryggja afgreiðslu framboða sem berast síðar. Vakin er sérstök athygli á að afhenda skal yfirkjörstjórnum frumrit meðmælendalista.

Yfirkjörstjórnir fara þess á leit að meðmælendalistar verði, auk hinna skriflegu eintaka, afhentir á tölvutæki formi (excel-skjali á minnislykli).

Reykjavík 3. maí 2012.

F.h. yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður
Katrín Theodórsdóttir.

F.h.yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis suður
Sveinn Sveinsson.



FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

**NÝJAR FRÉTTIR OFT Á DAG**

vísir - oft á dag




**MÓTMÆLI** Leikskólakennarar og foreldrar mótmæltu þegar sameiningaráform í leikskólum voru kynnt í borgarstjórn í febrúar á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sameiningar fækka fagfólki á leikskólum

**Foreldrar barna á leikskólanum Funaborg sendu harðort bréf til borgarfulltrúa og embættismanna vegna sameiningar þriggja leikskóla. Segjast fullsaddir á aðgerðaleysi, áhugaleysi og samskiptaleysi stjórnenda leikskólans og borgarinnar.**

**MENNTUN** Foreldrar á leikskólanum Funaborg í Grafarvogi segjast búnir að fá sig fullsadda af „aðgerðaleysi, áhugaleysi og samskiptaleysi stjórnenda leikskólans, leikskólasviðs Reykjavíkurborgar og formanns menntaráðs," vegna sameininga þriggja leikskóla í hverfinu.

Þetta kemur fram í bréfi sem foreldrafélag Funaborgar sendi borgarfulltrúum og embættismönnum hjá borginni í apríl. Foreldrafélagið boðaði til fundar með borgarfulltrúum, stjórnendum leikskólans, leikskólasviði og öðrum í lok apríl. Í bréfinu kemur fram að fundurinn hafi verið boðaður með stuðningi og eftir áskorun meirihluta foreldra barna við leikskólann. Hætt var við fundinn að lokum vegna dræmra undirtekta leikskólasviðs og borgarfulltrúa, en Kjartan Magnússon var eini borgarfulltrúinn sem staðfesti komu sína. Hann situr í skóla- og frístundaráði, sem áður hét menntaráð.

Leikskólarnir Foldaborg, Foldakot og Funaborg voru sameinaðir í fyrra. Sameinaður leikskóli heitir nú Sunnufold. Í bréfi foreldranna kemur fram að rót óánægju þeirra sé uppsögn leikskólastjórans og aðstoðarleikskólastjórans í kjölfar sameiningarinnar. Nokkrum mánuðum seinna hafi matráður leikskólans svo hætt störfum. Það sem fyllt hafi mælinn hjá foreldrunum hafi að lokum verið að deildarstjóri á leikskólanum og leikskólaliði hafi sagt upp störfum, en foreldrum var tilkynnt um það í apríl. „Í kjölfar þessa er ljóst að fagmenntuðu starfsfólki hefur fækkað verulega og í lok uppsagnarfrests þeirra er einn fagmenntaður starfsmaður starfandi á leikskólanum," að því er segir í bréfinu. „Staðreyndir málsins liggja fyrir en þær eru að Funaborg hefur farið úr 52 fullnýttum leikskólaplássum í 32 pláss. Leikskólinn fór úr þriggja deilda leikskóla í tveggja og faglærðu starfsfólki hefur fækkað úr fimm í einn."

Foreldrarnir segja lítið sem ekkert samráð hafa verið haft við foreldra eða fulltrúa þeirra. „Verulegrar óánægju hefur gætt meðal starfsfólks sem sannarlega hefur skilað sér í óöryggi barnanna og óvissu foreldra sem er nú óbærileg [...] Sú tilraun sem gerð var á börnum okkar með sameiningunni hefur mistekist og skorað er á þá sem hlut eiga að máli að viðurkenna mistök sín og hefja nú þegar uppbygginguna leikskólans."

**thorunn@frettabladid.is**

Fyrsti Bandaríkjaforsetinn til að styðja hjónabönd samkynhneigðra:

# Obama styður ein hjúskaparlög

**BANDARÍKIN** Barack Obama Bandaríkjaforseti styður hjónabönd samkynhneigðra. Hann greindi frá þessu í viðtali við ABC fréttastofuna í gær, og varð þar með fyrsti forseti Bandaríkjanna til þess að styðja ein hjúskaparlög.

„Það er mikilvægt fyrir mig að staðfesta að mér finnst að samkynhneigð pör ættu að geta gift sig," sagði Obama. Hann benti á að stjórn hans hafi lofað að auka réttindi samkynhneigðra, og sagðist styðja jafnrétti fyrir samkynhneigða og transfólk. Hann hafi hikað við að styðja samkynhneigð hjónabönd vegna þess að hann hafi talið að staðfest samvist nægði. Samkynhneigðir starfsmenn hans, sem upplifðu hindranir í lífi sínu sökum þess að geta ekki gift sig, fengu hann hins vegar til að skipta um skoðun.

Könnun sem Gallup gerði og var birt á þriðjudag gefur til kynna að 50 prósent Bandaríkjamanna séu hlynnt því að hjónabönd samkynhneigðra verði lögleidd. 48 prósent þeirra sögðust vera því mótfallin. Í 31 ríki í landinu hafa verið sett lög sem banna hjónabönd samkynhneigðra.

**- þeb**



**OBAMA** Bandaríkjaforseti var í viðtali hjá ABC í gær þar sem hann tók af vafa um afstöðu sína gagnvart hjónabandi samkynhneigðra. NORDICPHOTOS/AFP




ÍSLENSKA SIA.IS BLA 59597 05/12

# BLUE LAGOON ALGAE MASK

## NÆRIR, LYFTIR OG EYKUR LJÓMA

Blue Lagoon algae mask er nýr nærandi maski sem dregur úr fínum línum, styrkir efsta varnarlag húðarinnar og fær húðina til að ljóma.* Yfirbragð húðarinnar verður heilbrigðara og fallegra.

## SÝNILEGUR ÁRANGUR**

| | |
|---|---|
| ENDURNÆRÐ | 100% |
| FALLEGRA YFIRBRAGÐ | 85% |
| SLÉTTARI | 80% |
| AUKINN LJÓMI | 80% |

**Neytendapróf - 20 konur

BLUE LAGOON ICELAND

www.bluelagoon.is

*in-vitro og in-vivo prófanir.

Blue Lagoon kaupauki að verðmæti 10.000 krónur fylgir ef verslað er fyrir 7.900 krónur eða meira. Gildir dagana 10.–16. maí í Hagkaup Smáralind og Kringlunni.

Foaming cleanser 50ml, face exfoliator 15ml, anti-aging day cream 15ml, anti-aging night cream 15ml, hárband.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hvað á þjóðkirkjan mikið inni hjá ríkinu vegna verðbóta?
2. Hvað heitir leiðtogi bandalags róttækra vinstri flokka í Grikklandi?
3. Hver er einleikari á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld?

**SVÖR**

1. Tvo milljarða króna. 2. Alexis Tsipras. 3. Sigrún Eðvaldsdóttir.

Hælisleitendur þurfa að bíða þrisvar sinnum lengur en forsvaranlegt er að mati forstjóra Útlendingastofnunar:

# Bið hælisleitenda löng og kostnaðarsöm

**SAMFÉLAGSMÁL** Forstjóri Útlendingastofnunar segir hælisleitendur þurfa að bíða næstum þrisvar sinnum lengur en forsvaranlegt sé. Löng bið kosti samfélagið mikið fé auk þess sem biðin skapi mikla vanlíðan meðal fólks. Á þessu ári hafi orðið veruleg fjölgun meðal hælisleitenda og fyrirséð að biðin lengist enn.

Málsmeðferð hælisleitendanna tekur orðið um 15 mánuði í vinnslu hjá Útlendingastofnun.

Kristín Völundardóttir, forstjóri stofnunarinnar, segir að til að biðin teljist forsvaranleg eigi hún að vera hálft ár eða styttri.

86 hælisleitendur bíða nú afgreiðslu sinna mála en langflestir þeirra eru í vistun á gistiheimilinu Fit í Reykjanesbæ. Af þeim komu 50 í fyrra og 10 komu 2010 eða 2009.

Veruleg fjölgun hefur orðið í ár en nú þegar hafa 26 sótt um hæli. Á sama tíma í fyrra höfðu 16 sótt um hæli. Þá hafa fimm vegalaus börn komið hingað ein síns liðs í ár. Þeirra mál eru sett í forgang en það þýðir aftur á móti að aðrir færast aftar í röðina. Langur málsmeðferðartími getur haft slæm áhrif á líðan umsækjenda sem margir hverjir hafa þegar gengið í gegnum miklar raunir. Biðin getur líka orðið til þess að umsækjendur einangrist frekar og aðlögun að íslensku samfélagi gangi verr fái þeir hæli.

Forstjóri Útlendingastofnunar bendir auk þess á að löng bið skapi mikinn kostnað fyrir samfélagið. Kostnaður vegna hvers hælisleitanda er bundinn í vísitölu neysluverðs og nemur nú 7.155 á dag. **- kdk**



**GISTIHEIMILIÐ FIT** 86 hælisleitendur bíða nú afgreiðslu sinna mála. MYND/VÍKURFRÉTTIR


**MORGUNVERÐARFUNDUR**

15. maí á Icelandair Hótel Reykjavík Natura, Þingsal 3

## Samfélagsábyrgð

**...frá hugmyndafræði til aðgerða**

**Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja, og Þekkingarnet Þingeyinga bjóða til morgunverðarfundar um sjálfbæra þróun og sjálfbærniverkefnið á Austurlandi.**

Sjálfbærniverkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar var sett á laggirnar til að fylgjast með áhrifum framkvæmda og starfsemi álvers og virkjunar á samfélag, umhverfi og efnahag á Austurlandi.

Á fundinum verður leitast við að skýra hugtök eins og sjálfbæra þróun og samfélagsábyrgð auk þess að skoða hvernig til hefur tekist með sjálfbærniverkefnið á Austurlandi.

**DAGSKRÁ:**

08:30 **Setning fundar**
Regína Ásvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Festu

08:35 **Hvað er sjálfbær þróun?**
Brynhildur Davíðsdóttir, dósent í umhverfis- og auðlindafræðum HÍ

08:55 **Sjálfbærniverkefnið á Austurlandi**
Guðlaug Gísladóttir, verkefnastjóri hjá Þekkingarneti Þingeyinga

09:25 **Sjónarhorn samfélagsins**
Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs

09:40-10:00 **Pallborðsumræður**
Með þátttöku fyrirlesara



**Aðgangur er ókeypis.** Húsið opnar kl. 8:00 og boðið verður upp á léttan morgunverð.

**Skráning á www.sjalfbaerni.is**

Þekkingarnet Þingeyinga

FESTA SAMFÉLAGSÁBYRGÐ FYRIRTÆKJA



vissir þú að...

ofdekur er ein birtingarmynd vanrækslu?

Barnaheill
Save the Children á Íslandi




**KREFJAST ÚRBÓTA** Fulltrúar hópsins afhentu Katrínu Jakobsdóttur undirskriftirnar 544 í menntamálaráðuneytinu í gær. Þórólfur er annar frá hægri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Allt of mikið af pólitískum fjárveitingum

**Ungir vísindamenn flýja land af því að styrktarfé til rannsókna er af svo skornum skammti. 544 vísinda- og fræðimenn skora á menntamálaráðherra að gera bragarbót á. Telja fjárveitingar allt of pólitískar.**

**MENNTAMÁL** „Það er svo mikilvægt að veita fjármagninu í bestu verkefnin, til bestu vísindamannanna og að við gerum það á gagnsæjan hátt. Við eigum að hætta að úthluta fjármagninu pólitískt eins og við höfum verið að gera," segir Þórólfur Þórlindsson, prófessor í félagsfræði.

Þórólfur er í hópi sex vísindamanna sem í gær afhentu Katrínu Jakobsdóttur undirskriftir 544 vísinda- og fræðimanna til stuðnings samkeppnissjóðum á vegum hins opinbera.

„Helsti vísindasjóður grunnvísinda, Rannsóknasjóður, hefur staðið í stað undanfarin ár hvað krónutölu varðar en lækkað umtalsvert að raungildi. Og nú eru farin að sjást merki þess að þetta sé að hafa áhrif á vísindastörf á Íslandi," segir í áskoruninni til ráðherra sem fylgdi undirskriftalistanum. Þar er sérstaklega vísað til nýrra talna sem sýna að vísindagreinum eftir Íslendinga í ritrýndum fræðiritum er tekið að fækka.

Þórólfur segir að vandamálið sem við er að etja sé margþætt. Í fyrsta lagi séu sjóðirnir sem veitt er úr nánast tómir.

„Þrjátíu til fjörutíu prósent þeirra umsókna sem berast eru nógu góðar til að það væri eðlilegt að þær fengju styrk. Í staðinn er bara til fjármagn fyrir örfáar þeirra. Þarna myndast flöskuháls í vísindasamfélaginu," segir hann.

> „Það er allt of mikið sem fer í gegnum pólitíska kanala, beint eða óbeint. Það er ekki gagnsætt kerfi.
>
> **ÞÓRÓLFUR ÞÓRLINDSSON** PRÓFESSOR Í FÉLAGSFRÆÐI

Þetta bitni svo helst á ungum vísindamönnum og þar sem háskólarnir á Íslandi séu undirfjármagnaðir verði ekki til þar nýjar stöður.

„Þess vegna er unga vísindafólkið okkar að fara úr landi," segir Þórólfur. Kynslóð íslenskra vísindamanna sé að hluta til horfin og það þoli enga bið að endurheimta hana. „Einfaldast og fljótlegast er auðvitað að efla samkeppnissjóði Rannís."

Enn fremur sé mjög mikilvægt að efla nýsköpun og þróunarstarf og endurskoða allt það kerfi. Það sé í raun eina leiðin út úr kreppunni.

Að síðustu segir Þórólfur að það fjármagn sem þó er veitt til vísindamanna á Íslandi nýtist alls ekki nógu vel vegna þess að slíkar úthlutanir séu allt of pólitískar.

„Það er allt of mikið sem fer í gegnum pólitíska kanala, beint eða óbeint. Það er ekki gagnsætt kerfi. Eftir hvaða mælistiku er fjármagni til rannsókna úthlutað þegar því er ekki úthlutað eftir gæðum umsókna og hæfni fræðimannanna sem sækja um? Ég er sannfærður um að það fer mikið af fjármagni til spillis vegna þess."

Þórólfur segir að mjög auðvelt hafi verið að fá vísinda- og fræðimenn til að leggja nafn sitt við áskorunina. Rúmlega fimm hundruð nöfn hafi safnast á örskömmum tíma.

**stigur@frettabladid.is**

# LAGERHREINSUN

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is




**DÚNDURTILBOÐ!**

SPARIÐ 50.000

Royal Queen

Pokagormar | Svampur | Þægindasvæði | Yfirdýna | Miðlungs | 20 ár dýna Ábyrgð | 2 ár áklæði Ábyrgð

**ROYAL QUEEN AMERÍSK DÝNA**
Vönduð og góð, miðlungsstíf dýna með fallegu áklæði. Í efra lagi er áföst 14 sm. þykk yfirdýna. Í neðra lagi eru u.þ.b. 200 LFK pokagormar pr. m². Tvöfalt gormalag sem eykur endingu og þægindi. Fætur fylgja með.
Stærð: 120 x 200 sm. fullt verð: **139.950** nú **89.950**
Stærð: 153 x 203 sm. fullt verð: **159.950** nú **109.950**

120 X 200 SM. FULLT VERÐ: 139.950

**89.950**



HERÐATRÉ 1 STK.

**499**

**HERÐATRÉ**
Sniðug herðatré á frábæru verði!



U.Þ.B. 50% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 299

**149**

**HUNDAPOKAR**
4 rúllur í pakka. Alls 80 pokar.




SPARIÐ 10.000

KRONBORG OF DENMARK

FULLT VERÐ: 19.950

**9.950**

**NORDKAPP SÆNG**
Vönduð og góð sæng fyrir þá sem eru með astma eða ofnæmi. Sængin er fyllt með 100% náttúrulegu móberjasilki sem kemur í veg fyrir svita- og rakamyndun. Mjúkt og gott áklæði. Þyngd: 945 gr. Stærð: 135 x 200 sm.



66%

FULLT VERÐ: 1.495

**499**

**BARNAGALLABUXUR**
Mikið úrval af barnagallabuxum á frábæru verði! Nokkrar mismunandi stærðir og gerðir fáanlegar.



40%

FULLT VERÐ: 1.695

**995**

**FLÍSPEYSUR**
Nokkrir mismunandi litir og stærðir fáanlegar.



50%

**DÖMUPEYSUR**
Fallegar dömupeysur á frábæru verði! Fáanlegar í nokkrum mismunandi stærðum. Tveir litir fáanlegir, bleikur og grænn.

FULLT VERÐ: 399

**199**



40%

FULL VERÐ FRÁ: 2.495

**1.495**

**MIKIÐ ÚRVAL AF KÖRFUM**
Á frábæru verði!



50%

FULLT VERÐ: 9.950

**5.000**

**GRUNDIG BORÐLAMPI**
Á frábæru verði!



SPARIÐ 1.000

FULLT VERÐ: 2.495

**1.495**

**HØIE TREFJAKODDI**
Fylltur með 500 gr. af holtrefjum.
Stærð: 50 x 70 sm.
*Ath. koddinn er lítilsháttar útlitsgallaður.*



FULLT VERÐ: 995

**500**

50%

**GARDÍNUSTANGIR**
Mikið úrval af flottum gardínustöngum á frábæru verði! Komið og skoðið úrvalið! Stærð: 71-122 sm.



FULLT VERÐ: 299

**100**

66%

**GARDÍNUKRÓKAR**
Á frábæru verði!



**HEIÐURSVÖRÐUR Á RAUÐA TORGINU** Rússar minntust þess í gær, eins og fleiri ríki, að 67 ár voru liðin frá því að sigur vannst á hersveitum Hitlers-Þýskalands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tsipras tókst ekki að mynda stjórn sem myndi hafna samkomulagi við ESB:

# Stjórnarmyndun gengur illa

**GRIKKLAND, AP** Alexis Tsipras, leiðtogi bandalags vinstriflokka á Grikklandi, gafst í gær upp á því að mynda ríkisstjórn. Keflið fer nú til Evangelos Venizelos, leiðtoga sósíalistaflokksins Pasok.

Tsipras vildi mynda stjórn sem næði samstöðu um að hafna samkomulagi, sem bráðabirgðastjórn Pasok og íhaldsflokksins Nýs lýðræðis gerði við Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um fjárhagsaðstoð.

Antonis Samaras, leiðtogi íhaldsmanna, sagði það leiða til „hruns inn á við og gjaldþrots út á við,“ sem óhjákvæmilega hefði í för með sér að Grikkland segði skilið við evruna og færi úr Evrópusambandinu.

„Gríska þjóðin hefur ekki gefið neinum umboð til að eyðileggja landið. Þvert á móti,“ sagði Samaras, sem sjálfum tókst ekki að mynda ríkisstjórn í kjölfar kosninganna, sem haldnar voru síðastliðinn sunnudag.

Venizelos mun væntanlega fá stjórnarmyndunarumboð í dag, en ekki eru taldar miklar líkur á að það takist. - gb



**TÍÐINDA BEÐIÐ AF STJÓRNARMYNDUNARVIÐRÆÐUM** Grískur almenningur fylgist grannt með fréttum þessa dagana. NORDICPHOTOS/AFP

Forrit upplýsir um virkjanir:

# Svör eru valin með músinni

**IÐNAÐUR Orkusetur hefur smíðað gagnvirkt netkennsluforrit um virkjanir sem hafa yfir tíu megavött af uppsettu afli.**

**Forritið, sem finna má á slóðinni *http://kennsluvefur.ismennt.is/virkjanir*, er sagt afar einfalt í notkun og einungis þurfi að nota tölvumúsina við lausn verkefna.**

**„Í forritinu má finna yfirlitskort og helstu tölfræðiupplýsingar um hverja virkjun,“ segir á vef Orkuseturs. Meginhluti forritsins er þó sagður snúast um gagnvirkar æfingar.** - óká

Bretadrottning les upp ræðu:

# Leita leiða út úr kreppunni

**BRETLAND, AP** Elísabet Bretadrottning las í gær upp stefnuskrá ríkisstjórnar Davids Cameron forsætisráðherra, með mikilli viðhöfn í sal lávarðadeildar breska þingsins, eins og venja er um þetta leyti árs.



**ELÍSABET BRETADROTTNING**

Megináhersla stjórnarinnar verður á tilraunir til að auka hagvöxt og hjálpa Bretum að komast út úr kreppunni.

„Fyrsta forgangsmál ráðherra minna verður að draga úr fjárlagahalla og endurreisa efnahagslegan stöðugleika,“ sagði drottningin, og taldi meðal annars upp 19 frumvörp, sem lögð verða fyrir þingið næsta árið. - gb

501 leigusamningi þinglýst í síðasta mánuði:

# Leigusamningum fækkar

**HÚSNÆÐISMÁL** Alls var 501 leigusamningi um íbúðarhúsnæði þinglýst hér á landi í apríl sem er fækkun um 191 samning frá fyrri mánuði, eða sem nemur um 28%, samkvæmt morgunkorni Íslandsbanka.

Borið saman við apríl á síðasta ári, þegar 611 leigusamningar voru gerðir, hefur leigusamningum fækkað um rétt tæp 20%. Þetta er í takt við þróunina síðustu mánuði en leigumarkaðurinn er nú allur að skreppa saman eftir mikla aukningu undanfarin ár.

**20%** færri leigusamningum var þinglýst í síðasta mánuði miðað við sama tíma í fyrra.

Á höfuðborgarsvæðinu var samtals 350 leigusamningum þinglýst í aprílmánuði en í sama mánuði í fyrra voru samningarnir 413 talsins og hefur þeim því fækkað um 15% milli ára.

Fyrstu fjóra mánuði ársins hefur samtals 2.723 leigusamningum verið þinglýst á landinu öllu samanborið við 2.887 samninga á sama tímabili fyrir ári.

Jafngildir það fækkun um 6% á milli ára. Á sama tíma og leigumarkaðurinn er nú að skreppa saman er kaupsamningum um íbúðarhúsnæði að fjölga.

Þannig hafa verið gerðir 1.519 kaupsamningar um íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu á fyrstu fjóru mánuðum ársins sem er um fimmtungsaukning frá sama tímabili fyrra árs.



**STEFNA** Íslendingar gætu haft ýmislegt til málanna að leggja við mótun á sameiginlegri öryggis- og varnarstefnu ESB þó líklega verði áhrif herlauss lands minni á mál tengd hefðbundnum hernaðarmálefnum, segir sérfræðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Segir áhrif lítilla ríkja umtalsverð

**Lítil ríki eiga auðveldara með að hafa áhrif á sameiginlega öryggis- og varnarstefnu ESB en aðra málaflokka segir sérfræðingur. Svíþjóð og Finnland hafa náð stórum málum inn í sameiginlega stefnu ESB-ríkjanna.**

**VARNARMÁL** Þó Ísland myndi ekki hafa mikið að segja um hernaðarhlutann af sameiginlegri varnar- og öryggisstefnu Evrópusambandsins, gengi landið í sambandið, gætu Íslendingar haft áhrif á stefnuna í borgaralegum verkefnum, segir Maria Strömvik, aðstoðarprófessor við Háskólann í Lundi í Svíþjóð.

Strömvik er einn frummælenda á ráðstefnu Alþjóðamálastofnunar sem fram fer í Norræna húsinu í dag. Hún segir aðeins 30 til 40 prósent af því sem falli undir sameiginlega öryggis- og varnarstefnu ESB snúast um hernaðarmál.

Frakkland og Bretland eru mestu herveldin innan ESB og hafa þar af leiðandi mest um það að segja hvernig stefna er mótuð í öryggis- og varnarmálum. Þessi tvö ríki hafa oftast frumkvæðið í þessum málaflokkum, en það þýðir ekki að minni ríki geti ekki haft mikil áhrif, segir Strömvik.

Það er trúlega auðveldara fyrir lítil ríki að hafa áhrif innan ESB þegar kemur að öryggis- og varnarmálum en öðrum málaflokkum, segir Strömvik. Ástæðan er ekki síst sú að í þessum málaflokkum þarf samhljóða samþykki fyrir öllum ákvörðunum, en ekki einfaldan meirihluta eins og í ýmsum öðrum málaflokkum. Það þýðir í raun að hvert einasta aðildarríki hefur neitunarvald séu hugmyndir ekki ásættanlegar.

Minni ríki sem sýna öryggis- og varnarmálum áhuga, til dæmis Svíþjóð og Finnland, hafa haft umtalsverð áhrif á stefnu ESB í þessum málaflokki, segir Strömvik. Hún segir þetta hafa komið berlega í ljós þegar hún hafi starfað í finnska utanríkisráðuneytinu. Hún segir að ýmsar hugmyndir sem Svíar og Finnar hafi lagt áherslu á hafi náð inn í stefnu ESB.

„Í upphafi virtist það koma stóru ríkjunum í ESB á óvart þegar þessi litlu norrænu ríki fóru að skipta sér af með ákveðnum hætti, en reynslan er orðin sú að nú búast menn einfaldlega við því að Norðurlandaríkin hafi ákveðnar skoðanir í þessum málaflokkum eins og svo mörgum öðrum,“ segir Strömvik.

„Besta dæmið um áhrif Svía og Finna er frá árdögum sameiginlegrar öryggis- og varnarstefnu ESB, á árunum 2000 og 2001,“ segir Strömvik. „Bretland og Frakkland lögðu á þeim tíma mikla áherslu á að aðildarríki ESB gætu beitt hervaldi í ákveðnum tilvikum, til dæmis við friðargæslu. Svíþjóð og Finnland voru sammála því að slíkur möguleiki þyrfti að vera fyrir hendi, en vildu auk þess áherslu á friðargæslu án hernaðaríhlutunar.“

Ríkin vildu að ESB legði einnig áherslu á borgaralegar aðgerðir og löggæsluverkefni. „Fulltrúar Frakklands hlógu að þessari hugmynd Finna og Svía, en raunin varð þó sú að hugmyndirnar urðu stór hluti af stefnu ESB í þessum málaflokki,“ segir Strömvik.

„Ef við horfum á þróunina á síðasta áratug hefur áherslan verið sífellt meiri á borgaralegar aðgerðir og löggæsluverkefni. Þegar varnarmálaráðherrar Bretlands og Frakklands ræða sameiginlegu öryggis- og varnarmálastefnuna í dag er þetta einmitt það sem þeir eru stoltastir af,“ segir Strömvik. „Þarna höfðu Svíþjóð og Finnland umtalsverð áhrif á þróun mála.“

Hún segir ólíklegt að mikið yrði hlustað á fulltrúa herlauss lands ef þeir legðu til hernaðaraðgerðir, eða uppbyggingu herafla annarra ríkja, en áhrifin yrðu tvímælalaust til staðar þegar kemur að borgaralegum verkefnum og stefnumótun þeim tengdri. brjann@frettabladid.is


Framúrskarandi
lausnir á einum stað

RÁÐGJÖF
Hjá Rue de Net starfar samstíga hópur sérfræðinga með áralanga reynslu af rekstri og innleiðingu viðskiptakerfa.

VIÐSKIPTALAUSNIR
Bjóðum uppá þrautreyndar viðskiptalausnir, eins og Microsoft Dynamics NAV og LS Retail.

SAMÞÆTTING
Við hjálpum þér að fá meira út úr fjárfestingu í viðskiptalausnum með samþættingu við önnur upplýsingakerfi.

KERFISÖRYGGI
Við tryggjum hámarks virkni og áreiðanleika viðskiptalausna þinna.



REYNSLA, ÞJÓNUSTA OG PERSÓNULEG RÁÐGJÖF
Rue de Net hefur yfir að ráða samstíga hópi sérfræðinga með áralanga reynslu af rekstri viðskiptakerfa, innleiðingu og samþættingu viðskiptalausna. Við leggjum áherslu á nána og persónulega ráðgjöf þar sem ráðgjafi Rue de Net kemur að verkferlinu frá byrjun til enda, frá sölu til afhendingar vöru, lausnar og þjónustu.

rue de net
www.ruedenet.is

Rue de Net Reykjavík - Vesturgötu 2a, 101 Reykjavík - Sími: 414 5050 - ruedenet@ruedenet.is

# Blátt er svo grænt!

Nýjum bláum endurvinnslutunnum verður dreift til allra Kópavogsbúa á næstu dögum og vikum. Kópavogsbær er fyrsta sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu til að dreifa slíkum tunnum til allra bæjarbúa. Markmiðið er að hvetja til endurvinnslu og draga úr úrgangi sem fer til urðunar.



**Í bláu tunnuna má setja:**

- Dagblöð og tímarit
- Fernur
- Eggjabakka
- Skrifstofupappír
- Bylgjupappa s.s. pizzu- og pappakassa
- Sléttan pappír s.s. umbúðir utan af morgunkorni, skyndiréttum, kexi, þvottaefni o.þ.h.

Nánar á www.kopavogur.is

Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2011 var samþykktur á fundi borgarstjórnar:

# 4,7 milljarða halli á rekstri borgarinnar

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Tæplega 4,7 milljarða króna halli er á rekstri A- og B-hluta samstæðu Reykjavíkurborgar samkvæmt ársreikningi. Niðurstaðan er sögð lakari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2011 var samþykktur á fundi borgarstjórnar á þriðjudag.

„Skýringuna á hallanum er að finna í fjármagnsliðum sem voru neikvæðir um 22,7 milljarða, að megninu til vegna erlendra skulda Orkuveitu Reykjavíkur,“ segir í tilkynningu borgarinnar. „Það sem veldur hallanum eru því óvissuþættir eins og miklar sveiflur á gengi krónunnar, aukin verðbólga og gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga upp á tæpa 4,4 milljarða sem var áætluð 600 milljónir vegna óvissu í kjaraviðræðum.“


JÓN GNARR


HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

Haft er eftir Jóni Gnarr borgarstjóra að sé litið á rekstur borgarinnar í heild sé hann hvarvetna í mjög góðu lagi. „Og því er ég mjög ánægður með árangurinn.“

Í umræðum um ársreikninginn gagnrýndi Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn, hversu illa borgin kæmi út í samanburði við nágrannasveitarfélögin. Skattekjur Reykjavíkurborgar af hverjum íbúa væru með því hæsta sem gerist, auk þess sem rekstrarkostnaður borgarinnar væri mun hærri en í nágrannasveitarfélögunum og hærri en hann hafi verið áður en núverandi meirihluti tók við. - óká


**MÓTMÆLIR ÞRÆLAHALDI** Rea Inu Bake, af ættbálki Hunikui-frumbyggja í Brasilíu, skreytti sig fjöðrum og tók þátt í mótmælum gegn þrælavinnu fyrir utan þinghúsið í höfuðborginni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**BORIS TADIC** Keppir við Tomislav Nikolic í seinni umferð forsetakosninga. NORDICPHOTOS/AFP

Samkomulag í Serbíu:

## Evrópuflokkar mynda stjórn

**SERBÍA, AP** Lýðræðisflokkurinn og Sósíalistaflokkurinn, tveir stærstu flokkar Evrópusinna á serbneska þinginu, hafa náð samkomulagi um stjórnarmyndun, aðeins þremur dögum eftir þingkosningar.

Jafnframt lýstu þeir yfir stuðningi við núverandi forseta, Boris Tadic leiðtoga Lýðræðisflokksins, í seinni umferð forsetakosninganna sem haldnar verða 20. maí.

Tadic keppir þar við þjóðernissinnann Tomislav Nikolic, en flokkur hans hlaut flest þingsæti í þingkosningunum um síðustu helgi. - gb

**ATVINNUMÁL**

### Jóhannes áfram formaður

Jóhannes Gunnarsson hefur verið sjálfkjörinn formaður Neytendasamtakanna til ársins 2014. Framboðsfrestur vegna formannskjörs rann út þann 30. apríl síðastliðinn og barst samtökunum einungis framboð frá Jóhannesi, sem er núverandi formaður.

# Kjarnorkuver hverfi 2022

**Þjóðverjar hafa lagt fram áætlun um að loka öllum kjarnorkuverum árið 2022. Þetta hefur valdið nokkrum kurr í Evrópu. Þjóðverjar hafa tekið fram úr ESB varðandi notkun endurnýjanlegra orkugjafa.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvað kemur í stað kjarnorkunnar?

Þýska ríkisstjórnin ákvað upp úr aldamótum að leggja öll kjarnorkuver landsins af á næstu áratugum. Nokkuð var tekist á um hve langan tíma ætti að taka í verkið, en eftir kjarnorkuslysið í Fukushima, í kjölfar flóðanna í Japan, komst flýtir á málið. Allir flokkar náðu saman um að leggja kjarnorkuverin niður árið 2022. Þjóðverjar hafa því aðeins tíu ár til að finna nýja orkugjafa í stað kjarnorku.

Það gæti virst óviðráðanlegt verkefni, þar sem 18 prósent af öllu rafmagni sem notað er í Þýskalandi í dag kemur frá kjarnorku. Þjóðverjar hafa hins vegar verið mjög framarlega í nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og búa að þeirri reynslu. Nú er svo komið að á eftir kolum eru þeir næststærsta uppspretta rafmagns í landinu og sjá fyrir 20 prósentum rafmagnsnotkunarinnar.

Það er langtum meira en markmið Evrópusambandsins (ESB) segja fyrir um, en samkvæmt þeim á sú tala að hafa náðst árið 2020. Þá ætla Þjóðverjar að fá 35 prósent af sinni orku úr endurnýjanlegum orkugjöfum og árið 2050 á sú tala að vera komin upp í 80 prósent.

Í Potsdam, í rannsóknarmiðstöð um loftslagsbreytingar, vinna vísindamenn að því að finna leiðir til að auka veg endurnýjanlegra orkugjafa. Miðstöðin er í Brandenburg, rétt fyrir utan Berlín, en fylkið er mjög framarlega hvað varðar notkun á endurnýjanlegum orkugjöfum, sérstaklega vindorku, sem sjá fyrir um 40 prósent alls rafmagns sem þar er nýtt. Vindar blása þar stundum svo hressilega að ekki tekst að nýta þá orku sem þeir framleiða.

Dr. Brigitte Knopf, sérfræðingur hjá Potsdam-stofnuninni, segir að til þess að það náist að skipta endurnýjanlegum orkugjöfum út fyrir kjarnorku þurfi gríðarlega miklar fjárfestingar í geiranum; um það bil tíu milljarða evra á næstu tíu árum. Meðal þess sem kannað hefur verið er hvort hægt sé að nýta umframvindorkuna til að framleiða vetni og jafnvel metan. Það mundi skila 5 til 25 prósentum af vetni inn á gasdreifingarkerfið, þannig að afföllin eru mikil. Það er þó betra en að láta hana fara til spillis, eins og nú er raunin. Þá þarf að víkka út dreifikerfið í landinu, þannig að það taki betur við orku.

Martin Weiss, sérfræðingur hjá umhverfisráðuneyti Þýskalands, segir að byggja þurfi kerfi sem dreifir orkunni frá norðri til suðurs. Þar er iðnaðurinn og þar eru kjarnorkuverin sem leggja á niður. Markmiðið sé síðan að tengjast evrópska kerfinu sem nær um alla álfuna og suður til Afríku.

Dr. Knopf segir betra dreifikerfi algjörlega nauðsynlegt eigi markmiðin að nást. „Þetta er erfið leið og miklu skiptir að fá samþykki almennings.“ Öllum ber þó saman um að það samþykki sé auðfengið; Þjóðverjar vilja auka veg endurnýjanlegra orkugjafa.

Árið 2013 verða tíu kolaver tekin í notkun í landinu. Þau munu taka við af eldri verum og brúa bilið þar til betur er búið að endurnýjanlegri orkuvinnslu. Í stóra samhenginu skipta þau hins vegar ekki miklu fyrir Þýskaland. Stóra vandamálið þar er hve mikið er flutt inn af eldsneyti; til dæmis eru 96 prósent allrar olíu sem notuð er í landinu flutt inn. Markmiðið er að minnka innflutning eins og hægt er.

„Ef við getum ekki dregið úr orkuinnflutningi þurfum við að eyða mikilvægu fé sem annars færi í menntakerfið og fleiri samfélagsleg verkefni,“ segir Stephan Auer sendiherra, sem situr í nefnd utanríkisráðuneytisins um alþjóðavæðingu, orku- og loftslagsstefnu og þróunarmál. Viljinn er fyrir hendi og peningarnir. Þjóðverjar þurfa að byggja upp innviðina til að þeir nái markmiðum sínum.

kolbeinn@frettabladid.is



**Miðjarðarhafið of djúpt**

Dr. Knopf segir mikla möguleika felast í því að víkka út dreifingarkerfi Evrópu. Hugmyndir eru um nýtingu sólarsella í Afríku og sölu orku til Evrópu. Þá þýðir víðfeðmara kerfi að hægt sé að nýta fleiri endurnýjanlega orkugjafa. Vandamál hafa þó komið upp varðandi raforkustreng frá Afríku til Tyrklands og segir Knopf það vera vegna þess hve Miðjarðarhafið er djúpt en ekki séu enn til kaplar sem dugi til. Mikið af orkunni tapist því. Hvað það þýðir fyrir hugmyndir Íslendinga um raforkusölu um sæstreng á botni Atlantshafsins skal ósagt látið. Meðaldýpt Miðjarðarhafs er 1,5 km en Atlantshafs 3,4 km.

www.volkswagen.is




Volkswagen Passat EcoFuel

Ratvís og víðsýnn

Staðalbúnaður í Volkswagen Passat Comfortline Plus er fullkomið leiðsögukerfi með Íslandskorti og bakkmyndavél.

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Passat

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

# Gullverðlaun

Holta Kjúklinga - Bratwurstpylsur unnu til gullverðlauna í fagkeppni meistarafélags kjötiðnaðarmanna sem haldin var nú á dögunum. Einnig voru pylsurnar valdar sem besta varan unnin úr alifuglakjöti.

Kjúklinga-Bratwurstpylsur eru óreyktar og unnar úr sérvöldu gæðahráefni. Þær eru kryddaðar til með jurtum og kryddkornum þannig að úr verður bragð sem fær sælkera til að kikna í hnjáliðunum og brosa framan í heiminn.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!




4 kg

**599**

**HRÍSGRJÓN JASMIN**




1,5 ltr

**199**

**APPELSÍNUSAFI**
Eplasafi, 1,5 ltr, kr 249



5 pör saman

**599**

**SOKKAR**
St 41-45




**489**

**ELDHÚSRÚLLA**
1x8
Ein rúlla jafngildir átta venjulegum eldhúsrúllum




**799**

**SALERNISPAPPÍR**
12 rúllur
3ja laga




**1990**

**FINISH ALL IN 1**
100 töflur




4 ltr

**699**

**UPPÞVOTTALÖGUR**
Effekt



50 ltr

**1290**

**GEYMSLUKASSI**
59 x 40 x 38 cm
Fleiri litir

MELISSA



**2590**

**SAMLOKUGRILL**
750 W



**2590**

**HANDÞEYTARI**



**2990**

**HRAÐSUÐUKETILL**
1,5 ltr



**2990**

**TÖFRASPROTI**

FATNAÐUR • ÞVOTTA- OG HREINLÆTISEFNI • VERKFÆRI • HEIMILISVARA • SNYRTIVARA • PRJÓNAGARN • FRÍSTUNDAVARA • MATVARA




**79**

**COCA COLA**
33 cl






**Kauptu þrjá og fáðu þann fjórða í kaupbæti**

**15.990**

**GASGRILL**
Tveir brennarar

**1290** pr stk

**GRÓÐURMOLD**
**50 LTR**



**3890**

**HJÓLBÖRUR**
70 ltr




**5 kg**

**379**

**KATTASANDUR**
MaxCat



**9.990**

**SLÁTTUVÉL**
1300 W
33 ltr safntankur




**5 ltr**

**3990**

**VIÐAROLÍA**
Glær




**4 ltr**

**1999**

**PALLAHREINSIR**
Góður til að hreinsa palla og viðarklæðningar



**1390**

**GARÐSLANGA**
1/2" 20 m

MELISSA



**3490**

**KAFFIVÉL**
1,2 ltr (10-12 bollar)



**3490**

**HRÍSGRJÓNAPOTTUR**
1,2 ltr, 400 W



**3490**

**STRAUJÁRN**
2200 W



**3490**

**HÁRBLÁSARI**

# neytendur
*hagur heimilanna*

**443 KRÓNUR** var meðalverðið á einu kílói af agúrkum í febrúar síðastliðnum samkvæmt Hagstofu Íslands. Verðið hefur hækkað um sjö prósent frá sama tíma árið 2010.

## GÓÐ HÚSRÁÐ Tyggjó losað úr hári

*Úrræði sem komið geta í veg fyrir að skærunum sé beitt.*



Stundum kemur það fyrir að tyggigúmmí klínist í hár. Börn (og fullorðnir) hafa til dæmis lent í því að sofna með tyggjóið í munninum og vaknað svo með það í hárinu. Til þess að forða hárinu frá skærunum og tísku- eða útlitsslysi þar með hefur fólk brugðið á margvísleg ráð í gegnum tíðina. Ein leið er að setja majónes í hárið og láta liggja í um tíu mínútur áður en reynt er að ná öllu saman úr. Sumir nota jafnvel hnetusmjör og enn aðrir leggja til notkun á WD-40 spreyi, en ákveðinn hópur fólks telur slíkt efni geta fengist við flestan vanda.

■ **Tryggingar**

## Finndu lífeyrinn með einfaldri reiknivél

Tryggingastofnun hefur látið útbúa sérstaka reiknivél lífeyris á heimasíðu sinni, www.tr.is. Reiknivélinni er ætlað að bæta þjónustu við viðskiptavini með því að reikna út áætlaðar greiðslur frá stofnuninni miðað við innslegnar forsendur. Hægt er að velja um að setja upphæðir inn á árs- eða mánaðargrundvelli. Á vef Tryggingastofnunar segir að hafa beri í huga að reiknivélin gefi ekki bindandi niðurstöður og sé einungis ætluð til leiðbeiningar um hugsanlegar greiðslur. Ekki er tekið tillit til frítekjumarks fjármagnstekna hjá skattinum.

■ **Kaffi**

## Íslendingar með mestu kaffiþjóðum heims



Íslendingar eru meðal kaffiþyrstustu þjóða heims. Við vermum fjórða sæti heimslistans yfir þær þjóðir sem drekka mest kaffi miðað við höfðatölu, enda neytir hver Íslendingur að meðaltali um það bil 8,3 kílóa af kaffibaunum á ári hverju, að því er greint er frá á vef Grapevine.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru um það bil 2150 tonn af kaffi flutt inn til landsins á síðasta ári. Verð á kaffi hefur rokið upp á síðustu árum, en það hefur hækkað um rúm 75 prósent frá árinu 2007.

■ **Veitingahús**

## Laundromat með besta brunch-inn

The Laundromat Café á Kóngavegi í Kaupmannahöfn hefur verið tilnefnt til verðlaunanna „Best Brunch in Town" á vefsíðunni Alt om København. Síðan er í eigu dagblaðsins Berlingske Tidende.

Friðrik Weishappel, eigandi Laundromat, segir í samtali við Vísi að viðurkenningin sé mikils metin. „Þetta er töluvert mál því ef þú vinnur þetta þá ertu í góðum málum," sagði Friðrik. Veitingastaðurinn hlaut verðlaunin síðast árið 2007 og jukust viðskiptin á stöðunum þremur í Kaupmannahöfn töluvert eftir það.

Eins og kunnugt er hefur Laundromat verið starfrækt í Reykjavík undanfarin misseri og hefur reksturinn gengið vel.





**VORVERKIN** Steinunn segir um að gera að stinga upp garða og bera á gras núna. Ef farið er út með plöntur er best að breiða yfir þær akríldúk eða hafa þær í vermikössum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vorin alltaf óstöðugur tími

**Margir eru farnir að huga að garðinum, en á vorin verður fólk að hafa varann á og passa að fara til dæmis ekki of fljótt út með ungar plöntur.**

„Vorin eru alltaf svolítið óstöðugur tími og maður veit aldrei hvernig veðrið er," segir Steinunn Reynisdóttir, garðyrkjufræðingur hjá Garðheimum. Hún segir því best að hafa varann á í garðinum. Ef farið sé út með plöntur sé gott að breiða yfir þær akríldúk eða hafa þær í vermikössum.

Hún segir um að gera að stinga upp garða og fá loft í jarðveginn á næstunni, áður en farið er í frekari verk. Einnig sé tímabært að bera á gras.

„Nú er líka tíminn til að sá fyrir matjurtum inni, ef fólk er að hugsa um það. Svo er yfirleitt farið með þær út í lok maí eða byrjun júní." Hún segir best að huga að því að gróðursetja úti þegar hætt er að frysta á næturnar, en borið hefur á næturfrosti undanfarið. „Þegar það er frost á næturnar er um að gera að passa að vökva plönturnar yfir hádaginn, svo þær nái að draga í sig einhvern vökva og séu betur varðar gegn þessu. Þá þarf bara að passa að skrúfa fyrir aftur í tíma svo þær séu búnar að draga vökvann upp í sig áður en frystir á ný."

Fólk missir þó ekki af lestinni þótt ekki sé allt sett niður í lok maí. Hægt er að setja ýmislegt niður í garðinn seinna. „Þetta er aðallega spurning um að þá getir þú ekki nýtt þér allar tegundir, en til dæmis blaðsalat og jafnvel kartöflur er hægt að setja niður vel fram í júní. Jarðvegshitinn þarf að nást aðeins upp, heppilegt er að hann sé kominn í sex til átta gráður fyrir matjurtir."

thorunn@frettabladid.is




Endurvinnslutunnum dreift í Kópavogi:

# Fyrsta bláa tunnan afhent íbúa í gær

Fyrsta bláa endurvinnslutunnan var afhent í Kópavogi í gærmorgun.

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs, færði Guðrúnu Benediktsdóttur, íbúa í Brekkusmára í Kópavogi, fyrstu tunnuna. Fram kemur í tilkynningu Kópavogsbæjar að á næstu dögum og vikum verði tunnum dreift til allra bæjarbúa.



**FÉKK FYRSTU TUNNUNA** Guðrún Benediktsdóttir, íbúi í Brekkusmára, og Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs. MYND/KÓPAVOGSBÆR

„Kópavogsbær er fyrsta sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu til að bjóða slíka þjónustu. Þar með geta bæjarbúar flokkað sorp beint í endurvinnslutunnu við heimili sitt," segir í tilkynningunni, en markmiðið er sagt vera að hvetja til endurvinnslu og draga úr úrgangi sem fari til urðunar.

„Eftir breytingarnar hafa bæjarbúar aðgang að tveimur tunnum við heimili sitt; einni grárri fyrir almennt sorp og annarri blárri þar sem í fara dagblöð, fernur, bylgjupappi og fleira sem síðan er sent til endurvinnslu." Fulltrúar frá Kópavogsbæ og Íslenska gámafélaginu hafa síðustu vikur gengið í fjölbýlishús í bænum og kynnt nýtt fyrirkomulag í sorphirðu. Kostnaður við bláu tunnurnar er innifalinn í sorphirðugjöldum.

- óká

# TILBOÐSDAGAR

Betra BAK

## Heilsurúm í sérflokki

# 25% afsláttur

**Chiro Deluxe** 180 x 200cm

**TILBOÐ Kr. 247.425,-**

Fullt verð 329.900,-

- Mjúkt, slitsterkt bómullaráklæði
- 8 cm Latex heisluyfirdýna
- Eurotop® betur nýttur svefnflötur
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- Steyptar kantstyrkingar
- Val um 5 liti á botni
- Val um 3 gerðir af löppum



12 mánaða vaxtalaus kjör á heilsurúmum í maí

## Nú er tækifærið!

*3,5% lántökugjald.

**C&J Platinium** 180 x 200cm

**TILBOÐ Kr. 164.850,-**

Verð áður 219.800,-

**25% afsláttur**



TEMPUR DÝNUR OG KODDAR

Charlotte & Julien



**C&J stillanlegt** 2 x 90 x 200cm

**Með Tempur heilsudýnu**

**TILBOÐ Kr. 649.000,-** Fullt verð 811.250,-

**20% afsláttur**

**Ný sending af rúmgöflum**

Komdu og skoðaðu úrvalið

**20% afsláttur**





**Felix** svefnsófi

**TILBOÐ Kr. 368.900,-** **20% afsláttur**

Fullt verð 461.125,-



**Breidd:** 209 cm
**Dýpt:** 95 cm
**Frá vegg:** 213 cm
**Pokagormadýna:** 140x200 cm

Betra BAK

Leggur grunn að góðum degi

www.betrabak.is

betrabak@betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16

**40,74%** **ER AUKNINGIN** sem hefur orðið á verði hlutabréfa í Högum á því hálfa ári sem liðið er frá því að félagið var skráð á markað. Verð var 19,0 krónur á hlut við lokun Kauphallarinnar í gær.

Samkeppniseftirlitið um kaup RB á Teris:

# Athuga hvort setja eigi samruna skilyrði

Samkeppniseftirlitið er með til athugunar hvort unnt sé að setja kaupum Reiknistofu bankanna (RB) á Teris skilyrði sem tryggi nýjum og smærri keppinautum fullan aðgang að öllum kerfum og allri þjónustu sem sameinað fyrirtæki innir af hendi. Þetta kom fram í ræðu Páls Gunnars Pálssonar, forstjóra Samkeppniseftirlitsins, á málþingi um framtíð Sparisjóðanna sem fram fór á þriðjudag.

Teris er upplýsingatæknifyrirtæki sem sérhæfir sig í lausnum fyrir fjármálafyrirtæki. Það byggir á grunni Tölvumiðstöðvar Sparisjóðanna. Stærsti eigandi Teris var Byr sparisjóður með 36 prósenta eignarhlut, sem nú hefur runnið inn í Íslandsbanka. Íslandsbanki á líka 22,3 prósenta hlut í RB, sem rekur sameiginlega tölvumiðstöð banka og sparisjóða á Íslandi.

RB gerði skuldbindandi tilboð í hluta af eignum Teris í janúar síðastliðnum sem var háð samþykki Samkeppniseftirlitsins. Í ræðu Páls Gunnars kom fram að málið væri enn til meðferðar í eftirlitinu. Þá sagði hann að „hér skal upplýst að Samkeppniseftirlitið hefur nú til athugunar hvort unnt sé að setja þeim samruna skilyrði.“ **-þsj**



**FORSTJÓRI** Páll Gunnar Pálsson hélt erindi á málþingi um framtíð Sparisjóðanna sem fram fór á þriðjudag.

Ný hagspá Arion banka:

# Verðbólga há og gengi krónu lækkar

Verðbólga á Íslandi verður yfir sex prósent út árið 2014, stýrivextir munu hækka og gengi íslensku krónunnar mun lækka að meðaltali um fimm prósent á ári næstu tæpu þrjú árin gangi hagspá greiningardeildar Arion banka fyrir árin 2012-2014 eftir. Hún var kynnt á morgunverðarfundi í gær.

Í hagspánni, sem ber nafnið „Hagvöxtur í skjóli hafta“, segir meðal annars að hagvöxtur verði keyrður áfram af einkaneyslu og fjárfestingu á tímabilinu. Að mati greiningardeildarinnar hefur hrein staða þjóðarbúsins batnað en óvissa ríkir um sjálfbærni vaxtar til lengri tíma.

Greiningardeildin telur hins vegar að verðbólga muni haldast há út árið 2014 og að hún verði yfir sex prósent allt tímabilið. Ástæðurnar er að finna í veikara gengi og hækkun á launum og fasteignaverði. Þá kemur fram í hagspánni að höfundar hennar telja að stýrivextir Seðlabankans muni hækka um 1,75 prósent fram til loka árs 2013 og að gengi krónunnar muni lækka um að meðaltali fimm prósent á ári á spátímabilinu öllu. **-þsj**

ÁRSFUNDUR EFTIRLAUNASJÓÐS FÍA

**Ársfundur Eftirlaunasjóðs FÍA verður haldinn fimmtudaginn 24. maí, kl. 14.00 í Grjótsnesi, Hlíðarsmára 8, Kópavogi.**

Dagskrá fundarins fer eftir samþykktum sjóðsins og 30. gr. laga nr. 129/1997 um starfsemi lífeyrissjóða.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt.

Ársfundargögn má nálgast í Hlíðarsmára 8, á vefsíðu sjóðsins, www.efia.is og í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

FÍA Eftirlaunasjóður

# Fá 16 prósenta afslátt af íslenskum eignum

**Um 42 milljarðar króna hafa komið inn í landið á grundvelli fjárfestingaleiðar Seðlabankans. Þorri þeirra sem tekið hafa þátt í henni er erlend móðurfélög íslenskra félaga. Þau fjárfesta langmest í hlutabréfum og skuldabréfum.**

Þeir sem hafa komið með fé inn í landið á grundvelli fjárfestingaleiðar Seðlabanka Íslands hafa fengið um 16 prósenta afslátt á þeim eignum sem þeir hafa keypt fyrir féð. Alls hafa komið um 42 milljarðar króna inn í landið í gegnum leiðina í þremur útboðum. Stærstur hluti þátttakendanna er erlend móðurfélög innlendra félaga.

Alls hafa komið inn um 211 milljónir evra í gegnum fjárfestingaleiðina svokölluðu í þremur gjaldeyrisútboðum sem fram hafa farið á þessu ári. Hún gengur þannig fyrir sig að áhugasamir fjárfestar geta flutt fé inn í landið í gegnum gjaldeyrisútboð Seðlabankans gegn því að þeir skuldbindi sig til að fjárfesta fyrir jafnháa upphæð í erlendum gjaldeyri og bindi fjárfestinguna á Íslandi í fimm ár hið minnsta.

Sá helmingur fjárfestingarinnar sem kemur inn í landið í gegnum gjaldeyrisútboðin fæst á útboðsgengi Seðlabankans, en samkvæmt því greiðir bankinn 238,8 krónur fyrir hverja evru. Rúmlega 105 milljónir evra komu inn í landið á útboðunum þremur. Virði þeirra í íslenskum krónum er því um 25 milljarðar króna. Fjárfestarnir fá því um 32 prósenta virðisaukningu ofan á þá upphæð sem þeir komu með inn í gegnum fjárfestingaleiðina.

Hinum helmingnum sem fjárfestarnir verða að koma með inn þurfa þeir að skipta í íslenskar krónur á opinberu gengi Seðlabankans. Samkvæmt því fást 162,4 krónur fyrir hverja evru. Þær 105 milljónir evra sem komu inn í landið til viðbótar við þær sem komu inn í gegnum gjaldeyrisútboðin eru því um 17 milljarða króna virði. Samtals nema því fjárfestingar á grundvelli fjárfestingaleiðarinnar um 42 milljörðum króna.

Heildarafslátturinn sem þátttakendur í þessari leið fá af íslenskum fjárfestingum er því um 16 prósent.

Í tilkynningu sem Seðlabankinn birti í gær um niðurstöður gjaldeyrisútboða kom fram að um 60 prósentum þeirrar upphæðar sem komið hefði inn í landið í gegnum fjárfestingaleiðina hefði verið varið til kaupa á hlutabréfum í íslenskum félögum, 29 prósentum hennar í kaup á skuldabréfum, tíu prósentum í kaup á fasteignum og einu prósenti í fjárfestingar í verðbréfasjóðum.

Í tilkynningunni stendur síðan orðrétt: „Fjárfestingar í fasteignum eru í flestum tilvikum smáar og framkvæmdar af íslenskum einstaklingum sem búa erlendis og/eða hyggja á heimflutning. Stærstu fjárfestingarnar í hlutabréfum og skuldabréfum eru erlendra móðurfélaga innlendra félaga. Enn fremur er nokkuð um fjárfestingar erlendra aðila í nýstofnuðum hlutafélögum.“

**thordur@frettabladid.is**



**HÖFT** Alls hefur Seðlabankinn tekið 95 tilboðum í gegnum fjárfestingaleiðina. Már Guðmundsson er seðlabankastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Þátttaka með aflandskrónur hverfandi

Þegar fjárfestingaleiðin var kynnt í nóvember 2011 sagði Már Guðmundsson seðlabankastjóri á blaðamannafundi að „í stuttu máli erum við núna að opna leið fyrir hinar svokölluðu aflandskrónur[...] til að koma inn í innlent efnahagslíf.“ Í tilkynningu Seðlabankans í gær segir hins vegar að „þátttaka í fjárfestingaleiðinni með svonefndar aflandskrónur hefur verið hverfandi.“ Már bendir á að eigendur aflandskróna, sem hafi átt þær samfellt frá 28. nóvember 2008 þegar gjaldeyrishöftin voru sett á, geti óskað eftir undanþágu til að flytja þær inn eftir sömu forsendum og gilda í fjárfestingaleiðinni án þess að binda þær í ákveðnum fjárfestingum. Því hafi mikið af aflandskrónum komið inn í landið. „Þeir sem eiga aflandskrónur og höfðu eignast þær fyrir hrun geta flutt þær beint inn án þess að taka þátt í útboðunum. En að þær hafi farið í beina fjárfestingu, það er hverfandi og hefur verið mjög lítið.“

Rætt hefur verið um að koma á fót sameiginlegri hagdeild atvinnulífsins:

# Hagsmunafélög ræða nánara samstarf

**ATVINNULÍFIÐ** Hagsmunasamtök atvinnulífsins hafa rætt óformlega um nánara samstarf sín á milli. Starfsemi hagsmunasamtaka atvinnurekenda er nokkuð umfangsmikil og er vonast eftir því að nánara samstarfi geti fylgt aukið hagræði.

„Þetta er enn á óformlegu frumstigi en menn eru að velta fyrir sér hvort hægt sé að sinna þessu hlutverki öðruvísi eða betur. Það eru margir aðilar í þessu og ekki allir með á hreinu hver gerir hvað þannig að menn eru að þreifa hver á öðrum um mögulega nánara samstarf,“ segir Hreggviður Jónsson, formaður Viðskiptaráðs.

Vilmundur Jósefsson, formaður Samtaka atvinnulífsins (SA), segir að óformlegar viðræður hafi átt sér stað en þær séu skammt á veg komnar. „Menn hafa velt fyrir sér hvort betra sé að vinna saman að ákveðnum málum og þá sérstaklega efnahags- og greiningarmálum. Það gæti þá átt sér stað í einhvers konar hagdeild atvinnulífsins. En svo er auðvitað spurningin hvort slíkt samstarf myndi kosta meira en núverandi starfsemi en því megum ekki við,“ segir Vilmundur.



**VILMUNDUR JÓSEFSSSON**



**HREGGVIÐUR JÓNSSON**

Starfsemi hagsmunasamtaka atvinnulífsins er nokkuð umfangsmikil. Þannig eru 18 starfsmenn á skrifstofu SA samkvæmt vefsíðu þeirra en SA eru heildarsamtök íslenskra atvinnurekenda. Þá starfa samanlagt 48 til viðbótar á skrifstofum sjö aðildarfélaga samtakanna samkvæmt vefsíðum þeirra.

Auk SA vinnur Viðskiptaráð að hagsmunum og bættu starfsumhverfi atvinnulífsins. Þá eru nokkur önnur samtök starfandi sem vinna að hagsmunum ákveðinna kima atvinnulífsins og má í því samhengi nefna Félag atvinnurekenda og Bílgreinasambandið.

Á skrifstofu Viðskiptaráðs starfa 8 starfsmenn samkvæmt vefsíðum ráðsins. Þá starfa 3 á skrifstofu Félags atvinnurekenda og 2 á skrifstofu Bílgreinasambandsins. **- mþl**

# Stigar og tröppur til allra verka

# MÚRBÚÐARVERÐ

**Uppfyllir EN-131 staðalinn**



HLA-205
Áltrappa 5 þrep, tvöföld
## 5.990,-
4 þrepa **4.990,-**
6 þrepa **6.990,-**



LLA-211
PRO álstigi/trappa
2x11 þrep
3,11-5,34 m
## 14.990



LLA-112
Álstigi 12 þrep 3,38 m
## 7.390,-
10 þrepa **6.990,-**



**Alvöru græja!**

PRO álstigi 2x12 þrep
3,61-6,4 m
## 25.990,-



CLA-403p
Fjölnota trappa
stigi/pallur 4x3 þrep
## 13.990,-
pallur fylgir



LLA-308
PRO álstigi 3x8 þrep
2,27-5,05 m
## 16.990,-
3x7 þrepa **15.990,-**



Áltrappa 4 þrep
## 4.490,-
Ath. margar stærðir



AOB4-206
Fjölnota pallur/trappa/
sigi 2x6 þrep
## 16.990,-
pallur fylgir

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Klettháls 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Akureyri** | Furuvöllum 15. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |
| **Húsavík** | Garðarsbraut 50. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Vestmannaeyjar** | Flötum 29. | Opið virka daga kl. 8-18 |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*
*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

# skoðun

greinar@frettabladid.is

## Fyrirtæki og flokkar trassa að skila ársreikningum á réttum tíma:

# Vondar fyrirmyndir á Alþingi

Vanskil ársreikninga til réttra yfirvalda virðast landlægur vandi á Íslandi. Fréttablaðið sagði frá því á þriðjudaginn að vel á fjórða þúsund félaga hefðu ekki skilað ársreikningi fyrir árið 2010 til ríkisskattstjóra, eins og þeim ber lögum samkvæmt. Málum sex félaga hefur verið vísað til skattrannsóknarstjóra af þessum völdum.

Þetta er vandamál af mörgum ástæðum. Skattayfirvöld geta ekki haft nauðsynlegt eftirlit með því að fyrirtækin standi skil á sköttum og skyldum. Trassaskapurinn kemur sömuleiðis niður á gegnsæi í viðskiptalífinu; um eignarhald, umsvif, skuldastöðu og margt annað.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Að skila ekki ársreikningi á réttum tíma er að sjálfsögðu klárt brot á lögum, sem Alþingi hefur sett. Enda setti þingið í lögin um ársreikninga ákvæði um viðurlög í formi fésekta.

En hvernig fyrirmynd eru þá stjórnmálaflokkarnir, sem stóðu að því að setja lögin? Í fyrradag kom út skýrsla Ríkisendurskoðunar um starfsemina á síðasta ári. Í formála að henni gagnrýnir Sveinn Arason ríkisendurskoðandi stjórnmálaflokkana harðlega fyrir að skila ekki ársreikningum sínum til Ríkisendurskoðunar á réttum tíma.

„Ítrekað kemur fyrir að flokkar og frambjóðendur skila ekki upplýsingum til stofnunarinnar innan settra tímafresta. Til dæmis höfðu fjórir flokkar ekki skilað reikningum sínum vegna ársins 2010 fyrir 1. október 2011. Ég tel ámælisvert að flokkar sem eiga fulltrúa á Alþingi skuli ekki virða þau tímamörk sem þingið hefur sjálft sett þeim með lögum," segir ríkisendurskoðandi.

Þetta er alveg laukrétt hjá Sveini Arasyni. Lögin um fjárreiður stjórnmálaflokka voru samþykkt með öllum greiddum atkvæðum á Alþingi, af þingmönnum allra flokka sem þá áttu þar sæti. Í þeim eru svipuð ákvæði og í lögunum um ársreikninga, um að lagðar skuli fésektir á þá sem uppfylla ekki skilyrði þeirra. Þingmenn eru formenn flestra flokkanna og bera ábyrgð á starfsemi þeirra. Af hverju ætli þeim þyki svona erfitt að fara eftir lögum sem þeir settu sjálfir?

Auðvitað hefur ekki staðið á afsökunum og útskýringum þegar spurt hefur verið af hverju flokkar skili ekki ársreikningum á réttum tíma. Annir, handvömm, erfitt að safna saman upplýsingunum. Þetta eru sömu afsakanirnar og koma frá fyrirtækjum sem einhverra hluta vegna lenda í fréttum fyrir að skila ekki reikningum.

Grundvallarspurningin er auðvitað þessi: Hvernig í ósköpunum geta alþingismenn ætlazt til þess að aðrir fari eftir lögum sem Alþingi setur ef þeir treysta sér ekki til þess sjálfir? Stjórnmálaflokkarnir þurfa að hysja upp um sig og koma þessum málum í lag.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Létt skotið

„Yfirleitt hafa stofnanir tekið vel í ábendingar Ríkisendurskoðunar um innkaupamál en þó eru undantekningar á því." Svo segir í formála Sveins Arasonar ríkisendurskoðanda að nýútkominni ársskýrslu stofnunarinnar. Þarna er Sveinn augljóslega að vísa til þess þegar Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri brást hinn allra versti við gagnrýni Sveins á viðskipti lögreglunnar við fyrirtæki starfsmanna sinna í fyrra. Sveinn er hófstilltur embættismaður og skotið ber þess merki.



### Áreiti

Síðar í sama formála segir: „Vera má að einhverjum ráðuneytum finnist nóg um og að áreiti af hendi stofnunarinnar sé of mikið." Þetta er líka yfirmáta kurteisleg gagnrýni á viðbrögð stjórnsýslunnar við sjálfsagðri eftirgrennslan og aðfinnslum aðhaldsstofnunar á borð við Ríkisendurskoðun. Það væri gaman að vita hvaða ráðuneyti hafa kvartað yfir slíku „áreiti".

### Jörð til sölu

Ögmundur Jónasson er ekki par hrifinn af því að íslensk stjórnvöld ætli að hleypa kínverska auðmanninum Huang Nubo upp á Grímsstaði á Fjöllum. Það hefur verið guði og mönnum ljóst um nokkurt skeið. Á vefsíðu sinni lýsir hann því að jörðin liggi að „viðkvæmum og afar verðmætum ferðamannastöðum", sem er ekki ástæða til að efast um, og veltir fyrir sér hvernig Ísland verði „eftir að auðkýfingar hafa keypt það allt upp?" Ögmundur hrekkur örugglega í kút þegar hann áttar sig á því að ríkið býður nú til sölu hluta jarðarinnar Hólssels, sem gæti þess vegna fallið evrópskum auðkýfingum í skaut. Hólssel er einmitt næsta jörð við Grímsstaði.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Um smálán

Fjármál



Árni Páll Árnason
alþingismaður

Allt frá því að smálánafyrirtæki hófu innreið sína á íslenskan lánamarkað höfum við leitað leiða til að koma böndum á starfsemi þeirra og skapa henni eðlileg mörk. Í fyrra lagði ég fram frumvarp þess efnis, sem dagaði uppi á Alþingi. Þá hófst í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu undirbúningur að því að regla starfsemi smálánafyrirtækjanna innan ramma nýrra laga um neytendalán, eins og nú er lagt til í nýju frumvarpi.

Það er mikilvægt að muna hvers vegna ástæða er til að setja hömlur á umsvif smálánafyrirtækja. Lærdómur okkar af nýafstöðnu hruni og útlánabólu í aðdraganda þess á að vera sá að við krefjum fjármálafyrirtæki um ábyrga viðskiptahætti. Við viljum ekki að fólk sé hvatt til ofskuldsetningar. Við viljum að lán séu einungis veitt þeim sem gerir sér glögga grein fyrir ábyrgðinni sem í lántökunni felst og að vaxtakjör og skilmálar séu öllum ljósir. Við vitum nefnilega af fenginni reynslu að lán getur verið bölvað ólán.

Smálánafyrirtækin gera ekkert af þessu. Þau lána ekki til verðmætamyndunar, heldur til að bjarga neysluþörf fyrir horn. Lánað er til stutts tíma með gríðarlegum okurvöxtum. Ekki er kannaður bakgrunnur lántaka og í auglýsingum er lögð áhersla á einfaldleika og tafarlausa afgreiðslu allan sólarhringinn. Beint er þannig höfðað til þeirra sem ekki hafa forsendur til að meta afleiðingar lántökunnar og til þeirra sem eru orðnir uppiskroppa með skotsilfur á öldurhúsi um miðja nótt. Hámarksupphæð sem veitt er að láni í hvert skipti er svo lág að allar líkur eru á að foreldrar og aðstandendur hlaupi undir bagga með skuldurum, ef þeir eru ekki í færum til að standa skil á okurvöxtunum. Þannig getur svikamyllan haldið áfram.

> Hámarksupphæð sem veitt er að láni í hvert skipti er svo lág að allar líkur eru á að foreldrar og aðstandendur hlaupi undir bagga...

Nú reynir á að Alþingi stemmi þessa á að ósi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Tveir og hálfur milljarður í sérstakar vaxtaniðurgreiðslur – það munar um minna

Fjármál



Oddný G. Harðardóttir
fjármálaráðherra



Steingrímur J. Sigfússon
efnahags- og viðskiptaráðherra

Tugþúsundir húseigenda um allt land fengu fjármuni frá ríkissjóði inn á bankareikninga sína nú um síðustu mánaðamót. Mörgum í þeim hópi hefur eflaust komið þetta ánægjulega á óvart. Eðli málsins samkvæmt er fólk vanara því að meira fari út af reikningunum vegna íbúðarlána en að eitthvað skili sér inn á þá.

Hvaða greiðsla er þetta? Hverjir fengu hana og hvers vegna? Hér er um að ræða greiðslu frá ríkissjóði Íslands til fasteignaeigenda í formi sérstakra vaxtaniðurgreiðslna vegna áhvílandi lána á íbúðarhúsnæði viðkomandi. Ríkissjóður greiddi að þessu sinni alls 2.648 milljarða króna og fengu 90.477 húseigendur sérstaka vaxtaniðurgreiðslu að þessu sinni. Meðalgreiðsla á mann var tæpar 30.000 krónur og um var að ræða helming áætlaðrar niðurgreiðslu ársins. Við útreikning á fyrirframgreiðslunni 1. maí 2012 var höfð hliðsjón af skattframtali 2012 og fyrirliggjandi upplýsingum um tekjur, eignir og skuldir. Hinn helmingur niðurgreiðslunnar verður greiddur út til húseigenda við álagningu opinberra gjalda þann 1. ágúst næstkomandi.

Á sama tíma í fyrra nam heildargreiðsla ríkissjóðs til sérstakrar vaxtaniðurgreiðslu alls 2,9 milljörðum króna og var greitt út til 96.812 heimila. Ástæða þess að fleiri fengu sambærilega greiðslu á síðasta ári en nú og hærri fjárhæð er að þá var stofninn sem skapar rétt til greiðslna hærri. Með öðrum orðum; lægri fjárhæð nú og færri móttakendur endurspeglar lækkun skulda og/eða aukna eignamyndun heimila. Staða húseigenda með áhvílandi lán hefur sem sagt batnað.

Sérstaka vaxtaniðurgreiðslan er nefnilega 0,6% af skuldum vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota eins og þær eru í árslok 2010 og 2011 samkvæmt skattframtölum 2011 og 2012. Greiðslan getur að hámarki orðið 200.000 kr. hjá einhleypingi og 300.000 kr. hjá hjónum, sambúðarfólki og einstæðum foreldrum. Vaxtaniðurgreiðslan er ekki tekjutengd en skerðist ef hrein eign (eignir að frádregnum skuldum) fer umfram ákveðin mörk. Þessi mörk byrja hjá einstaklingi við nettóeign 10.000.000 kr. og fellur niður þegar eignin nær 20.000.000 kr. Skerðing hjá hjónum, sambúðarfólki og einstæðum foreldrum byrjar við nettóeign 15.000.000 kr. og fellur niður þegar eignin nær 30.000.000 kr. Þess má líka geta að þessi sérstaka vaxtaniðurgreiðsla sem um ræðir telst ekki til skattskyldra tekna þess sem hana fær.

Vaxtaniðurgreiðslan er hrein viðbót við hefðbundnar vaxtabætur sem ríkissjóður greiðir og hefur gert lengi. Þær voru reyndar hækkaðar um á þriðja milljarð króna á fyrrihluta árs 2009 og hefur sú hækkun haldist síðan. Ríkið hefur því varið um eða yfir 18 milljörðum króna í vaxtabætur og í sérstaka vaxtaniðurgreiðslu árlega á árunum 2011 og 2012. Það er nálægt þriðjungur af öllum vaxtakostnaði heimilanna vegna íbúðarlána. Í kjölfar hinnar miklu niðursveiflu í kjölfar efnahagshrunsins, myndaðist mikil gjá á milli greiðslubyrði og greiðslugetu heimilanna í landinu sem flestir, ef ekki allir, fundu fyrir. Stjórnvöld hafa glímt við þann vanda sem þá skapaðist með margvíslegum hætti og ávallt haft að leiðarljósi að aðstoða eftir föngum þá sem mesta hafa þörfina, en með aðferðum sem ekki yrðu ríkissjóði ofviða.

Fjölmargar leiðir hafa verið farnar með þetta markmið að leiðarljósi. Fjölmennur hópur hefur nýtt sér greiðslujöfnun, lán hafa verið afskrifuð hjá um fimmtungi heimila í landinu, komið var í veg fyrir að fólk missti heimili sín vegna vanskila eða nauðungarsölu, lán voru fryst og heimilum með slík lán auðveldað að fara í skuldaaðlögun. Á seinni stigum aðstoðaði embætti Umboðsmanns skuldara heimili við að endurskipuleggja lán sín við lánardrottna sína. Til að hraða ferlinu við endurskipulagningu skulda heimilanna var gripið til 110 prósenta leiðarinnar en með henni eru afskrifuð lán af yfirveðsettum eignum niður að 110 prósenta markinu. Þá má nefna sértæka skuldaaðlögun sem miðar að því að laga greiðslubyrði að greiðslugetu. Til að gæta samræmis og sanngirni í þessum málum, starfar á vegum efnahags- og viðskiptaráðuneytis sérstök nefnd með víðtækt umboð, svokölluð eftirlitsnefnd um sértæka skuldaaðlögun. Um þessar og fleiri aðgerðir í þágu heimilanna má meðal annars lesa í nýútkominni skýrslu AGS. Í skýrslunni segir efnislega að hér á landi hafi tekist að afstýra fjöldanauðungarsölum íslenskra heimila með tímabundnum greiðslufresti og samræmdum aðgerðum til að finna varanlegar lausnir fyrir heimili í skuldavanda. Það hefur verið gert með því að lækka skuldir heimilanna og draga úr greiðslubyrði þeirra.

Vaxtabætur og umræddar sérstakar vaxtaniðurgreiðslur, sem greiddar voru út að helmingi nú um síðastliðin mánaðamót, eru því í fullkomnu samræmi við yfirlýst markmið núverandi ríkisstjórnar um að styðja við heimilin í landinu. Þær eru hluti víðtækra aðgerða sem óumdeilanlega skipta máli og hafa hjálpað í glímunni við þann þungbæra vanda sem hrunið skóp skuldsettum heimilum. Þeirri glímu er engan veginn lokið og skuldsett heimili munu áfram þurfa á stuðningi að halda. Áframhaldandi efnahagsbati og hagvöxtur, aukin atvinna og vaxandi kaupmáttur munu hins vegar gera eftirleikinn auðveldari fyrir okkur og tryggja öruggari afkomu allra heimila í landinu.

> Í skýrslunni segir efnislega að hér á landi hafi tekist að afstýra fjöldanauðungarsölum íslenskra heimila með tímabundnum greiðslufresti og samræmdum aðgerðum til að finna varanlegar lausnir fyrir heimili í skuldavanda.

# Best í heimi

Menntamál



Heiða Sigurjónsdóttir
deildarstjóri í leikskólanum Jörfa

Þegar ég reyndi að sigrast á nánast óyfirstíganlegu þvottafjalli heima hjá mér fór ég að hugsa. Ég er ótrúlega heppin. Þrátt fyrir allt er ég í besta starfinu, ég er leikskólakennari.

Þegar ég horfi framhjá launum og aðbúnaði og lít að kjarna málsins fullyrði ég að mitt starf er best í heimi, meira að segja betra í heimi en Ísland. Ég fæ að hlúa að og eiga samskipti við 18 dásamleg börn, frábæru foreldrana þeirra og yndislega starfsfólkið mitt fimm daga vikunnar.

Það er ástæða fyrir því að ég kalla þessi börn gjarnan börnin mín. Mér finnst ég eiga pínulítið í hverju og einu þeirra. Ég veit hvaða börn vilja alltaf vera á tásunum og ég veit hvaða börn vilja alltaf sjá fiskfatið til að fullvissa sig um að maturinn sé búinn. Ég veit líka hvernig ég á að hugga börnin og ná til þeirra, þau vilja nefnilega ekki öll sömu nálgun. Ég þekki þau og þau þekkja mig. Þetta eru forréttindi.

Í síðustu viku var opið hús í leikskólanum mínum. Ég fyllist alltaf gríðarlegu stolti og er ótrúlega meyr þegar ég horfi á flottu börnin mín sýna foreldrum og öðrum gestum þeirra verkin og ljósmyndirnar sem tilheyra þeim eftir veturinn. Við erum nefnilega flott. Við vinnum flott starf, börnin mín, ég og starfsfólkið mitt.

Um daginn sagði einn lítill drengur við mig: „Heiða, ég elska alltaf þig“.

Er hægt að biðja um betra starf? Ég held ekki.




Linsan 40 ára

Sýning á gleraugum frá Alain Mikli og Philippe Starck

fimmtudag, föstudag og laugardag
Einstök ný hönnun og fallegir litir
20% afmælisafsláttur af umgjörðum

Komdu - Mátaðu - Upplifðu

LINSAN
Aðalstræti 9 • 551 5055


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BÓNUS Kjúklingur
Bringur
1979 KR.KG
KJÚKLINGABRINGUR
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
729 KR. KG
BÓNUS FULLELDAÐUR KJÚKLINGUR
TILBÚIN MATVARA ÞARF AÐEINS AÐ HITA
BÓNUS BUFFALO VÆNGIR
800 GRÖMM
398 KR. 800 GR
398 KR. 700 GR
PINK LADY EPLI PÖKKUÐ
íslenskt grænmeti
ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR
459 KR. 1 KG.
ÍSLENSKIR TÓMATAR 1. KG PAKKAÐIR
BÓNUS BUFFALO LEGGIR
800 GRÖMM
598 KR. 800 GR
195 KR. 2 STK.
TVÖ FERSK FUJI EPLI
275 KR. KG
SÆTAR KARTÖFLUR
359 KR.200 GR
BÓNUS SPÍNAT
FERSKT FRÁ SPÁNI
159 KR. 280 GR
FERSKUR MAIS-STÖNGULL Á GRILLIÐ
59 KR. KG
HOLLENSKUR LAUKUR Í LAUSU !
179 KR. KG
GUL MELÓNA
179 KR. KG
RAUÐ VATNSMELÓNA
79 KR. KG
HOLLENSKT HVÍTKÁL
69 KR. KG
RAUÐRÓFUR
79 KR. KG
HOLLENSKT RAUÐKÁL
pepsi
pepsi MAX
195 KR. 2 LTR.
Fanta
179 KR. 2 LTR.
Isotonic sport tropical
Isotonic sport summer berries
Isotonic sport orange
139 KR. 500 ML
EUROSHOPPER
SPORTDRYKKIR 500 ML.
HREINN ÁVAXTASAFI
ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR
BÓNUS
159 KR. 3 FERN.
APPELSÍNU OG ELPLASAFI
3 FERNUR: 250 ML.
VANILLA FLAVOURED ICE CREAM CONES x8
498 KR. 8 STK.
EUROSHOPPER
ÍSTOPPAR 8 X 120 ML.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
PYLSU OG HAMBORGARAVEISLAN
BYRJAR Í BÓNUS
359 KR. 480 G
10 STK. BÓNUS PYLSUR
198 KR. 240 G
5 STK. BÓNUS PYLSUR
159 KR. 5 STK.
BÓNUS PYLSUBRAUÐ
639 KR. 560 G
SS VÍNARPYLSUR 10 STK.
198 KR. 450 G
BÓNUS SINNEP
198 KR. 400 G
BÓNUS REMÓLAÐI
198 KR. 680 G
HUNTS TÓMATSÓSA
98 KR. 200 G
EUROSHOPPER
STEIKTUR LAUKUR
498 KR. 550 G
HOLTA 10 STK.
KJÚKLINGAPYLSUR
PYLSA MEÐ REMÓLAÐI, SINNEPI, TÓMAT OG STEIKTUM. HEFURÐU VITAÐ ÞAÐ BETRA ?
100% NAUTAKJÖT
398 KR. 2 STK.
ÍSLANDSNAUT FERSKIR 2 X 140 GR.
UNGNAUTA -HAMBORGARAR
229 KR. 612 ML
HUNTS GRILL SÓSA
HONEY MUSTARD
229 KR. 612 ML
HUNTS ORGINAL
BARBECUE SAUCE
498 KR. GLASIÐ
SALT 136G & PIPAR 70G
MEÐ KVÖRN Í TAPPANUM
GÓÐ KAUP
BÓNUS borgarar
10 stk. x 120 g
1598 KR. PK.
FROSNIR NAUTAHAMBORGARAR
10 STK X 120 GR.
FROSNIR
AÐEINS 170 KR. STK
1698 KR. 10 STK.
10 STK. STÓRIR 120 GR.
NAUTAHAMBORGARAR
X-Large HAMBORGARA BRAUÐ
159 KR. 4 STK.
BÓNUS STÓR
HAMBORGARABRAUÐ
FISK-BORGARAR
FROSNIR FISKBORGARAR 6 STK / 120G
598 KR. 6 STK.
FROSNIR 6 X 120 GR
FISKBORGARAR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# Af hverju látum við ekki útgerðarmennina sjálfa ákveða hæfilegt veiðigjald?

Sjávarútvegur

Jónas Guðmundsson
hagfræðingur



Útvegsmannafélagið beinir því í auglýsingum til sveitarstjórna að leggjast gegn kvótafrumvörpum ríkisstjórnarinnar. Áskorunin snýst um að verja óbreytt fiskveiðistjórnunarkerfi.

Útvegsmannafélagið ætti fremur að beina þeirri spurningu til sveitarfélaga víða um land, sérstaklega þorpa og bæja á Vestfjörðum, hvort kvótakerfið hafi reynst þéttbýlistöðunum vel eða illa.

Ein vísbending um gott gengi eru flutningar fólks til og frá stöðunum. Gefa þeir tilefni til að halda í óbreytt kerfi um fiskveiðar, grunnatvinnuveginn í þessum dreifðu byggðum landsins? „Þorpið er að þurrkast út,“ syngja popparanir.

Nýjasta slagorðið í kvótaumræðunni hljóðar eitthvað á þá leið að með breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu eigi að „aumingjavæða landsbyggðina“. Í hvaða skilningi ætli það sé? Er verið að bjóða óverðugu fólki til leiks í veiðum og vinnslu? Eða er átt við að aðstaða fólks verði jöfnuð um of – að arðurinn af fiskveiðunum muni ekki lengur safnast upp hjá fámennum og lokuðum hópi útgerðarmanna, sem hingað til hafi þó altént getað haldið stöðunum uppi, látið hlutina gerast? En ætli það sé reyndin?

Kom það ekki fram að kvótinn á Flateyri hafi farið til húsnæðisbrasks í Berlín? Ætli íbúar þorpsins hafi fyllst vellíðan að vita af því?

Ætli það væri ekki affarasælla að arðurinn af fiskveiðunum gengi til almannaheilla, til fjárfestinga í innviðum samfélaganna um landið, til uppbyggingar samgönguleiða og þjónustu, eða til nýsköpunarstarfs? Til fjárfestingar í fólki og samfélagi þess?

Skilaboð LÍÚ og undirfélaga virðast hins vegar ganga út á að hræða endanlega líftóruna úr fólkinu: þótt gengið hafi misjafnlega þá muni bara ganga enn verr ef hróflað verður við sérhagsmunasniðnu fiskveiðistjórnarkerfi undanfarins aldarfjórðungs.

Hitt er svo annað mál að þeim röddum fjölgar sem finnst ekki nógu langt gengið til breytinga með þeim frumvörpum sem fyrir liggja. Að með þeim séu forréttindi fárra í raun tryggð í marga áratugi, ef ekki til eilífðar. Að þar sé ekki gert ráð fyrir hlutlausum mælikvarða til að meta þau gæði sem einstaklingum er úthlutað. Með markaðsviðskiptum innan hvers svæðis myndu þeir sem stunda eða vilja stunda útgerðina sjálfir ákveða hvað þeir treysta sér til að greiða mikið til samfélagsins fyrir kvótann. Hvers vegna ekki?

Kannski er best að fresta breytingum þar til hægt er að gera þær almennilega, með fullu endurgjaldi.

# Lítill ávinningur af skimun fyrir ristilkrabbameini

Heilbrigðismál

Jóhann Ágúst Sigurðsson
prófessor í heimilislæknisfræði við HÍ



Árangur af skimun fyrir ristilkrabbameini er lítill séð frá lýðheilsusjónarmiði. Nýjar rannsóknir hafa sýnt að þrátt fyrir tilboð um skimun í 10 ár og 18 ára eftirfylgni 380 þúsund einstaklinga, hefur ekki orðið lækkun í heildardánartíðni skimunarhóps borið saman við viðmiðunarhópa. Hins vegar var hægt að lækka dánartíðni af völdum ristilkrabbameins um 15% hjá þeim sem fengu tilboð um skimun með því að leita að duldu blóði í hægðum annað hvert ár í 10 ár (Hewitson et al. The Cochrane Library 2011). Það er því ekki með fullri vissu hægt að segja að skimunin bjargi mannslífum. Sú kaldhæðnislega staðreynd blasir við að við getum þá valið úr hvaða sjúkdómi við deyjum, en ekki hvenær.

Það eru margvíslegar skýringar á því af hverju heildardánartíðnin lækkar ekki. Nýlega var sýnt fram á að árangur af skimun var ofmetinn, tölfræðilega er það afar lítill hópur af heildinni sem deyr af ristilkrabbameini (og þar með ómarktækur), margir eru orðnir almennt veikir og deyja þá af öðrum sjúkdómum í staðinn og sumum farnast verr við að fá sjúkdómsgreininguna




„krabbamein“ samanber nýjustu rannsóknir Unnar Valdimarsdóttur og félaga sem birtist í New England Journal of Medicine, 2012.

Í nýlegri rannsókn (apríl 2012) skoðuðum við árangur af skimun út frá lýðheilsusjónarmiði á Norðurlöndunum (Sigurdsson JA et al. J Eval Clin Pract 2012, online). Sem dæmi er tekið að við bjóðum öllum einstaklingum á aldrinum 55 til 75 ára skimun fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi með leit að duldu blóði í hægðum annað hvert ár í 10 ár. Að 10 árum liðnum mun sá hluti hópsins sem er á aldrinum 65-74 ára hafa uppfyllt skilyrðin um tilboð í 10 ár og þá náð mesta árangri skimunar sem er 15% lækkun á dánartíðni af völdum ristilkrabbameins. Hins vegar er þessi árangur innan við 1% lækkun á dánartíðni ótímabærs dauða (premature death) miðað við allt annað sem fólk deyr af á þessum aldri (sjá mynd). Jafnframt er rétt að taka fram að áðurnefndar skimunaraðferðir miðast við hægðaprufur annað hvert ár og ekki hægt að framreikna árangur af skimuninni eftir að viðkomandi tilheyrir ekki lengur þeim hópi sem er boðaður í skimunina.

Rætt hefur verið um að taka beri upp kerfisbundna skimun fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi hér á landi og fyrir liggur þingsályktunartillaga frá Alþingi um slíka skimun. Þær nýju niðurstöður sem nú liggja fyrir gefa því tilefni til að endurskoða þessa afstöðu einkum með tilliti til forgangsröðunar forvarna. Í því samhengi er rétt að benda á að af þeim 99% sem hafa ekkert gagn af skimun fyrir ristilkrabbameini sbr. meðfylgjandi mynd, deyja yfir 50% af sjúkdómum sem tengjast reykingum.

# Brandarinn um Boot Camp

Skipulagsmál

Sóley Tómasdóttir
borgarfulltrúi



Torfi Hjartarson
fulltrúi VG í skipulagsráði



Forsvarsmanni líkamsræktarstöðvar Boot Camp sem ætlunin er að taki til starfa í Elliðaárdal finnst sprenghlægileg sú hugmynd að starfsemin minni með einhverju móti á herþjálfun eða herbúðir. Heimdellingar rjúka upp til handa og fóta en taka svolítið annan pól í hæðina, þeim finnst það himinhrópandi firring, að Vinstri græn skuli fetta fingur út í svona líkamsrækt sem aðrar þjóðir og voldugri en við Íslendingar hafa notað til að efla heilsu hermanna!

Kveikjan að öllu þessu er bókun sem Vinstri græn lögðu fram á fundi í skipulagsráði Reykjavíkur. Þar var bent á nokkur atriði sem varða almannarými í Elliðaárdal þar sem einstök laxveiðiá fellur til sjávar. Dalurinn býr yfir lifandi náttúru í góðu skjóli og miklum tækifærum til útivistar. Hann býður upp á ríkulega náttúruupplifun inni á milli stórra hverfa þar sem tugþúsundir borgarbúa eiga heimili sín. Í því felast mikil verðmæti.

Í bókuninni er dregið fram óbeinum orðum að ekki hefði átt að leyfa byggingu safns á þessu svæði án þess að hugsa fyrir hagsmunum Reykvíkinga ef til þess kæmi að félag um safnið vildi selja húsið öðrum eins og nú er komið á daginn. Bent er á að borgin hefur nú samt skipulagsvald til að stýra því fyrir hönd almennings hvaða starfsemi fær að leysa safnið af hólmi. Það þarf nefnilega að breyta skipulagi til að fá húsinu nýtt hlutverk og það hlutverk ætti að vera í sátt við fólk, náttúru og sögu. Það er okkar mat að skipulagsráð eigi að leggja höfuðáherslu á að verja dalinn, en ekki stuðla að aukinni starfsemi í dalnum með tilheyrandi umferð og álagi á svæðið.

Í bókuninni er líka gefið til kynna að líkamsrækt með herbúðasniði eigi lítið erindi í dalinn og dregið fram að líkamsræktarstöð á þessum stað fylgi mikil umferð bíla og rík þörf fyrir stæði. Þetta bílakraðak er auðvitað mesta áhyggjuefnið. Engar upplýsingar liggja fyrir um væntanlega umferð tengda starfseminni og lélegar tengingar við almenningssamgöngur eru við svæðið.

Þessi gagnrýni okkar Vinstri grænna þarfnast varla frekari skýringa en til frekari skemmtunar fyrir þá sem hlógu sig hása að þeirri hugmynd að líkamsrækt undir merkjum Boot Camp minni á herbúðir má segja frá því að í ensk-íslenskri orðabók segir klippt og skorið að samsetta orðið boot camp merki æfingabúðir fyrir nýliða í flota eða landgönguliði Bandaríkjanna. Svo má líka rifja upp að fyrirtækið lagði sjálft mikla áherslu á hernaðaryfirbragðið í upphafi en á því virðist hafa orðið töluverð breyting í rétta átt. Það er auðvitað ánægjulegt og jafnvel örlítið broslegt. Aðalatriðið í öllu þessu er nú samt að við Elliðaárnar eigum við fallegan dal fullan af möguleikum og þar þurfum við öll að stíga varlega til jarðar.

# Mér líður ógeðslega illa en fæ ekki tíma hjá geðlækni fyrr en eftir hálft ár

Heilbrigðismál

Ellen Calmon
framkvæmdastjóri ADHD samtakanna



Ég er svo geðveikur þegar ég er í skólanum, ég er bara í skólanum og get ekki gert neitt annað, get ekki átt eðlileg samskipti við fjölskyldu mína, er bara svo svakalega ýktur. Mér líður ógeðslega illa, en næ einhvern veginn ekki að sortera hlutina í hausnum á mér. Ég er að missa fjölskylduna mína frá mér. Ég þarf að bíða í hálft ár eftir tíma hjá geðlækni, geturðu hjálpað mér?

Ofangreind frásögn er dæmi um mann á fertugsaldri með ADHD. Hann er í háskólanámi og leitaði til ADHD samtakanna í von um aðstoð við að komast í meðferð hjá geðlækni. Eftir að vera búinn að hringja í margar geðlæknastofur kom í ljós að enginn átti lausan tíma fyrir hann. Biðin eftir fyrsta viðtali var um 3 mánuðir en biðin eftir að hefja meðferð gat verið allt að hálfu ári. Komist hann ekki að fyrr en eftir hálft ár er hætta á að hann missi fjölskylduna frá sér eða gefist upp á náminu, nema hvort tveggja verði.

> Ekkert af meðferðunum fyrir fullorðna, sem tilgreindar eru í leiðbeiningunum, eru niðurgreiddar, nema meðferðir geðlækna og lyfjameðferðir.

Svona er blákaldur veruleikinn í stöðu geðlæknaþjónustu á Íslandi. Biðtíminn eftir læknisþjónustu er óásættanlegur.

ADHD samtökin bentu honum á að hringja í sem flesta geðlækna, reyna að fá tíma og ef það væri ekki möguleiki láta þá setja sig á biðlista. Ef hann yrði nú svo heppinn að vera kallaður til þyrfti hann að vera reiðubúinn að stökkva til og þiggja tímann. Margir geðlæknar segjast ekki taka við nýjum sjúklingum og aðrir bjóða ekki upp á biðlista. Þá hafa samtökin einnig bent fólki á að leita til bráðamóttöku geðsviðs Landspítalans, í veikri von um þjónustu, sem skýtur skökku við þar sem bráðamóttökunni er vissulega fyrst og fremst ætlað að sinna bráðatilfellum. En hvað á annað að gera, hvert á fólk að leita?

Í marsmánuði síðastliðnum gaf Landlæknisembættið út „Klínískar leiðbeiningar um vinnulag við greiningu og meðferð athyglisbrests og ofvirkni”. Leiðbeiningarnar eru metnaðarfullar og greinargóðar. Þar er talað um að sálfræðileg meðferð geti dregið úr þeirri hömlun sem ADHD einkenni hafa í för með sér og þannig létt á tilfinningalegum vanda og bætt aðlögun. Ráðgjöf um meðferðarmöguleika og viðbrögð til að sporna við truflandi áhrifum, t.d. á nám og atvinnu, er mikilvæg. Þá er einnig talað um ýmsar tegundir meðferða og mikilvægi þess að stunda samþætta meðferð s.s. einstaklingsmeðferð, hugræna atferlismeðferð og hópameðferð.

Ekkert af meðferðunum fyrir fullorðna, sem tilgreindar eru í leiðbeiningunum, eru niðurgreiddar, nema meðferðir geðlækna og lyfjameðferðir. Því er ljóst að innleiðing á vinnulagi þessara leiðbeininga hefur ekki farið fram.

Mikið hefur verið talað um kostnað ríkisins vegna lyfjameðferða fyrir fullorðna einstaklinga með ADHD. Samtökin telja að vel sé hægt að draga úr þeim kostnaði ef önnur meðferðarúrræði yrðu niðurgreidd. Margir með væg ADHD einkenni þyrftu jafnvel aldrei á lyfjagjöf að halda og aðrir kynnu að hætta lyfjameðferð ef annars konar meðferðir, s.s. sálfræðimeðferðir, yrðu niðurgreiddar.

Undirrituð, ásamt formanni stjórnar ADHD samtakanna Björk Þórarinsdóttur, átti góðan fund í velferðarráðuneytinu í lok aprílmánaðar sl. þar sem samtökin óskuðu eftir að fá að taka þátt í vinnuhópi um innleiðingu á verklagi klínísku leiðbeininganna. Þá munu samtökin einnig bjóða Landlækni krafta sína til samvinnu um nánari útfærslur. Vonast er til að niðurstaðan verði sú að íslenska ríkið taki þátt í fjölbreyttari meðferðarúrræðum líkt og lagt er til í leiðbeiningunum.

ADHD samtökin sinna öllum. Engum er vísað frá og biðlistinn er enginn. www.adhd.is.

# Tölvuleikir breyta þér ekki í skrímsli

Samfélagsmál

Bjarki Þór Jónsson

ritstjóri Nörd Norðursins og stundar MA-nám í tölvuleikjafræði og -hönnun við Brunel University í London



Ég rakst á forsíðufrétt á Mbl.is með fyrirsögninni „Spilaði tölvuleik í heilt ár“. Ég var ekki viss um við hverju ég átti að búast, en við nánari athugun kom í ljós að um var að ræða stutta frétt þar sem stiklað var á stóru í lífi norska fjöldamorðingjans á tímabilinu 1995 til 2006, en samkvæmt fréttinni spilaði hann meðal annars tölvuleikinn World of Warcraft daglega í heilt ár. Svo virðist sem tölvuleikjaspilun fjöldamorðingjans hafi stungið meira í augu fréttamannsins en stjórnmálaþátttaka hans, kynni við öfgahópa á borð við alþjóðlegu riddararegluna eða aðrir þættir. Aðrir fjölmiðlar birtu sambærilega grein með svipaðri fyrirsögn, til dæmis notaði Huffington Post í Bretlandi fyrirsögnina „Anders Breivik Played World Of Warcraft 'Full-Time' For A Year“ og fjölmiðlar virðast ekki draga það í efa að Breivik hafi æft skotmiðið með aðstoð fyrstupersónu skotleiksins Call of Duty: Modern Warfare, líkt og hann segir sjálfur.

Þetta er ekki í fyrsta (og ekki síðasta) sinn sem tölvuleikir hafa verið tengdir með beinum eða óbeinum hætti við ofbeldisverk. Of margir fjölmiðlar falla í þá gryfju (viljandi eða óviljandi) að tengja tölvuleikjaspilun beint við ofbeldisfulla hegðun, líkt og ofangreind fyrirsögn fréttarinnar gerir. Hefði ekki verið réttara að benda á öfgafullar skoðanir fjöldamorðingjans í fyrirsögninni í stað þess að minnast á tölvuleikjaspilun hans? Hvað með sjónvarpsefni? Lítil sem engin umfjöllun hefur verið um hvaða sjónvarpsefni hann horfði á, hvaða íþróttum hann var hrifnastur af eða hvernig tónlist hann hlustaði á. Á heildina litið skipta þessir þættir litlu sem engu máli og hjálpa ekki til við að útskýra ofbeldisverkin.

En hvers vegna tengja fjölmiðlar tölvuleikjaspilun oft við ofbeldisfulla hegðun? Má kalla það áróður, fordóma eða einfaldlega vanþekkingu fréttamanna á tölvuleikjum? Fjöldi tölvuleikjaspilara er gífurlegur, eins og fjöldi þeirra sem horfa á hryllingsmyndir eða lesa glæpasögur, en í langflestum tilfellum beina fjölmiðlar spjótum sínum eingöngu að einum miðli; tölvuleikjum.

Samkvæmt tölum frá Entertainment Software Association (ESA) frá því í fyrra eru tölvuleikir spilaðir á 72% bandarískra heimila, Interactive Software Federation of Europe (ISFE) segir að þriðji hver Evrópubúi spili tölvuleiki og samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands eru leikjatölvur til staðar á 40% íslenskra heimila. Ef ofbeldisfullir tölvuleikir myndu breyta fólki í ofbeldismenn ætti tíðni líkamsárása og morða að hækka í takt við aukna tölvuleikjaspilun, en hver sem er getur heimsótt heimasíðu Hagstofu Íslands og séð að engin tengsl er að finna þar á milli. Ofbeldisfullir tölvuleikir breyta fólki hreinlega ekki í morðingja.

Nánast undantekningarlaust eru það ofbeldisfullir tölvuleikir sem eru tengdir við glæpi. En hvað með aðrar tegundir tölvuleikja? Hvað með þá sem spila smáleikinn Angry Birds? Eru þeir að safna saman dauðum fuglum í poka og henda þeim í svínin í Húsdýragarðinum og ásaka þau um eggjastuld? Eða breytast þeir sem hafa spilað bónda- og garðyrkjuleikinn FarmVille á Facebook í sérfræðinga í garðyrkjumálum og eru nú loksins færir um að sinna búskap? Og geta skákmenn ekki hætt að hugsa um hvað þá langar ógurlega að drepa kónga?

Þegar ódæðisverk eru framin stökkva fjölmiðlar á tölvuleikjaspilun líkt og hundur á bein. Tölvuleikjaspilun ódæðismannsins skiptir meira máli en sálræn vandamál hans, kvikmynda- og bókmenntasmekkur, lífsviðhorf, erfið æska eða eitthvað annað – og ekki má gleyma að þetta býður upp á krassandi fyrirsögn fyrir fréttina; „Myrti konuna út af tölvuleik“. Með slíkum fyrirsögnum og órökstuddum tengslum tölvuleikja við ofbeldi fá þeir sem spila ekki tölvuleiki ranghugmyndir um tölvuleiki sem hefur neikvæð áhrif á ímynd tölvuleikjaspilara og tölvuleikjaiðnaðarins í heild sinni. Það er ávallt hægt að finna svarta sauði sama á hvaða hóp er litið.

Heilbrigt fólk gerir greinarmun á tölvuleik og raunveruleika. Eins og þegar skákmaður finnur leiðir til að drepa kóng andstæðingsins eða þegar fótboltamaður reynir að koma boltanum í markið breytast reglurnar. Það sama á við þegar tölvuleikjaspilarinn spilar tölvuleik. Spilarar gera sér grein fyrir því hvar mörkin liggja og vita vel að þótt þeir drepi óvini á tölvuskjánum þá gilda aðrar reglur í leiknum en raunveruleikanum. Vissulega eru til ofbeldisfullir leikir sem ekki eru ætlaðir börnum en slíkir leikir eru merktir í bak og fyrir.

Nú þegar 40 ár eru liðin frá því að fyrsta leikjatölvan, Magnavox Oddyssey, leit dagsins ljós getum við hreinlega litið á fullorðna tölvuleikjaspilara, sem eru lifandi dæmi þess að leikir breyta fólki ekki í ofbeldisfull skrímsli.






# Við borgum ekki

Sjávarútvegsmál



Ásmundur Ásmundsson
verkfræðingur

Ég veit ekki nema gleymdur sé nú sífelldur áróður Suðurnesjamanna um að þáverandi umhverfisráðherra, Þórunn Sveinbjarnardóttir, hefði stöðvað framkvæmdir við undirbúning álvers í Helguvík með skriffinnsku í kringum umhverfismat. Atvinnufyrirtæki á Suðurnesjum sáu sig knúin til að rógbera ráðherrann í auglýsingum, því lífsbjörgin, sjálf atvinna fólksins, væri í húfi. Auglýsingar atvinnufyrirtækja dundu á ráðherranum, þar sem honum var brigslað um óheilindi. Þarna fór í broddi fylkingar bæjarstjórinn í Reykjanesbæ, sjálfstæðismaðurinn vinsæli Árni Sigfússon. Nú er hins vegar öllum ljóst að allt annað en ráðherrann og viðleitni hans til að sinna lögboðnum skyldum sínum er það sem tefur byggingu álversins þar syðra.

En málið var og er stórt, enda var stóriðja helsta kosningamál Sjálfstæðisflokksins og verður væntanlega enn um sinn.

Þessi auglýsingaherferð fyrirtækja á Suðurnesjum endurspeglaði rökþrot auglýsendanna, sem gerðu ómerkilega tilraun til að heilaþvo almenning í stað þess að efna til upplýstrar samræðu um málið og þá sérstaklega umhverfismál því tengd. Ef marka má nýafstaðin átök í Vogum á Vatnsleysuströnd um raflínubyggingu vegna álversins verður ekki annað séð en fullt tilefni hafi verið til samræðna hér að lútandi. En þeir sem telja sig eiga að ráða örlögum okkar Íslendinga hafa ekki mikla þörf fyrir upplýsta umræðu. Þeir ógna með valdi sínu sem fólgið er í ráðum yfir fjármagni, sem þeir vita að er á tiltölulega fáum höndum og því auðvelt að skipuleggja notkun þess, jafnvel þótt beitt sé gegn almannahagsmunum.

### Að teknu tilliti til LÍÚ

Ríkisstjórn Íslands hefur lagt fram ný frumvörp um stjórn fiskveiða og nýtingu auðlinda sjávar. Um þau hefur staðið mikill styrr og fara fremstir í andstöðu við frumvarpið þeir sem nýta auðlindir sjávar við Ísland, enda stendur til að auka álögur á þá. Einnig skjálfa bankar yfir því að hafa veitt lán með veði í auðlindinni, því að veðin munu sennilega hverfa og þeir sjá fram á að þurfa að afskrifa skuldir sem skipta tugum milljarða.

> Hinu megum við þó ekki gleyma að kerfisbreytingar af því tagi sem nú eru boðaðar í sjávarútvegi munu valda bylgjuáhrifum til að byrja með, en síðan mun komast á jafnvægi.

Búið er að ræða það í áratugi að taka til hendinni og koma auðlindum sjávar aftur í hendur þjóðarinnar, en alltaf hefur skort pólitískt þrek til þess. Þar til nú að ríkistjórn Jóhönnu Sigurðardóttur leggur til atlögu eftir langa og stranga samninga við útgerðarmenn. Þeir höfðu fengið sitt fram og náð að kaffæra hugmyndir Samfylkingarinnar um að fyrna kvótann þannig að hann rynni aftur til þjóðarinnar á 20 árum. Samningaleið LÍÚ varð ofan á. Ekki mátti styggja þá um of, enda sá atvinnuvegur nú um stundir sem besta afkomu gefur í miðri kreppu.

### Ekki fjár vant og þó

En þegar svo á að ákveða álögurnar verða útvegsmenn vitlausir. Þjóð í kreppu átti von á að helsti atvinnuvegur þjóðarinnar mundi í blómstrandi hagsæld, m.a. vegna veikrar krónu í höftum, vera tilbúinn til að leggja sitt af mörkum. Nei takk, hreint ekki. Peningar kvótahafa útgerðarinnar skulu sko ekki fara í að borga eðlilega rentu af sjávarauðlindinni. Miklu frekar eru settar milljónir í útgáfu Morgunblaðsins, málgagns Sjálfstæðisflokksins, og er þá ekki vælt á torgum. Fé er nú ausið í auglýsingar til að heilaþvo án umræðu. Meira að segja eru dregnir upp á dekk íbúar í sveitarfélagi þar sem þjóðin hefur nýlega fjárfest í dýrum vatnsaflsvirkjunum og samgöngumannvirkjum til að treysta efnahag íbúanna.

En jákvæða verður þó að telja þá faglegu gagnrýni sem komið hefur fram, m.a. að tilstuðlan útgerðarmanna, um hugsanleg hagræn áhrif áðurnefndra frumvarpa. Hinu megum við þó ekki gleyma að kerfisbreytingar af því tagi sem nú eru boðaðar í sjávarútvegi munu valda bylgjuáhrifum til að byrja með, en síðan mun komast á jafnvægi. Gera má ráð fyrir að bankar og aðrir kröfuhafar hinna skuldsettustu útgerða komi þar við sögu.

# Brostnar vonir

Eldsneytisverð

Guðmundur Franklín Jónsson
formaður Hægri grænna, flokks fólksins



Pyngjur landsmanna léttast og færri krónur eru eftir um hver mánaðamót. Norræn velferðarstefna stjórnvalda er aðhlátursefni í fermingum og saumaklúbbum. Í dag þarf fólkið og fyrirtækin í landinu að berjast við erlenda vogunarsjóði, afborganir af stökkbreyttum húsnæðislánum með heimalagaðri verðbólgu, aukinni skattpíningu, hækkandi matvælaverði, gjaldskrárhækkunum og löngu ákveðin framtíðarplön fjölmargra einstaklinga eru brostin.

Lánlausa vinstri stjórnin virðist engan skilning hafa eða lausnir á efnahagsvandanum. Hækkun heimsmarkaðsverðs eldsneytis og lágt gengi krónunnar ýtir upp grunninum sem opinber gjöld af eldsneyti reiknast af. Það er mikið tillitsleysi af ríkinu að kunna sér ekkert hóf við þær aðstæður sem nú eru. Tekjur ríkisins af bensíni og dísel eru fyrir löngu komnar upp fyrir það sem nokkur gat reiknað með og ofurskattlagningin leggur nú drápsklyfjar á almenning.

### 30% lækkun á bensíni og dísel strax

Stjórnmálahreyfingin Hægri grænir, flokkur fólksins skorar á stjórnvöld að lækka verð á bensíni og dísel um 30% til þess að lina þjáningar almennings. Sumir segja að fólk verði bara að laga sig að þessu verði og það sé víða jafn hátt í Evrópu. Í slíkum málflutningi örlar oft líka á djúpstæðum fordómum í garð „einkabílismans“ eins og það er stundum kallað af róttækum sameignarsinnum.

Slíkt tal tekur hins vegar lítið mið af íslenskum aðstæðum. Víðast hvar í þéttbýlum Evrópulöndum getur fólk valið úr ýmsum kostum í almenningssamgöngum, lestum og sporvögnum. Íslendingar hins vegar þurfa einfaldlega að ferðast á einkabíl í þéttbýli og oft harðbýla landi vegna starfa og samskipta við fjölskyldu og vini. Þar duga minnstu smábílar ekki alltaf til og einfaldlega nauðsynlegt að vera vel skóaður.

### Raunsæi er nauðsynlegt

Auðvitað væri æskilegt að við gætum endurnýjað bílaflota landsmanna örar en gert er og þá skipt út eyðslufrekum og óhagkvæmum ökutækjum fyrir vistvænni. Það er bara því miður ekki raunsætt miðað við efnahag flestra Íslendinga um þessar mundir að slíkt geti gerst á mjög skömmum tíma, en sjálfsagt að stuðla að því, m.a. með vægari skattlagningu á vistvæn ökutæki, að þróunin verði í þá átt.

Fram hjá því verður hins vegar ekki litið að eldsneytisverð er núna orðið svo hátt að það raskar bæði lífi og starfi stórs hluta þjóðarinnar. Jafnvel þannig að fólk er hætt að geta nýtt sér frístundir sínar með þeim hætti sem þykir sjálfsagður, svo sem með ferðum í sumarbústaði og fleira. Við þessu verður einfaldlega að bregðast og lækka verð eldsneytis strax! Það er bæði þjóðhagslega hagkvæmt og virðisaukaskapandi m.a. fyrir ferðaþjónustuna.



# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## ÚTILÝSING

Við Fellsmúla - Reykjavík

INNFELLD **LED** LJÓS Í PALLA, VEGGI OG LOFT



9.995
5W - garðsett 3 stk. m/spenni

8.995
1W - garðsett 3 stk. m/spenni

NIÐURGRAFIN LJÓS, **LED** OG 12V



12V 6.995

LED 7.795

ÚTIKASTARAR, **LED** OG 12V



LED 5.995

12V 3.590

12V 2.995

INNFELLD **LED** LJÓS Í VEGGI OG PALLA



8.995 7.995

7.995

ÚTILJÓS, LÝSA UPP OG NIÐUR



5.995 5.995

ÚTILJÓS, LÝSA UPP OG NIÐUR



5.995 5.995

## ÚTILJÓS LÝSA UPP OG NIÐUR



4.795 4.995 4.995 5.995

G9 25W

INNFELLD LJÓS Í VEGGI OG LOFT



2.995

ÚTI OG INNILJÓS Litir: króm og hvítt



4.495
með sparperu 28W

3.795
með sparperu 16W

4.295
með sparperu 28W

3.395
með sparperu 16W

ÚTILJÓS



995

ÚTILJÓS



3.295

3.295

ÚTILJÓS



995 995 995

ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt



1.995 1.995

1.995 1.995

ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt



3.995 3.995

ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt



3.995 3.995

3.595 3.595

ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt



3.995 3.995

3.595 3.595

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

**OPIÐ:**
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

# Gullgæsin

Sjávarútvegsmál

Ólafur Hannesson
starfar í sjávarútvegi



Eitt mesta hitamálið þessa dagana er nýjasta kvótafrumvarp ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur, flestir sem fylgjast með muna eflaust eftir frumvarpinu sem falleinkunn hlaut hjá öllum sem umsagnir gáfu um það frumvarp. Nú virðist ríkisstjórnin ætla að leika sama leik enn á ný, smellir fram frumvarpi sem enginn getur sáttur við unað og markmiðið virðist vera að knésetja og örkumla íslensk sjávarútvegsfyrirtæki, mottóið hjá ríkistjórninni virðist vera að allir skulu hafa það jafn skítt. Hver er annars hugsunin að baki þegar fólk vill ráðast að atvinnustétt sem skapar 40% af útflutningsverðmætum Íslendinga, skapar fjöldann allan af störfum og greiðir skatta og gjöld til ríkisins. Menn vilja kannski frekar að sjávarútvegurinn sé ekki sjálfbær og ríkið þurfi að greiða styrki til að viðhalda sjávarútveginum líkt og gerist í mörgum öðrum löndum.

Lengi hefur verið reynt að halda því fram að útgerðarmenn hafi ekkert þurft að greiða fyrir þær aflaheimildir sem þeir hafa til umráða og þeir séu að ræna af þjóðinni. Nú eru liðin tæp 30 ár síðan kvótakerfið var sett á, útgerðarmenn og sjómenn tóku á sig skerðingu til að reyna að sporna við ofveiði á þeim tegundum sem veiddar eru við Íslandsstrendur. Þegar kvótakerfið var sett á fengu menn úthlutað eftir fyrri veiðireynslu síðastliðin þrjú árin. Frá því að kerfið var sett á hafa um 90% af aflaheimildum skipt um hendur og menn fjárfest í kvóta til að halda fyrirtækjum sínum gangandi, það er því rangt að halda því fram að allir þeir sem starfi í sjávarútvegi hafi fengið kvótann gefinn. Þvert á móti hafa menn tekið á sig miklar skuldbindingar til að starfa innan greinarinnar.

Enn fremur er rangt að halda því fram að útgerðarfyrirtæki greiði ekkert til samfélagsins, við megum ekki gleyma því að Ísland er ein af fáum þjóðum sem hafa arðbæran sjávarútveg, sjávarútvegurinn greiðir skatta, veitir fólki vinnu og gerir viðskipti við fjöldann allan af ótengdum fyrirtækjum sem hafa stóran part af sinni innkomu frá sjávarútveginum. En það eru ávallt einhverjir sem ekki eru sáttir, margir telja að útgerðinni beri að greiða meira en öðrum atvinnuvegum til þjóðfélagsins og virðist það ekki skipta máli að það gerir hann nú þegar í dag með ýmsum gjöldum sem ekki eru sett á önnur fyrirtæki svo sem hærra tryggingargjald vegna sjómanna, veiðigjald sem sett er á skipin og nú tala menn um að það þurfi að hirða 70% af meintum hagnaði útgerðarinnar til ríkisins. Hvar endar þetta?

> Er ekki kominn tími til að sjávarútvegurinn fái frið til að starfa í þágu þjóðar án þess að vera undir stanslausum árásum frá fólki sem ætti að gleðjast…

Nú hefur endurskoðunarfyrirtækið Deloitte gert rannsókn á áhrifum þess frumvarps sem liggur nú fyrir og telur sig geta rökstutt að með því sé verið að hirða um 105% af hagnaði útgerðarinnar séu ákvæði frumvarpsins borin saman við afkomu greinarinnar síðastliðin 10 ár. Við getum látið það liggja á milli hluta og horfum á 70 prósentin sem sumum finnst eðlilegt gjald að hálfu útgerðarfyrirtækja að greiða til ríkisins. Hvar á fyrirtæki að finna fjármuni til að greiða af skuldum sínum, til að stunda nýsköpun eða þróun? Er það markmið núverandi ríkisstjórnar að knésetja sjávarútveginn? Þessi þjóð á gullgæs í sjávarútveginum, sjávarútvegurinn gefur til samfélagsins og lifir ekki á ríkisstyrkjum eins og á flestum öðrum stöðum. En ríkisstjórnin virðast halda að meira gull fáist frá gæsinni með því að slátra henni og kíkja inn í hana. Þeir sem harðast vega að rekstri sjávarútvegsins virðast ekki gera sér grein fyrir því að aðgerðir þeirra geti gert mikinn skaða sem hefur í för með sér tekjutap fyrir ríkissjóð.

Er ekki kominn tími til að sjávarútvegurinn fái frið til að starfa í þágu þjóðar án þess að vera undir stanslausum árásum frá fólki sem ætti að gleðjast yfir því að það gangi vel í greininni? Við skulum einnig muna að það er ekkert sjálfgefið að vel gangi, velgengni íslensks sjávarútvegs er ekki gefins, hún hefur fengist með mikilli vinnu fólks sem skapar gjaldeyri fyrir íslenska þjóð, vinnu fólks sem er hluti af hinni íslensku þjóð.

# Er ekki nóg atvinnuleysi?

Áfengis-
auglýsingar

Unnsteinn Jónsson
verksmiðjustjóri Vífilfells



Ef Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra fær að ráða, þá fer störfum við íslenska bjórframleiðslu að fækka. Í staðinn flytjast þau til útlanda. Ögmundur vill nefnilega skella í lás á alla möguleika til að kynna íslenska bjórframleiðslu hér á landi.

Innanríkisráðherra reynir að fá samþykkt á Alþingi frumvarp um svokallað hert bann við áfengisauglýsingum. Samkvæmt frumvarpinu má ekki segja eitt aukatekið orð um íslenskan bjór (eða annað áfengi) opinberlega. 10 milljón króna sekt liggur við broti á því banni.

Lögunum er bersýnilega stefnt gegn því hófstillta markaðsstarfi sem íslenskir bjórframleiðendur hafa stundað í gegnum árin. Þeir hafa stutt tónleikahald á vínveitingastöðum og fengið í staðinn að minnast á vörumerki sín. Léttölsauglýsingar hafa skemmt landanum um árabil. Tilgangurinn hefur sá einn verið að fá neytendur til að velja innlenda framleiðslu umfram erlenda og það hefur svo sannarlega tekist.

Sala á íslenskum bjór nemur rúmlega 70% af allri bjórsölu hér á landi. Framleiðsla, sala og dreifing á íslenskum bjór skapar ekki færri en 150 störf. Tæpur helmingur þessara starfa er í Eyjafirði og á Suðurlandi. Ef ekki væri fyrir markaðsstarfið, þá hefði þessi árangur aldrei náðst.

Af einhverjum undarlegum ástæðum hefur innanríkisráðherra fengið þá grillu í höfuðið að bann við kynningu á bjórvörumerkjum muni vernda heilsu almennings fyrir skaðvænlegum afleiðingum áfengisneyslu (þetta stendur orðrétt í frumvarpinu). Heldur ráðherrann virkilega að draga muni úr skaðvænlegum áhrifum áfengisneyslu þó bannað verði að tala um einstök vörumerki?

Það gengur auðvitað gegn almennri skynsemi að ætla að loka á alla íslenska umfjöllun og vitneskju um löglega framleidda vöru sem sjálft ríkisvaldið selur í eigin verslunum og meirihluti almennings neytir sér að skaðlausu. Ekki bætir úr skák að erlendar auglýsingar um þessa sömu vöru, t.d. í sjónvarpsútsendingum, munu hafa greiðan og óheftan aðgang að landsmönnum samkvæmt lagafrumvarpinu. Mismunun milli innlendra og erlendra framleiðenda verður æpandi.

> Almenn skynsemi mælir með því að samkeppni framleiðenda um hylli neytenda haldi áfram, enda skaðar hún engan.

Maður ætlar rétt að vona að nógu margir skynsamir þingmenn stoppi þessa aðför innanríkisráðherra að íslenskum iðnfyrirtækjum, sem hafa með nýsköpun, vöruþróun og gæðaframleiðslu, ásamt hóflegri kynningu, náð meira en 70% markaðshlutdeild á miklum samkeppnismarkaði hér á landi.

Almenn skynsemi mælir með því að samkeppni framleiðenda um hylli neytenda haldi áfram, enda skaðar hún engan. Fremur verði settar strangar reglur um slíkt kynningarstarf, á borð við þær sem gilda um áfengisauglýsingar í mörgum löndum Evrópusambandsins. Í þeim reglum eru ítarleg ákvæði um að áfengisauglýsingar megi ekki höfða til ungs fólks eða gefa til kynna að áfengisneysla bæti stöðu einstaklinga eða geri hana eftirsóknarverða.

# Bann við mismunun

Mannréttindi

Margrét Steinarsdóttir
framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands



Jafnrétti er hornsteinn mannréttinda, sá grunnur sem viðhorf okkar og samfélag byggja á. Allir eru bornir frjálsir og jafnir og eiga kröfu á mannréttindum óháð kynþætti, litarafti, kynferði, trú/lífsskoðun, heilsufari, aldri, fötlun, stjórnmálaskoðunum, kynhneigð, kyngervi, þjóðernisuppruna, félagslegri stöðu eða öðrum aðstæðum. Þótt þetta hljómi einfalt og sjálfsagt eru réttindi tiltekinna hópa brotin um allan heim; þekkingarleysi og fordómar gera það að verkum að sumum eru veitt forréttindi á meðan tækifæri annarra til að njóta gæða samfélagsins eru takmörkuð, t.d. vegna hefða, trúarlegra kennisetninga og staðalmynda.

Þótt margt hafi áunnist á Íslandi í jafnréttismálum, réttindi kvenna til að mynda aukin og samkynhneigðir hafi náð langt í sinni baráttu, þá eiga ýmsir samfélagshópar enn undir högg að sækja og geta ekki sótt rétt sinn telji þeir á sér brotið. Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur um nokkurt skeið vakið athygli á því hversu ófullkomin íslensk jafnréttislöggjöf er þegar um er að tefla annars konar jafnrétti en kynjajafnrétti. Lögin eru afar brotakennd í samanburði við það sem kveðið er á um í Evrópurétti og þá löggjöf sem finna má í löndum sem Ísland ber sig helst saman við.

Á Norðurlöndum er alls staðar að finna heildstæða jafnréttislöggjöf sem byggir m.a. á tilskipunum ESB um jafnrétti án tillits til kynþáttar eða þjóðernisuppruna (2000/43/EB), jafnrétti í atvinnulífi og starfi (2000/78/EB). Tilskipanir ESB kveða á um lágmarksréttindi en þær eru mikilvægur grunnur sem jafnréttislöggjöf í mestallri Evrópu byggir á. Í velferðarráðuneytinu fer nú fram vinna við innleiðingu framangreindra tilskipana. Verði þær innleiddar á fullnægjandi hátt má ætla að réttarstaða þeirra sem eiga undir högg að sækja vegna fyrrgreindra þátta batni til muna á Íslandi.

Eitt þeirra rita um mannréttindi sem Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur gefið út á síðustu árum er ritið Bann við mismunun. Fjallar það einkum um efni áðurnefndra tilskipana Evrópusambandsins og frumvarp að nýrri tilskipun um jafnrétti á víðum grunni. Tilgangur útgáfunnar er fyrst og fremst að kynna tilskipanir ESB um jafnrétti og þá hugmyndafræði sem liggur þeim að baki. Rit af þessum toga eru nauðsyn því til þess að geta beitt sér í þágu jafnréttis er brýnt að fólk þekki rétt sinn og skyldur og viti hvað felst í banni við mismunun.

Bann við mismunun er aðgengilegt á heimasíðu Mannréttindaskrifstofu Íslands: www.humanrights.is og má einnig nálgast prentuð eintök á skrifstofunni að Túngötu 14. Ritið er ókeypis.




PIPAR\TBWA • SÍA

ÚTILÍF



# GEFÐU GRASINU ENGIN GRIÐ

## MIKIÐ MAGN AF NÝJUM TAKKASKÓM FRÁ NIKE OG ADIDAS Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI.

*GÓÐIR SKÓR GERA GOTT MÓT.*



**TILBOÐ: 33.990 KR.**
NIKE CTR360 MAESTRI IIFG
*Stærðir: 40–45.*
*Fást í Kringlunni.*
Almennt verð: 42.990 kr.



**TILBOÐ: 15.990 KR.**
ADIDAS P ABSOLADO TRX AG
*Stærðir: 39–46.*
Almennt verð: 19.990 kr.



**TILBOÐ: 18.990 KR.**
NIKE T90 STRIKE IV FG
*Stærðir: 40,5–44.*
*Fást í Kringlunni og Smáralind.*
Almennt verð: 22.990 kr.



**TILBOÐ: 14.990 KR.**
ADIDAS F10 TRX AG
*Stærðir: 39–46.*
*Léttir og góðir á gervigrasið.*
Almennt verð: 17.990 kr.



**TILBOÐ: 29.990 KR.**
ADIPURE 11PRO TRX FG
*Stærðir: 42–45.*
*Góðir á gras.*
*Fást í Kringlunni.*
Almennt verð: 39.990 kr.



**TILBOÐ: 10.990 KR.**
ADIDAS 11NOVA TRX FG
*Stærðir: 30–38,5.*
*Góðir á gras.*
Almennt verð: 13.990 kr.



**TILBOÐ: 11.990 KR.**
ADIDAS F10 TRX FG
*Stærðir: 28–38,5.*
*Léttir á lipra fætur.*
Almennt verð: 14.990 kr.



**TILBOÐ: 9.490 KR.**
NIKE T90 SHOOT IV FG
*Stærðir: 32–38,5.*
*Góðir grasskór.*
Almennt verð: 11.990 kr.



**TILBOÐ: 10.990 KR.**
NIKE CTR 360 LIBRETTO IV FG
*Stærðir: 33–38,5.*
Almennt verð: 13.990 kr.



**TILBOÐ: 18.990 KR.**
NIKE MERCURIAL VAPOR III FG
*Stærðir: 36,5–38,5.*
*Fást í Kringlunni.*
Almennt verð: 22.990 kr.

**NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS**

ÍSLENSKA SIA.IS UTI 59595 05/12

# Lyktarmengun kallar á tafarlausar aðgerðir

Urðun sorps

Sigrún Pálsdóttir
situr í umhverfisnefnd Mosfellsbæjar fyrir Samfylkinguna



Nýverið var haldinn íbúafundur í Mosfellsbæ um lyktarmengun frá urðunarstað höfuðborgarsvæðisins í Álfsnesi. Niðurstaða fundarins var einhlít. Við óbreytt ástand verður ekki unað og aðgerða þörf án tafar.

Byggðasamlag sveitarfélaga um sorpeyðingu á höfuðborgarsvæðinu, Sorpa, hefur urðað úrgang í Álfsnesi frá árinu 1991. Lengi vel var þessi afurð ofgnóttar meðhöndluð sem feimnismál á Íslandi og sorpi fundinn afvikinn staður þar sem það var ýmist brennt eða urðað án úrvinnslu eða mengunarvarna. Ein helsta vísbending samfélagsins um tilurð þessara staða var fuglager í fjarska og megn óþefur sem fyllti vitin í ákveðnum vindáttum. Allir vissu að á ruslahaugunum iðaði allt af lífi.

Úrgangsmál fengu þó ekki heimili í íslenskri stjórnsýslu fyrr en um og eftir 1990. Þær breytingar sem mestu máli skipta voru nýtt umhverfisráðuneyti, stofnun Sorpu bs. og nýjar reglur um mengunarvarnir og spilliefni.

**Skilyrði í starfsleyfi ekki uppfyllt**

Í upphafi voru markmiðin háleit og óumdeilt að Sorpa hefur lyft Grettistaki í meðhöndlun á úrgangi á Íslandi á þeim tveimur áratugum sem hún hefur starfað. En metnaðarfullar áætlanir eiga það til að ganga ekki eftir. Þegar sú tillaga að koma upp urðunarstað í Álfsnesi var kynnt sveitarfélögunum átti aðbúnaður að vera þannig að engin óþægindi hlytust af starfseminni. Fyrirheitin endurspeglast í starfsleyfi SORPU en þar segir að fara skuli „þannig með allan úrgang til endurvinnslu, flutnings, förgunar eða annarrar meðferðar að tryggt sé að hann valdi hvergi ónæði eða óþrifnaði.“

Ljóst er að byggðasamlaginu hefur ekki tekist að uppfylla þetta skilyrði. Á sólríkum sumardegi hafa mest verið taldir átján þúsund fuglar á sveimi yfir urðunarstaðnum. Í ofanálag á lyktin það til að vera svo megn að íbúar treysta sér ekki út úr húsi.

**Flokkaður úrgangur – verðmætt hráefni**

En hvað er til ráða? Í nýlegum vegvísi Evrópusambandsins að skilvirkri nýtingu auðlinda er áhersla lögð á viðhorfsbreytingu. Aðildarríkjunum er uppálagt að meðhöndla úrgang sem verðmæti og hætta urðun. Sex ESB-ríki eru svo langt komin í þessu ferli að hlutfall urðunar er undir 3% af heildarmagni úrgangs. Til samanburðar urða Íslendingar á bilinu 50-72%.

Fyrirmyndarríkin eiga það sameiginlegt að flokkaður úrgangur er sóttur heim til íbúa. Á Íslandi heyrir það fyrirkomulag til undantekninga og af einhverjum óskiljanlegum ástæðum hafa sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu ekki getað komið sér saman um að taka upp sams konar verklag þrátt fyrir fyrirætlanir þar um.

Lyktarmengun frá Álfsnesi má rekja til lífræns úrgangs í seyruholu og bagga sem í er óflokkað sorp. Ef blandaður úrgangur væri flokkaður og meðhöndlaður sem verðmæti væri það vandamál að minnsta kosti úr sögunni. Um seyruholuna er það að segja að hún á örugglega ekki heima í grennd við byggð þar sem ekki er útlit fyrir að hægt sé að koma alfarið í veg fyrir lyktina.

Starfsleyfi SORPU í Álfsnesi rennur út um næstu áramót. Það er sameiginlegt verkefni eigenda byggðasamlagsins að gera nýjan samning og Umhverfisstofnunar að veita leyfið. Í ljósi þeirra óþæginda sem óþefur frá Álfsnesi veldur íbúum í nærliggjandi byggðum er ákvarðanafælni ekki í boði. Nú er aðgerða þörf.

Í ljósi þeirra óþæginda sem óþefur frá Álfsnesi veldur íbúum í nærliggjandi byggðum er ákvarðanafælni ekki í boði. Nú er aðgerða þörf.

# Þungur kross brotaþola

Samfélagsmál

Ágústa Arna Sigurdórsdóttir
félagsfræðingur



Ung stúlka tilkynnir nauðgun í miðborg Reykjavíkur. Í umræðum um málið á netinu lætur ungur maður hafa eftir sér eitthvað á þá leið að hann viti svo sem ekkert um aðstæður en ef stúlkan hafi komið sér í þær aðstæður að henni var nauðgað væri lítið hægt að vorkenna henni. Þessi ummæli voru við mynd í umdeildu myndaalbúmi fyrir nokkrum vikum. Myndaalbúm þetta bar yfirskriftina Karlar sem hata konur og var mikið í umræðunni. Í þeirri umræðu var lítið rætt um þau ummæli sem þar birtust heldur meira um þann einstakling sem safnaði þeim saman. Í hinum ýmsu athugasemdakerfum var þeirri ágætu konu sem setti albúmið saman fundið allt til foráttu en það var eins og enginn setti spurningamerki við þau ummæli sem birst höfðu í þessu albúmi. Enginn setti spurningarmerki við að ábyrgð væri sett á herðar brotaþola í nauðgunarmáli. Þetta var henni að kenna hvort sem er, hún kom sér í þessar aðstæður sjálf.

Síðasta sumar skrifaði ég BA-ritgerð mína í félagsfræði þar sem ég fjallaði um nauðganir og viðhorf til þeirra. Meðal annars skoðaði ég umræðu sem farið hafði fram á opinberum vettvangi um nauðganir og hvaða skilaboð sú umræða sendi út í samfélagið. Sú umræða er nokkuð sérstök, einkum ef umræðan er sett í samhengi við önnur afbrot. Menn sem koma að nauðgunarmálum á æðstu stöðum í réttarkerfinu vilja meina að það skipti máli hversu drukkinn brotaþoli er og að fólk eigi kannski að líta oftar í eigin barm. Flestar nauðgunarkærur eru hvort eð er þannig til komnar að konur sjái eftir öllu saman daginn eftir. Konur eiga ekki að klæða sig eins og druslur til að verða ekki fyrir nauðgun, ekki vera of fullar og hvað í ósköpunum var hún að spá með að fara heim með einhverjum manni sem hún þekkti ekki neitt. Hún getur bara sjálfri sér um kennt.

Í fjölmiðlum er talað um „meintar“ nauðganir á sumum mannamótum en því haldið fram fullum fetum að líkamsárásir hafi átt sér stað á öðrum. Fréttir sem þessar hafa jafnvel birst á vefmiðlum. Samtök sem vinna með þolendum í þessum málum gera ekkert annað en að ýta undir nauðganir á útihátíðum og þeir sem standa að slíkum hátíðum eru sagðir fégráðugir í meira lagi og stuðla að því að nauðganir eigi sér stað á þessum mannamótum.

Mér og minni réttlætiskennd er misboðið með slíkri umræðu. Nauðgun er sérstakur glæpur og viðhorfin eru eiginlega ennþá sérstakari. Sá sem ákveður að nauðga er ekki ábyrgur heldur er reynt að finna eitthvað, bara eitthvað til þess að skella skuldinni á brotaþola. Sem verður hálffáránlegt ef reynt er að heimfæra þessi viðhorf yfir á aðrar tegundir afbrota. Ungur maður verður fyrir líkamsárás í Austurstræti seint á laugardagsnóttu. Hann var einn á ferli og klæddur í Hugo Boss jakkaföt. Eða Armani. Eða í þrjátíu þúsund króna Dísel-gallabuxur. Hlýtur þá ekki að gefa auga leið að sá sem fer á djammið í 30 þúsund króna gallabuxum er bara að biðja um að vera laminn? Auk þess var hann sauðdrukkinn og hellti bjór yfir árásarmanninn. Hann átti það skilið.

Samfélagið þarf að senda önnur skilaboð þegar kemur að nauðgunum. Skilaboðin verða að vera á þá leið að tekið verði á nauðgunum með sama hætti og tekið er á öðrum afbrotum.

Nei. Það á það enginn skilið að vera laminn. Og það kallar engin kona yfir sig nauðgun. Þó hún sé í flegnum bol og stuttu pilsi eða hafi verið of drukkin eða hafi daðrað við manninn sem nauðgaði henni seinna um nóttina. Ef kona fer eftir öllum þessum varnaðarorðum samfélagsins sem tíunduð voru hér að framan en verður samt fyrir nauðgun þá vaknar hún daginn eftir á bömmer. Ég gerði allt rétt en samt var ráðist á mig? Hvernig má það vera?

Samfélagið sendir ákveðin skilaboð til fólks, þó aðallega til kvenna, um það hvernig það getur minnkað hættuna á því að verða fyrir nauðgun. Ef viðkomandi hagar sér eins og samfélagið vill mun allt fara vel og það kemst í gegnum djammið án vandræða. Þeir sem hegða sér ekki eins og samfélagið vill geta sjálfum sér um kennt – þeir eru sekir. En sekir um hvað? Að hafa farið út að skemmta sér í stuttu pilsi og fengið sér í glas? Er það allt í einu orðið meiri glæpur en nauðgunin sem var framin? Það myndi engum detta í hug að koma með þessi rök ef um væri að ræða líkamsárásarmál. Eða þjófnaðarmál. Eða…

Eins og ég sagði áðan er nauðgun sérstakur glæpur þar sem ráðist er gegn því helgasta sem hver manneskja á, sjálfu kynfrelsinu. En á einhvern hátt er skilaboðunum alltaf beint að þeim sem hugsanlega gætu orðið fyrir broti. Ekki gera þetta og ekki gera hitt svo þér verði ekki nauðgað. Með réttu ætti samfélagið að senda þessi skilaboð til hugsanlegra gerenda og þau ættu að vera mjög einföld, það er að segja EKKI NAUÐGA! Því nauðgun er glæpur. Undir öllum kringumstæðum. Nauðgun er jafnmikill glæpur burtséð frá því hvort viðkomandi hafi daðrað nokkrum klukkustundum fyrir atburðinn eða verið í stuttu pilsi.

Ef samfélagið lítur svo á að það sé konunni í stutta pilsinu að kenna að henni var nauðgað þá hlýtur sá sem fer út að skemmta sér í Armani jakkafötum að bera ábyrgð á því að hann var laminn. Eða þá að samfélagið fari að líta á líkamsárásir og nauðganir með sama hætti. Því hér er um að ræða tvenns konar afbrot sem eru alfarið á ábyrgð þess sem ákveður að fremja þau. Hegðun þess sem verður fyrir brotinu á ekki að skipta mestu máli.

Samfélagið þarf að senda önnur skilaboð þegar kemur að nauðgunum. Skilaboðin verða að vera á þá leið að tekið verði á nauðgunum með sama hætti og tekið er á öðrum afbrotum. Þolendur í kynferðisafbrotamálum ættu að njóta sömu virðingar og aðrir brotaþolar í stað þess að sitja uppi með þungan kross skammar og sektarkenndar. Það er annarra að bera þann kross.

# Mannleg meindýr

Samfélagsmál

Jón M. Ívarsson
sagnfræðingur



Menn eru misjafnir og samskipti þeirra með ýmsu móti. Sem betur fer er meirihlutinn gott fólk eða að minnsta kosti sæmilegt sem lætur fremur gott en illt af sér leiða, hugsar vel um fjölskyldu sína og heldur frið við nágrannana. Sem sagt venjulegt fólk. Það er gott að fæðast inn í slíka fjölskyldu en mótsögnin er sú að venjulegt fólk er oft berskjaldað fyrir mannvonskunni sem sumir menn hafa til að bera. Það hefur ekki hugarflug til að ímynda sér þá siðblindu sem stundum leynist undir yfirborðinu í næsta húsi. Jafnvel í eigin húsi. Það á við um þau úrhrök sem fremja nauðganir og sifjaspell.

Slíkir menn eru réttnefnd meindýr í mannlegu samfélagi. Þetta eru yfirleitt sjálfhverfir menn. Öll þeirra veröld snýst um þá sjálfa og þeirra langanir. Smeðjulegur sjarmi einkennir ósjaldan framkomu þeirra og mörgum sem kynnast þeim lauslega þykir mikið til þeirra koma. Þeir ráðskast með fjölskyldu sína enda líta þeir á hana sem sína eign. Veiti einhver þeim viðnám er honum útskúfað og oft er þeim orðrómi komið á kreik að viðkomandi eigi við geðræn vandamál að stríða. Það eru slíkir menn sem fremja kynferðisglæpi innan fjölskyldunnar. Menn sem níðast á dætrum sínum, stjúpdætrum, frænkum og skjólstæðingum af hvaða tagi sem er. Þetta eru líka bræður, frændur, afar og allir hinir. Þeim er ekkert heilagt.

Hvað gerir barnung stúlka þegar faðir hennar kemur og lýsir yfir ást sinni á henni en segir jafnframt að hann verði að fá að tjá henni þessa ást með því að hafa samfarir við hana? Hún á ekki nokkurn möguleika á að stöðva hann því hann hefur föðurvaldið og drottnar yfir henni. Næstu árin má hún eiga von á því að faðirinn noti hvert tækifæri til að hafa samfarir við hana. Svo réttir hann henni gjafir og jafnvel peninga. Skömmin og sektarkenndin margfaldast og koma í veg fyrir að hún segi frá. Þar með er hún orðin kynlífsþræll föður síns og losnar ekki úr því hlutverki fyrr en löngu síðar. En þá er búið að rústa lífi stúlkunnar með alvarlegum afleiðingum. Hún fær að gjalda fyrir athafnir níðingsins dýru verði.

Þetta eru ljótustu svik sem hægt er að fremja. Hvernig getur nokkur maður gert slíkt gagnvart eigin barni? Litlu stúlkunni sem hann hélt í fangi sínu þegar hún var nýfædd og hafði fylgst með vaxa upp til unglingsára. Dótturinni sem hann átti að vernda og leiðbeina á vegferð lífsins. Sem hann átti að hjálpa til menntunar og þroska. Þess í stað eyðileggur hann möguleika hennar á þessum sviðum, brýtur niður andlegt og líkamlegt heilbrigði hennar og eitrar líf hennar ævilangt.

Fyrr eða síðar komast þessi mál upp, oftast þó löngu síðar. Stundum líða áratugir þar til fórnarlambið segir sögu sína. Þá sundrast fjölskyldan oft því sumir meðlimir hennar geta horfst í augu við ófagran sannleikann en aðrir velja að afneita glæpnum og vilja þagga hann niður. Ýmist vegna þess að þeir vilja ekki trúa þessu upp á viðkomandi eða bara vegna þess að það er þægilegast. Það þarf líka að vernda ímyndaðan orðstír fjölskyldunnar sem reyndar er glataður þegar þarna er komið sögu. Maður sem ákveður að hafa samfarir við dóttur sína, hann ákveður samtímis að eyðileggja fjölskyldu sína. Hún verður aldrei heil á eftir.

En hin mannlegu meindýr eru hvarvetna. Jafnvel þar sem við eigum síst von á þeim. Við þurfum að útrýma þessum meindýrum, fyrst og fremst með því að vera vel á verði því sofandaháttur okkar allra í þessum málum hefur viðhaldið miklum sársauka þolendanna. Þessi meindýr eiga bókstaflega talað engan tilverurétt í mannlegu samfélagi.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**SKRAUTLEGT FRÁ TOPPI TIL TÁAR** Blómamunstur verða áberandi í sumar sem og hvers kyns skrautlegur klæðnaður og eru jafnvel dæmi um að fólk klæðist skræpóttu frá toppi til táar og velji skó og fylgihluti í stíl. Hér er dæmi um blómakjól frá D&G.


Glæsilegur!



ted SUMMER SKY - vel fylltur í A, B, C, D skálum á kr. 8.680,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur



Eirberg



Rafknúnir lyftihægindastólar

Opið virka daga í sumar frá kl. 9 - 18 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



NÝ SENDING



KENNEL & SCHMENGER
SCHUHMANUFAKTUR

hjá Hrafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 | laugardaga frá kl. 10-16






**GLAMÚR** Áhrif tíunda áratugarins mátti sjá í útskriftarlínu Evu. MYNDIR/HÖRÐUR SVEINSSON

# BLEIKT OG PÖNKAÐ

**FATAHÖNNUN** *Eva Brá Barkardóttir fatahönnuður blandaði saman japönskum hefðum, grófu pönki og glamúr í útskriftarlínu sinni frá LHÍ.*

Ég var alltaf að sauma og saumaði til dæmis fermingarkjólinn minn sjálf," segir Eva Brá Barkardóttir, nýútskrifaður fatahönnuður þegar hún er spurð hvort áhuginn á tísku hafi alltaf blundað í henni. Útskriftarlína Evu samanstóð af kjólum, buxum, toppum og prjónaflíkum og þar mátti meðal annars sjá tilkomumikinn kimono úr bleiku leðri.

„Ég rannsakaði japanska efnisvinnslu, sibori dyeing technique, en sú aðferð er notuð til að lita viðkvæm efni eins og silki. Ég prófaði hana á þykk og gróf efni eins og leður og blandaði þannig saman japanskri tækni og fornum japönskum hefðum og pönki og líka smávegis af glamúr frá tíunda áratugnum," útskýrir hún og segir línuna geta staðið fyrir hennar eigin fatastíl.

„Ég blanda sjálf oft einhverju saman sem öðrum dytti kannski ekki í hug að gera en útkoman verður þá óvænt og skemmtileg. Ég á mér ekki endilega uppáhaldshönnuð eða -merki, minn stíll fer bara eftir dögum."

Í sumar ætlar Eva heim til Vestmannaeyja að vinna og eftir það stefnir hugurinn út. Berlín er draumaborgin. Hún er þó ekki viss um að hún stofni sitt eigið hönnunarfyrirtæki strax.

„Mig langar að slappa aðeins af eftir törnina í skólanum. Hugsa málið í Berlín.

Ég held að ég þurfi að afla mér reynslu og þekkingar áður en ég stofna eigið merki og fara kannski í starfsnám í einhver ár áður. En ég er reyndar ekki ákveðin í að halda áfram í fatahönnun, mig langar að prófa allt."

■ rat



**VILL PRÓFA ALLT** Evu Brá Barkardóttur dreymir um að fara til Berlínar eftir sumarið og íhuga framtíðina. MYND/VALLI


www.svefn.is

LOKSINS

20-50% afsláttur

LAGERÚTSALA

aðeins í 3 daga!

Föstudaginn
11. maí 12-18
Laugardaginn
12. maí 12-16
Sunnudaginn
13. maí 12-16

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00






# GÓÐAR VIÐTÖKUR

**SELJAST VEL** *Húðdropar frá Sif Cosmetics hafa á tiltölulega skömmum tíma orðið mest selda snyrtivaran hjá þýska flugfélaginu Lufthansa. Vörunum hefur sömuleiðis verið afar vel tekið af flugfarþegum Swiss Air og KLM.*

Bio Effect húðdropar frá íslenska fyrirtækinu Sif Cosmetics eru mest selda snyrtivaran um borð í vélum þýska flugfélagsins Lufthansa. Eiríkur Sigurðsson, upplýsingafulltrúi hjá Sif Cosmetics, segir þetta góðan árangur ekki síst í ljósi þess að tiltölulega skammt sé síðan flugfélagið tók vöruna í sölu. „Þetta er frábært þar sem droparnir fóru í sölu hjá félaginu í febrúar.“

Eiríkur getur þess að dropunum hafi sömuleiðis verið vel tekið af farþegum erlendu flugfélaganna Swiss Air og KLM. „Samkvæmt forsvarsmönnum Swiss Air má þakka augljósum áhrifum af notkun dropanna góða sölu en þeir innihalda frumuvaka sem stuðla að endurnýjun húðarinnar.“

Sif Cosmetics er með dreifingaraðila fyrir vörur sínar í 42 löndum um allan heim og bættist Tyrkland síðast við þau. „Við höfum náð mjög góðum árangri og þá sérstaklega í Evrópu,“ segir Eiríkur.

Vörur Sif Cosmetics hafa ekki síst verið eftirsóttar hérlendis. Reyndar segir Eiríkur vinsældir varanna vera slíkar að hreinlega hafi gengið erfiðlega að finna konur í prófanir sem hafi ekki þegar reynt húðdropana á eigin skinni. „Við höfum því gert sérfræðinga okkar út af örkinni og erum núna í samstarfi við starfsmannafélag Grunnskóla Vestmannaeyja um prófanir,“ segir hann. „Gerðar voru grunnmælingar á ástandi húðar 24 kennara við skólann. Þeir fengu svo afhenta vöru sem er í þróun hjá okkur til að bera á andlitið í mánuð og að því loknu verður árangurinn mældur.“ ■ **rve**

**NÝSTÁRLEG TÆKNI**
Sif Cosmetics þróar og selur dagkrem, húðdropa og -næringu. Vörurnar innihalda frumuvaka sem stuðla að endurnýjun húðarinnar. Þeir eru framleiddir úr byggfræjum í samstarfi við ORF Líftækni.




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**











## NÝTT ANDLIT CHANEL NO. 5

**■ Brad Pitt**

**Fagrar kvikmyndastjörnur hafa verið andlit hins þekkta ilms Chanel No. 5 í 90 ár. Í fyrsta skipti í sögunni verður breyting þar á. Nú á karlmaður að auglýsa ilminn og það er enginn annar en hinn kynþokkafulli Brad Pitt sem hefur verið fenginn til þess.**

**Hann fetar þar með í fótspor kvikmyndastjarnanna Catherine Deneuve, Lauren Hutton, Estella Warren, Ali MacGraw, Nicole Kidman og fleiri. Það var hins vegar stórstjarnan Marilyn Monroe sem gerði þennan ilm heimsfrægan á sínum tíma sem fyrsta andlit ilmsins. Í viðtali árið 1954 var hún spurð í hverju hún svæfi og svarið vakti heimsathygli: „Í fimm dropum af Chanel No. 5.“ Þar með fékk Chanel tískuhúsið sína stærstu auglýsingu og það ókeypis.**

**Auglýsingaherferðin með Brad Pitt verður tekin upp í London í næstu viku. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Brad Pitt situr fyrir í auglýsingu. Frægustu auglýsingarnar eru þegar hann auglýsti Levi´s gallabuxur árið 1991.**



## GLEYMDI BARNINU

**■ Victoria Beckham**

**Victoria Beckham er útivinnandi móðir fjögurra barna með vaxandi tískuhönnunarfyrirtæki á sínum snærum. Sumir telja að hún hafi orðið of mikið að gera og hafi verið þreytuleg að undanförnu. Bandarísk tískulögga telur að nú sé kominn tími á frú Beckham að taka sér frí. Ástæðan er sú að hún var langt komin á leið í skóla sonar síns þegar hún áttaði sig á því að hún hafði gleymt barninu heima.**

# GAMALLI SKYRTU BREYTT Í KJÓL

*Á netinu má finna fjölda síðna með upplýsingum og myndum um hvernig má breyta fötum og endurnýta þau.*



Nú er að renna upp sá tími að hægt verður að klæðast þunnum og sætum sumarkjólum. Stelpur geta alltaf blómum á sig bætt og fáar slá hendinni á móti nýjum fallegum kjól. Því er tilvalið að gramsa í fataskápnum hjá eiginmanninum, kærastanum eða pabba gamla og finna gamla skyrtu sem legið hefur ónotuð í langan tíma. Því sumarlegri og skrautlegri sem skyrtan er því betra. Svo er bara að hefjast handa við að breyta skyrtunni í flottan sumarkjól á dótturina, frænkuna eða litla vinkonu.

Á netinu má finna ógrynni síðna sem veita upplýsingar og sýnikennslu við verkið en þetta á að vera mjög lítið mál og taka einungis tvo til þrjá klukkutíma. Það eina sem þarf til auk skyrtunnar er efni til að nota í mittisband, teygja og að sjálfsögðu saumavél.

Hér er dæmi um síðu þar sem finna má góðar upplýsingar hvernig á að bera sig að, www.danamadeit.com ■ **lbh**




Allt í einni túpu. Raki, vörn og lýtalaus áferð.

Nýtt. DayWear B·B Creme SPF35

Með öflugusta andoxunarkrafti hingað til.*

Þetta létta krem gefur þér jafnan lit og heilbrigt útlit á augabragði. Öflug vörn með andoxunarefnum og SPF 35. Fullkomin ásýnd og olíulaus rakagjöf. Fáanlegt í tveimur litum.

*Á tilraunastofu þar sem bornir voru saman eiginleikar „Super Anti-Oxidant Complex og önnur mikið notuð andoxunarefni eins og Alpha-Lipoic acid, Kinetin, C- vitamín, E-vitamín, Coenzyme Q10 og Idebenone




ESTĒE LAUDER



Gjöfin þín

Þessi glæsilega gjöf fylgir ef þú kaupir Daywear krem*

Estée Lauder verslanir

*Meðan birgðir endast.
Verðgildi gjafarinnar er ca. kr. 12.700




Hin fagra og forna Albanía
28. sept. - 8. okt.

Albanía hefur nú loksins opnast fyrir erlendum ferðamönnum. Enn hefur alþjóðavæðingin ekki náð að festa þar rætur og er lítt sjáanleg. Þar má sjá ævaforna menningu, söguna á hverju horni, gríðarfallega náttúru og fagrar strendur og kynnast einstakri gestrisni heimamanna þar sem gömul gildi eru enn í hávegum höfð.

INNIFALIÐ: Flug, hótel, allar ferðir, íslenskur fararstjóri og hálft fæði.
Verð: 279.450 kr. á mann miðað við tvo í herbergi

Trans-Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is




**FALLEGIR KJÓLAR ÚR FLOTTU EFNI** Hér eru systurnar Svanhvít og Oddlaug í kjólum sem þær saumuðu sjálfar.



**NOKKUR DÆMI** Nýaldarlegar beittar línur skera sig úr.



**BLÓMAELDUR** Eldheit blómabreiða myndi vekja athygli hvar sem er.

# GAMALT VERÐUR NÝTT

**FORTÍÐARÞRÁ** *Oddlaug Árnadóttir í vefnaðarvöruverslunninni Handalínu segir ný „retró" efni frá Grikklandi kjörin í sumarflíkina.*

Við mæðgur reynum að flytja inn öðruvísi efni. Við fengum til dæmis nýlega „vintage" lager frá 1960-1990, frá framleiðanda sem tók alltaf eina og eina rúllu af hverju efni sem hann framleiddi í gegnum árin til hliðar," segir Oddlaug Árnadóttir sem rekur verslunina Handalínu á Vitastíg ásamt móður sinni og systur. „Flest efnin eru sérvalin og næstum ófáanleg annars staðar. Mikið er um litadýrð og falleg mynstur sem eru tilvalin í öðruvísi skemmtilegar flíkur í sumar."

Oddlaug segir nærandi fyrir hug og hönd að skapa eigin flíkur og hvetur óvana til að prófa. „Það getur reynst erfitt í fyrstu en æfingin skapar meistarann." ■ vg



**MANDÖLUMYNSTUR** vekja fortíðarþrá.





Hjálp náttúrunnar við aukakílóum

MEZINA

KONJAK - líka fyrir karlmenn

KONJAK er ný grenningarvara fyrir fullorðna í ofþyngd. KONJAK inniheldur náttúrulegar trefjar, (glucomannan) sem eru unnar úr konjak plöntunni sem vex í Asíu.

Notkun: 2 töflur með stóru vatnsglasi hálftíma fyrir 3 stærstu máltíðir dagsins.

Frekari upplýsingar www.gengurvel.is

Fæst í apótekum, heilsubúðum, heilsuhillum stórmarkaða og á www.femin.is



Glæsileg í sumarjakka frá Topphúsinu



TOPPVÖRUR • TOPPÞJÓNUSTA

ToppHÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16,
www.topphusid.is
NÆG BÍLASTÆÐI





15% AFSLÁTTUR AF YFIRHÖFNUM OG JÖKKUM

BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770



BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið



Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00




## AÐÞRENGDAR HÆTTA

■ **Kveðja á sunnudaginn**

**Síðasti þátturinn um Aðþrengdu húsmæðurnar, „Desperate Housewives", verður sýndur í Bandaríkjunum á sunnudagskvöld. Þetta er áttunda þáttaröðin og framleiðandinn segir að nú sé komið að leiðarlokum. „Allt sem er gott tekur enda." Síðasti þátturinn er tveggja klukkustunda langur og nefnist „Give Me the Blame/Finishing the Hat". Lofað er spennandi endi á þáttaröðinni sem hefur verið afar vinsæl um allan heim allt frá byrjun. Sýningar á þáttunum hófust í maí 2005.**




SAFT

RÆDDU UM ÞÁ ÁHÆTTU SEM FYLGIR ÞVÍ AÐ HITTA NETVIN

Heimili og skóli
www.saft.is



Gefðu dekur á Mæðradag

Handsnyrting - Fótsnyrting - Litun og plokkun

Allt þetta á aðeins 9.900 kr.







VICTORIA SALON & SPA    SUÐURLANDSBRAUT 16    SÍMI: 611-5500




**FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI** Brynjar segir æ fleiri garðeigendur vilja eiga frí um helgar og því fái þeir garðyrkjumenn í áskrift í garðvinnuna. MYND/PJETUR

# GARÐLIST Í 23 ÁR

**GRÓÐUR** *Maímánuður er mikilvægur til að huga að ýmsum garðverkum fyrir sumarið.*

Í hartnær aldarfjórðung höfum við einbeitt okkur að alhliða viðhaldsþjónustu fyrir garða og lagt áherslu á að garðeigendur finni allar lausnir á einum stað," segir Brynjar Kjærnested, framkvæmdastjóri Garðlistar, sem hefur sérhæft sig í fegrun og þjónustu við íslenska garða í 23 ár.

„Í maí er mikilvægt að hreinsa til í görðum, klippa tré og runna og bera áburð og arfaeitur í blómabeð til að létta á viðhaldi yfir sumartímann," segir Brynjar. „Þá byrjar sláttur upp úr miðjum maí og sífellt vinsælla er að vera með slátt í áskrift hjá okkur, en þá fylgjumst við með sprettunni og komum reglulega til að slá."

Garðlist sinnir hvers kyns viðhaldi á görðum og grænum svæðum fyrir einstaklinga, húsfélög og bæjarfélög.

„Langflestir af okkar viðskiptavinum eru með allt sem lýtur að garðinum í áskrift; trjáklippingar, beðhreinsun, slátt, úðun, plöntun sumarblóma og hvaðeina sem þarf til að garðurinn sé vel hirtur og í blóma. Á 23 árum hefur enda mikil þekking og reynsla safnast í Garðlist og því þægilegt og traust að fá garðyrkjumenn okkar í verkið," segir Brynjar.

Garðlist tætir einnig trjáboli eftir að tré hafa verið felld. „Gamlir trjábolir eru oft til óyndis á miðju túni eða í beðum," segir Brynjar.

Hann bendir garðeigendum á að vera vakandi fyrir trjámaðki sem vaknar til lífsins í lok maí og panta þá úðun sem fyrst.

# Á TÍMAMÓTUM

**SUMARHÚSIÐ OG GARÐURINN KYNNIR** *Ritstjóri tímaritsins Sumarhúsið og garðurinn, Auður I. Ottesen, stendur í stórræðum á 20 ára afmæli blaðsins. Þá er hún að standsetja lystigarð við nýtt aðsetur fyrirtækisins á Selfossi.*

Tuttugu ár eru liðin síðan tímaritið Sumarhúsið og garðurinn var fyrst gefið út. Í byrjun var blaðinu dreift til sumarhúsaeigenda undir nafninu Sumarhúsið, en útgáfa þess hófst árið 1992.

„Tveimur árum síðar keypti eiginmaður minn, Páll Jökull Pétursson, blaðið ásamt Gunnari Jóhannssyni sem átti það með honum í 2 ár. Árið 2000 var svo blaðið boðið í áskrift og sameinaðist garðyrkjuritinu Við ræktum árið 2003 undir núverandi nafni, Sumarhúsið og garðurinn. Árið 2006 keypti útgáfan garðyrkjuritið Gróandann en þegar sýnt var að rekstur þess tímarits stæði ekki undir sér var hann sameinaður Sumarhúsinu og garðinum en núverandi eigendur tímaritsins eru ég, Páll Jökull og sonur minn, Mörður Gunnarsson Ottesen," segir Auður.

Auður segir þau hjónin hafa flutt með fyrirtæki sitt til Selfoss nýlega. „Við höfum verið að moldvarpast hérna í garðinum hjá okkur, plantað alls kyns trjám svo sem epla-, peru-, kirsuberja- og plómutrjám og erum að standsetja matjurtasýningargarð. Þar verða kúrbítar, tómatar, aspas, kryddjurtir og hefðbundnar matjurtir. Við eigum því færi á að halda verkleg námskeið í matjurta- og kryddrækt." Auður hefur í gegnum tíðina boðið upp á fræðslu með námskeiðahaldi og ráðgjöf til garðeigenda. Hjónin eru með fleiri járn í eldinum því fyrirtæki þeirra gefur út bækur.

Fyrsta upplag bókarinnar Árstíðirnar í garðinum seldist upp hjá þeim en önnur prentun er í prentvélunum og fjórða úgáfa bókarinnar Matjurtir í endurvinnslu er líka í prentun. Þá hefur Páll Jökull unnið að gerð ferðamannabæklinga fyrir landshlutasamtök í ferðaþjónustu til fjölda ára. Fyrirtæki þeirra býður einnig heildarlausnir í útgáfumálum, þar á meðal umbrot, hönnun, ljósmyndun og prentun og það hefur einnig staðið fyrir sýninga- og ráðstefnuhaldi.



**ÚTGÁFA** Fyrirtæki Auðar hefur lengi gefið út bæði bækur og tímarit.

***Á afmælisárinu** verður sögu blaðsins minnst með ýmsum hætti. „Við höfum fengið fimm rithöfunda til að frumsemja smásögur sem birtast í hverju blaði. Þriðja tölublaðið verður viðhafnarútgáfa og efnt verður til hátíðar í tilefni tímamótanna," segir Auður.*





# GARÐYRKJURÁÐ Á FACEBOOK

**■ Góðar leiðbeiningar**

Vilmundur Hansen, blaðamaður og garðyrkjufræðingur, er með ókeypis garðyrkjuráðgjöf á Facebook sem margir notfæra sér. Ræktaðu garðinn þinn nefnist síðan sem hefur tæplega sjö þúsund vini. Margir senda inn fyrirspurnir á síðuna sem Vilmundur og fleiri spekingar svara. Þeir sem lesa verða því margs vísari þar sem þarna koma upp ótrúlegustu spurningar og svör.

Spurt var á síðunni hvað best væri að gera þegar flugur verpa í blöðin og þau rúllast upp. Svar frá Vilmundi barst strax:

Þú getur reynt að úða með einni eða öllum af eftirfarandi blöndum.

**SÁPA OG SÓDAVATN**
**0,8 lítrar vatn**
**0,1 lítri sódavatn**
**0,1 lítri græn- eða brúnsápa**

**Sápan er leyst upp í vatninu og sódavatninu bætt út í síðast. Hellt í brúsa og úðað yfir plönturnar.**

**RAUÐSPRITT OG PARAFFÍNOLÍA**
**1 lítri vatn**
**0,1 lítri paraffínolía**
**1 teskeið rauðspritt**
**Olíunni og rauðsprittinu hrært saman við vatnið og úðað yfir plönturnar.**

**RABARBARABLÖÐ**
**10 til 12 blöð af rabarbara**
**4 matskeiðar grænsápa eða önnur vistvæn sápa**
**5 lítrar af vatni**

**Blöðin eru soðin í vatni í lokuðum potti við vægan hita í þrjár klukkustundir. Að því loknu eru mauksoðin blöðin síuð frá, sápunni blandað í heitan vökvann og hrært í þar til sápan leysist upp. Síðan er vökvinn látinn kólna áður en honum er úðað yfir plönturnar. Yfirleitt þarf að úða nokkrum sinnum meðan á maðkatímabilinu stendur til að ná góðum árangri.**




# Þjónustuauglýsingar

**Sími 512 5407**

**HREINN BÍLL BETRI BÍLL**

Bíllinn verður sem nýr og verðmeiri! - ekki gleyma því - með Concept eða Meguiar´s bón- og hreinsivörum. Bestu bón í heimi - segja kúnnarnir.

MÁLNINGARVÖRUR
CONCEPT
Meguiar's
Lágmúla 9, 104 Reykjavík
Sími 581 4200

---

BRIDGESTONE
LÁGMÚLI 9

**UMFELGUN 5.860,-**
SUMARDEKK Á ÚRVALSVERÐI.

BETRAGRIP
Lágmúli 9 - bakhús
Sími 5 333 999
www.betragrip.is

---

• Ættarmót • Garðveislur • Afmæli • Brúðkaupsveislur • Útisamkomur • Skemmtanir • Tónleikar • Sýningar • Fermingar • Kynningar o.fl.

**Viðrar vel til veisluhalda?**
Tjöld af öllum stærðum. Borð, bekkir, stólar ofl.

550 9800

Tjaldaleiga skáta
Hraunbær 123 • 110 Reykjavík • Sími 550 9800
Netfang: tjaldaleiga@skatar.is • www.skatar.is

---

**Rafstilling ehf**

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

---

**ROST EHF**

Vinnupallaþjónusta

Verkpallar, uppsetning og niðurtaka.

EDGAR BALTAIS • S. 821 2594 • rostehf@gmail.com

---

## ALLT Í KAMBSTÁLIÐ

- Klippt & beygt kambstál 6 – 32 mm
- Tengijárnabakkar & Samsetningahólkar
- Fjarlægðaplast og Bindivír
- Vélar & Tæki til vinnslu Kambstáls

**Bindir & Stál ehf. • www.bindir.is**
Hvaleyrarbraut 39 • 220 Hfj • S.564 6050 • bindir@simnet.is

---

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is

GENERAL HJÓLBARÐAR

---

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
AUÐUNS

Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

---

[ AIS Fyrir Báta og Skip ]

AIS Class – A    AIS Class – B    AIS Class – B með skjá

**Betri búnaður - Betra verð**
Elcon ehf • sími 5529510 • elcon@simnet.is

---

**GARÐASmiði**

• PALLAR • SKJÓLGIRÐINGAR • HELLULAGNIR • GRJÓTHLEÐSLUR • TRJÁKLIPPINGAR • GARÐAÞJÓNUSTA
• sími 899 5700 • www.gardasmidi.is

---

Rafvirkjar - Smiðir
Flísalagnir - Múrarar
Málarar - Píparar

LP VERK ehf.
BYGGINGAFÉLAG

Allar almennar húsaviðgerðir!
**698 6738**
www.lp-verk.is
Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu!

---

**Efnalaug og þvottahús.**

Þekkt efnalaug til sölu,
í rúmgóðu og velstaðsettu húsnæði.
Góður tækjakostur, og búnaður allur.
Einstaklega gott tækifæri.
Leitið uppl.

**Fyrirtækjasala Ísl. S: 520-3500 www.atv.is**

---

## VARAHLUTIR

**Iveco • Benz • Man • Renault**

*Varahlutaþjónusta*

VÉLANAUST ehf

Álhella 4 • Símar 555 6670 • 892 3996 • www.velanaust.is

---

**IVECO**

Viðgerðar- og varahlutaþjónusta

VélRás

Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

---

## SPARAÐU BENSÍN!

Metan uppfærðu bílinn þinn

Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leitið tilboða í búnað og ísetningu – sparið með Metan
Lán til allt að 48 mánaða

VélRás bigas
Velras.is • Sími: 555 6670 • Álhella 4

---

**Allt á einum stað**

BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

---

**Lok á heita potta**

Áklæði úr sterkum pvc segldúk til í 3 litum
Gerum einnig yfirbreiðslur á kerrur, báta og fl.

Upplýsingar gefur Kristinn í síma 899-7663 eða tjalda@simnet.is

---

**Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.**

- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

---

**MARKMIÐ VERKTAKAR**

ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD

Smíðavinna · Pípulagnir · Raflagnir · Málningavinna
Múrviðgerðir · Flísalagnir · Hellulagnir · Jarðvinna
Lóðavinna

Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888

---

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn-verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT

Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

---

**Gardsman**

Öryggiskerfi

Vortilboð -10%

Dalvegi 16b s: 554-2727

Hugna.is

Sjá nánar á www.hugna.is

---

**Parketslípun**

sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is

99% RYKFRÍTT

Gólflist
Parketlagnir og viðhald

---

## ALPAR TRÉSMÍÐI

ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐAVINNA INNAN SEM UTAN.

20 ÁRA REYNSLA.
TILBOÐ/TÍMAVINNA

UPPL. HJÁ GUÐMUNDI Í S. 895 6820
ALPARSLF@HOTMAIL.COM

---

# Nýtt!

**Þjónustuauglýsingar alla laugardaga í Fréttablaðinu.**
**Hringdu í síma 512 5407**

---

# Alla fimmtudaga og laugardaga

gunny@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Jeppar



**Tilboð Tilboð**
MITSUBISHI PAJERO TURBO Diesel LANGUR 33"breyttur árg 2001 ekinn 199þ.Leður topplúga 7 manna.Ný skoðaður.Verð 1480þ Tilboð 990Þ. S: 898 2811

## Pallbílar



Dodge Ram 2500 Laramie Diesel árg. 2008 ekinn 40þús. 35" dekk 20"felgur. Leður 6 manna. Lok á palli DVD. Einn sá flottasti. S:898-2811.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Mótorhjól



KTM 400 enduru, árg. 02. 250 þ. stgr. S. 659 0566



**Tilboð Tilboð**
KAWASAKI NINJA ZX-600R árg. 2007 ekið 3000km. Sem nýtt. Einn eigandi. Verð 950.000. S: 898-2811.

## Vespur



Til sölu Piaggio vespa 250 cc 2009 keyrð 3800 km. Verð 530 Þús. Upplýsingar í síma 567 2514 og 866 4514.

## Hjólhýsi



Suzuki Grand Vitara árg. 2005 sjálfsk. Einstaklega gott eintak, ekinn 108 þúsund. Nýleg Heilsársdekk. Sjálfskiptur, leðurinnrétting, skoðaður. Suzuki umboðið verðmetur bílinn á 1.690 þúsund. Skoða tilboð og skipti. Uppl. 869 1122 Örn

## Vinnuvélar



LEIGÐU LENGRI VINNUDAG! RAFSTÖÐVAR 4-160KW OG LJÓSAMÖSTUR MEÐ 220V ÚRTAKI. EINNIG DIESEL VATNSDÆLUR MEÐ 72m3/klst AFKSÖTUM. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

## Bátar



Smíðum álhurðar í báta stórar sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Bílaþjónusta




Concept og Meguiar's - Bónvörurnar sem gera bílinn þinn, fallegri, betri og verðmeiri.

## Hjólbarðar










Ný og notuð dekk í miklu úrval 13", 14", 15" 16", 17", 18", 19" og 20". VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97-'99, Terrano '98, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230E '97. Volvo 460 '93, Ford Mondeo ár '00. Transporter '99 Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.




**Japanskar vélar Bílapartasala**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**VW - Skoda - Varahlutir**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

**Varahlutavaktin Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

## Viðgerðir



**Reiðhjóla og sláttuvélaþjónustan - enginn biðtími !**
ENGINN BIÐTÍMI ÖLL REIÐHJÓL LÖGUÐ SAMDÆGURS, Tek við öllum gerðum af reiðhjólum, og sláttuvélum. Einnig aðrar smávéla viðgerðir. Vagnhöfða 6, S. 821 0040.

**AB Bremsur og viðgerðir**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

**AB - PÚST**
Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Flutningsþrif,Gólfbónun,Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

## Garðyrkja




**Garðsláttur og garðklippingar**
fyrir húsfélög og einstaklinga. Fáðu verðtilboð. ENGI ehf. Sími 615-1605.

**Er öspin til ama ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.




Alhliða Garðaþjónusta. Gæði framar öllu. vinnangofgar.is sími 8628618.




Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.







**Garðaþjónusta Reykjavíkur**
**20% afsláttur fyrir eldri borgara.**
Öll almenn garðvinna! Trjáklippingar Beðahreinsanir, Trjáfellingar, garðaúðanir, þökulagnir,sláttur, hellulagnir ofl. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. Eiríkur, S. 774 5775. Þórhallur S. 772 0864.













GARÐSLÁTTUR Fagmennska og vönduð vinnubrögð ! Fáðu tilboð. Sigurður, S. 823 1060.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar




**Vinnan Göfgar**
Alhliða Málningarþjónusta. Gæði framar öllu vinnangofgar.is sími 778-0100.




Alhliða Málningarþjónusta. Gæði framar öllu. vinnangofgar.is sími 778-0100.

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

**Málarameistari**
Öll almenn málningarvinna. Egill s. 868 5171.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




**Húsaviðgerðir - Nýbyggingar Tilboð ókeypis**
Múrarar, málarar, háþrýstiþvottur, smiðir- gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is




**MALBIKSVIÐGERÐIR**
Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Skiptið við gæðavottað fyrirtæki. Sími: 565-2030 www.colas.is colas@colas.is ISO 9001 vottun












Sólpalla og parketslípun um allt land. Alltaf bestu verðin og bestu efnin. Áratuga reynsla. Gegnheil eik einnig á lager. 7728100 facebook.com/parketslipun parketsliparinn

**Dren og klóaklagnir!**
Tökum að okkur endurnýjun á Dren og klóaklögnum á.a almennri jarðvinnu. Uppl. 869 1700, jardlausnir@gmail.com

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

Hreinsa þakrennur, laga ryðbletti, garð og glugga, tek að mér ýmis smærri verkefni. Uppl. í s. 847 8704 eða manninn@hotmail.com

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

**Óli smiður**
Tek að mér verkefni stór sem smá, úti sem inni, mikil reynsla. Óli smiður, sími 698 9608.

## Tölvur

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.

## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740.

## Spádómar





Í
Hörpu
17. júní
2012
HELGI BJÖRNS
SYNGUR
ÍSLENSKAR
DÆGURPERLUR
EIVÖR RAGNHILDUR GÍSLA SIGRÍÐUR THORLACIUS KK JÓN JÓNSSON
JOHN GRANT VALDIMAR
Útsetningar: Samúel J. Samúelsson + Kynnir: Ragnar Kjartansson
Miðasala er hafin á harpa.is

## Fasteignir

**EIGNAMIÐLUN**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

Frá 1957 Sala fasteigna í 55 ár

Elsta starfandi fasteignasala landsins

Félag Fasteignasala

**Hraunbær - mikið endurnýjuð – falleg og mikið endurnýjuð sameign.**







Falleg talsvert endurnýjuð 3ja herbergja íbúð á 3.hæð í mjög góðu fjölbýli. Endurnýjað eldhús, baðherbergi og fl. Mjög snyrtileg endurnýjuð sameign. Innréttingar eru að mestu háglans hvíttsprautaðar í eldhúsi. Flísar og parket. Góðar svalir. **Verð 18,3 millj. Mikið áhvílandi. Allar nánari upplýsingar veitir Þórarinn M. Friðgeirsson á Eignamiðlun.**

**FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF**

Sími 562 4250

Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

**Fjallalind 84 - Raðhús**

**Opið hús í dag á milli 17 og 17:30**




Mjög gott ca. 173 fm. raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Fjögur góð svefnherbergi, frábær staðsetning. Sér garður og þaksvalir. Stutt í skóla, leikskóla og alla þjónustu. **Verð 47,5 millj.**
**Óskar og Guðjón sýna húsið í dag, fimmtudag, á milli 17 og 17.30.**
**Uppl. í síma 822-8750.**

**HÚSIÐ FASTEIGNASALA**

**SUÐURLANDSBRAUT 50**
**BLÁU HÚSIN Í SKEIFUNNI**
WWW.HUSID.IS • S: 513-4300
VILHJÁLMUR BJARNASON
LÖGG. FAST.SALI

*- Heilshugar um þinn hag -*

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17 – 18**

**Þingvað 23, Reykjavík**

**Glæsilegt 5 herbergja einbýlishús**



Glæsilegt óvenju vandað 281,4fm. einbýlishús að mestu leyti á einni hæð. Skiptist m.a. í 4 svefnherbergi með skápum og stórglæsilegu baðherbergi á sérgangi. Stórt þvottahús, gestasnyrting, 2 samliggjandi stofur og fallegt eldhús með granít borðplötum og vönduðum heimilistækjum. Á efri hæð er sér svefnherbergissvíta ásamt baðherbergi og rúmgóð sjónvarpsstofa. Innangengt í flísalagðan bílskúr. Allar innréttingar og gólfefni af vönduðustu gerð. Óvenju fagurt útsýni yfir heiðmörk og fjallahringinn.
**Agnar gsm. 820-1002, tekur á móti ykkur milli kl. 17-18 í dag.**

## Atvinna

Capacent Ráðningar

# VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
  Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
  Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
  Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
  Við leggjum áherslu á að ræka árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
  Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
  Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
  Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!




**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

## Fundir / Mannfagnaður

# Aðalfundur

Aðalfundur Samtaka lungnasjúklinga verður haldinn fimmtudaginn 24. maí 2012 kl. 20 í SÍBS húsinu að Síðumúla 6 (gengið inn baka til).

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf, samkvæmt lögum samtakanna
Önnur mál.

Vonumst til að sjá ykkur sem flest.

Stjórnin

SAMTÖK LUNGNASJÚKLINGA




Heimili og skóli

www.saft.is



# Ármúli 15

**108 Reykjavík**

Snyrtilegt 390 fermetra iðnaðarhúsnæði miðsvæðis í Reykjavík
Húsnæðið er með góðri lofthæð
Stórar innkeyrsluhurðir
Góð starfsmannaaðstaða

Nánari upplýsingar veita
**Davíð Jónsson**
sölufulltrúi
**sími:** 697 3080
david@miklaborg.is

**Þröstur Þórhallsson**
löggiltur fasteignasali
**sími:** 897 0634
throstur@miklaborg.is

Verð: **55 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

## OPIÐ HÚS Í DAG



# Þinghólsbraut 63

**200 Kópavogi**

fimmtudag 10. maí
**frá kl. 17:00-18:00**

Mikið endurnýjað tæplega 300 fm einbýli.
Einstök sjávarlóð í frábæru umhverfi.
Rúmgóðar stofur, góð hjóna álma.
**Laus strax.**

Nánari upplýsingar veitir
**Atli S. Sigvarðsson**
Sölufulltrúi
**sími:** 899 1178
atli@miklaborg.is

**Jason Guðmundsson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **85 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

# Brúnavegur 4,
## Úthlíð Bláskógabyggð

**Opið hús þann 12. maí milli kl. 14.00 og 17.00**



Bústaðurinn er timburhús byggt árið 1991, en endurnýjað að innan árið 2000. Húsið er 55 ferm. að flatarmáli auk svefnlofts, sem er manngengt undir mæni. Þar er í dag sjónvarpshol og svefnsófi. Húsið klætt að utan með láréttri timburklæðningu málað í brúnum lit og er í þokkalegu standi að utan. Litað stál á þaki. Húsið skiptist í forstofu m/dúk, eldhúskrók m/ viðarinnréttingu, stofu m/ parketi, baðherbergi m/ sturtu, og innréttingu og tvö svefnherbergi með skápum, kojur í öðru þeirra en rúm í hinu. Húsið stendur á um 0,35 ha. leigulóð úr landi Úthlíðar. Lóðin, sem er vel gróin, hefur mjög fagurt útsýni til suðausturs m.a til Heklu. **Verð 14,9 millj.**

**Nánari uppl. veitir Hallgrímur Óskarsson**
**Sölumaður**
**Lögmenn Suðurlandi, Austurvegi 3, Selfossi.**
**480-2902**
**halli@log.is**

LÖGMENN SUÐURLANDI

# Hágæða fasteignir

## til sölu við einn vinsælasta og eftirsóttasta golfvöll Spánar í dag, Las Colinas!

Einnig til sölu úrval annarra fasteigna á Torrevieja svæðinu.
Aldrei verið eins hagstætt að kaupa fasteignir á Spáni!
**Skoðunarferð til Spánar 16.–23. maí næstkomandi.**





**Verð pr mann**
**kr 49.900**



Miðað við 2 saman í íbúð ásamt beinu flugi fram og til baka.



maggi@12og3.is

# OPIÐ HÚS Í DAG

**Suðurlandsbraut 22 frá kl. 17:30–18:30.**
**Fáðu allar upplýsingar um fasteignakaup á Spáni.**
**(Gengið inn bakatil)**

EUROPEAN TOUR

LAS COLINAS
Golf & Country Club

**Kynnið ykkur málið hjá Spánarheimili**
**Suðurlandsbraut 22, Sími 530-6502**
**info@spanarheimili.is, www.spanarheimili.is**

spánar heimili

# Okkar hlutverk er að dreifa

fjölpósti, blöðum, tímaritum, bréfum og vörum.

**Heyrðu í okkur næst þegar þú þarft á öruggri og hagstæðri dreifingarþjónustu að halda.**

**Póstdreifing - Suðurhraun 1 - 210 Garðabær - Sími 585 8300 - www.postdreifing.is**



Póst dreifing

LA-Z-BOY

HÚSGAGNAHÖLLIN

# RÝMINGARSALA

## Rýmum fyrir nýrri sendingu af La-z-boy!



NÚNA 40% AFSLÁTTUR

**71.994**

**FULLT VERÐ: 119.990**

**VENTURA** La-z-boy stóll. Natur áklæði.
B:91 D:85 H:107 cm.

*Hinn eini sanni!*

LA-Z-BOY er hágæða vörumerki, þar sem þægindi, notagildi og ending fara saman. Upplifðu hvíld á nýjan hátt og færðu þægindi inn á þitt heimili með LA-Z-BOY.

LA-Z-BOY er brautryðjandi í hönnun á amerískum hvíldarstólum. LA-Z-BOY stóllinn hefur skapað sér sérstöðu í gegnum tíðina og eru nú til margar mismunandi gerðir sem stöðugt er verið að þróa og gera enn betri.

LA-Z-BOY er skrásett vörumerki og fæst eingöngu í Húsgagnahöllinni.

**TILBOÐIN GILDA** 10.-14. maí.



NÚNA 40% AFSLÁTTUR

**65.994**

FULLT VERÐ: 109.990

LA-Z-BOY

**AMITY** La-z-boy stóll. Brúnt, camel eða ljóst áklæði.
B:80 D:73 H:102 cm.



NÚNA 40% AFSLÁTTUR

**95.994**

FULLT VERÐ: 159.990

LA-Z-BOY

**COLE** La-z-boy stóll. Röndótt, svart eða natur áklæði.
B:85 D:77 H:102 cm.



NÚNA 40% AFSLÁTTUR

**71.994**

FULLT VERÐ: 119.990

LA-Z-BOY

**MYSTIQUE** La-z-boy stóll. Ljóst áklæði.
B:92 D:79 H:104 cm.



NÚNA 40% AFSLÁTTUR

**131.994**

FULLT VERÐ: 219.990

LA-Z-BOY

**DECLAN** La-z-boy stóll. Performance dökkbrúnt leðuráklæði.
B:95 D:84 H:103 cm.



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

**160.993**

FULLT VERÐ: 229.990

LA-Z-BOY

**DEMPSEY** La-z-boy nuddstóll. Brúnt leðurlíki og ljóst áklæði.
B:90 D:100 H:103 cm.



NÚNA 20% AFSLÁTTUR

**95.984**

FULLT VERÐ: 119.980

LA-Z-BOY

**PINNACLE** La-z-boy stóll. Ljóst áklæði.
B:82 D:81 H:102 cm.

**0% VEXTIR** Húsgagnahöllin býður nú upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða

MasterCard VISA

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ** Virka daga 10-18 laugardaga 12-18 sunnudaga lokað.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**52** **ÍRSKI TÓNLISTARMAÐURINN BONO** á afmæli í dag.
*„Tónlist getur breytt heiminum, því hún getur breytt fólki.“*

---

✝



Eiginkona mín, móðir okkar, amma, langamma og systir,

**HALLDÓRA BJARNADÓTTIR**
**Kvígindisfelli, Tálknafirði,**

sem lést 27. apríl á gjörgæslu Landspítalans í Fossvogi, verður jarðsett frá Tálknafjarðarkirkju laugardaginn 12. maí kl. 14.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Magnús Guðmundsson**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HREFNA ÞÓRARINSDÓTTIR**
**Hlíðarvegi 62a, Kópavogi,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ þann 7. maí. Útförin fer fram frá Digraneskirkju miðvikudaginn 16. maí kl 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Umhyggju, félag til stuðnings langveikum börnum.

**Hugo Rasmus** — **María Játvarðardóttir**
**Tómas Rasmus** — **Hlíf Erlingsdóttir**
**Steinunn Rasmus** — **Jón Árni Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**HILDEGARD ÞORGEIRSSON**
**(Fædd Reiss)**
**Dvalarheimilinu Ási.**

Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir sendum starfsfólki á Dvalarheimilinu Ási í Hveragerði fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Hafsteinn Þorgeirsson**
**Þorgeir Hafsteinsson** — **Guðbjörg Þorsteinsdóttir**
**Karín H. Hafsteinsdóttir** — **Ríkharður Hrafnkelsson**
**Sigurður H. Hafsteinsson** — **Helga Möller**
**Davíð E. Hafsteinsson** — **Helga B. Marteinsdóttir**
**Hafsteinn E. Hafsteinsson**
**Hafdís Hafsteinsdóttir** — **Arnar Guðnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Okkar ástkæra,

**MARGRÉT V. AÐALSTEINSDÓTTIR**
**Kleppsvegi 58, Reykjavík,**

sem lést laugardaginn 28. apríl á Hjúkrunarheimilinu Grund, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 11. maí kl. 13.00.

**Sigurður Berg Bergsteinsson**
**Óskar Sigurðsson** — **Katarzyna S. Sigurðsson**
**Sigrún Sigurðardóttir** — **Hörður Benediktsson**
**Hafdís Björg Sigurðardóttir** — **Óskar Ásgeirsson**
**Þjóðbjörg Heiða Þorsteinsdóttir**
**Valdís Ingunn Óskarsdóttir**
**Markus Georg Óskarsson**
**Sigríður Helga Aðalsteinsdóttir**
**Jóhanna Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir**
**Steinunn Sigurðardóttir** — **Brynjar Valdimarsson**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**EINAR S. M. SVEINSSON**
**fv. framkvæmdastjóri,**
**Herjólfsgötu 40, Hafnarfirði,**

lést á Landspítalanum föstudaginn 4. maí. Jarðarförin fer fram föstudaginn 11. maí frá Víðistaðakirkju kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Ingveldur Óskarsdóttir**
**Ingigerður Einarsdóttir**
**Óskar Einarsson** — **Unnur Gunnarsdóttir**
**Gyða Einarsdóttir** — **Bjarni Ólafur Bjarnason**
**Hildur Einarsdóttir** — **Sveinn Axel Sveinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

---

**ÞETTA GERÐIST:** 10. MAÍ 1994

## *Nelson Mandela verður forseti*



Á þessum degi árið 1994 tók Nelson Mandela við völdum sem forseti Suður-Afríku. Einungis fjórum árum fyrr var honum sleppt úr fangelsi í Suður-Afríku, eftir að hafa verið pólitískur fangi í 27 ár. Mandela leiddi baráttu gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku og var dæmdur ábyrgur fyrir skemmdarverkum og fleiri afbrotum.

Meirihluta fangelsisvistarinnar var hann látinn dúsa í litlum fangaklefa á Robben-eyju. Eftir að Mandela var sleppt úr haldi árið 1990 fór hann fyrir Afríska þjóðarráðinu í samningaviðræðum um lýðræðislegar kosningar. Mandela bauð sig fram í þeim kosningum og varð fyrsti lýðræðislega kjörni forseti Suður-Afríku. Hann sat í embætti til ársins 1999.

Mandela hlaut Friðarverðlaun Nóbels árið 1993. Hann hefur, eftir að hann lét af völdum, meðal annars beitt sér í baráttunni gegn alnæmi. Í fangelsinu á Robben-eyju var hann fangi númer 46664 en það númer hefur hann einmitt notað í þeirri baráttu.



**GEYMT EN EKKI GLEYMT** Ingibjörg og María eru stoltar af spilinu sem þær hafa unnið að í rúmt ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

GEYMT EN EKKI GLEYMT: SPIL FYRIR FÓLK MEÐ FORTÍÐ

# Skerpir athygli og einbeitingu

„Viðtökurnar hafa verið framar okkar björtustu vonum og við erum mjög stoltar,“ segir Ingibjörg Pétursdóttir iðjuþjálfi, sem ásamt Maríu Björk Viðarsdóttur kerfisfræðingi hefur hannað og gefið út spilið Geymt en ekki gleymt – Spil fyrir fólk með fortíð. Spilið er einkum ætlað eldra fólki og segir Ingibjörg það henta sérstaklega fólki með minnisskerðingu, þótt fleiri geti einnig haft af því ánægju.

Tildrögin að hönnun spilsins, sem ætlað er að skerpa athygli, einbeitingu og minni og vekja minningar sem stuðla að bættum samskiptum á milli þátttakenda og aðstandenda þeirra, voru mikil reynsla Ingibjargar af starfi með öldruðum og fólki með heilabilun. „Svo veiktist ég sjálf, varð að hætta að vinna og sat þá eftir með reynslu sem ég gat ekki nýtt til neins,“ segir Ingibjörg. „Ég gekk með hugmyndina að spilinu í maganum í nokkurn tíma og ákvað svo að láta slag standa með hjálp vinkonu minnar, Maríu Bjarkar Viðarsdóttur kerfisfræðings. Hún sá um tæknilegu hliðina meðan ég sá um útfærsluna á sjálfu spilinu. Ég hefði aldrei getað gert þetta ein. Ég vissi af fenginni reynslu að minnisskert fólk hefur mjög gaman af að skoða myndir og man oft vel eftir því sem gerðist fyrir löngu síðan þótt það muni kannski ekki hvað gerðist í gær.“

Spilið samanstendur af spjöldum með myndum af ýmsum þekktum stöðum og byggingum á Íslandi, sem teknar voru af Mats Wibe Lund ljósmyndara, fuglamyndum eftir Jóhann Óla Hilmarsson ljósmyndara og einnig myndum af þekktum Íslendingum, lífs og liðnum.

Í tengslum við myndirnar rifja þátttakendur svo upp í sameiningu atburði sem tengjast þeim og lýsa jafnvel reynslu úr eigin lífi. Ingibjörg og María hafa unnið að spilinu í rúmt ár. „Við sjáum sjálf um pakkningu og sölu og þetta hefur verið ansi mikil vinna. María vill að við gerum annað spil, hugsanlega með myndum af yngra fólki, en ég er ekki alveg jafn viss enda er ég eldri en hún,“ segir Ingibjörg og hlær. Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér spilið eða kaupa það geta litið inn á Facebook.com/geymtenekkigleymt.

**kjartan@frettabladid.is**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**INGUNN SÓLEY JÓNSDÓTTIR**

lést á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ að morgni 7. maí 2012. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju mánudaginn 14. maí kl. 13.00.

**Árni Guðbjartsson**
**Bogga Jóna** — **Maggi**
**Guðbjartur** — **Sigrún**
**Elva** — **Logi**
**og barnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**BJÖRG HÁKONÍA HJARTARDÓTTIR**

lést á Landspítalanum Fossvogi sunnudaginn 6. maí. Jarðarförin fer fram frá Lindakirkju mánudaginn 14. maí kl. 13:00.

**Þórarinn Ingi Jónsson**
**Smári Þórarinsson**
**Rósa Þórarinsdóttir** — **Magnús Andrésson**
**Björk Þórarinsdóttir** — **Kristinn Pétursson**
**Örvar, Nói, Vala, Ívar, Alexander, Sindri, Þröstur og Adda og langömmustelpurnar Alda, Gabríela Sif og Þórey**

KRÓNAN

Hollusta er okkar hjartans mál!

# Fróðleikur og kynning! í Krónunni á Granda

## Mjólkursamsalan verður með sérstaka kynningu dagana 10. - 12. maí í Krónunni á Granda!

Einkaþjálfari verður á staðnum og kynnir Hleðslu fimmtudag og föstudag frá kl. 15 - 18 og á laugardaginn frá kl. 14 - 17. Hjúkrunarfræðingar verða á staðnum á laugardaginn og gera mælingar á kólesteróli frá kl. 14 -17.




KRÓNAN Granda

OPIÐ ALLA DAGA KL. 10-20

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** fúska, **6.** hljóm, **8.** vefnaðarvara, **9.** blessun, **11.** númer, **12.** nær öll, **14.** trjátegundar, **16.** tveir eins, **17.** pota, **18.** ennþá, **20.** tvíhljóði, **21.** málmhúða.

**LÓÐRÉTT**
**1.** grunnflötur, **3.** snæddi, **4.** tónverki, **5.** for, **7.** málstaður, **10.** neitun, **13.** sjáðu, **15.** grobb, **16.** skref, **19.** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** káka, **6.** óm, **8.** tau, **9.** lán, **11.** nr, **12.** flest, **14.** eikar, **16.** ff, **17.** ota, **18.** enn, **20.** au, **21.** tina.

**LÓÐRÉTT: 1.** gólf, **3.** át, **4.** kantata, **5.** aur, **7.** málefni, **10.** nei, **13.** sko, **15.** raup, **16.** fet, **19.** nn.




„ÉG HELD AÐ ÞETTA VERÐI ÁFALL“

segir Inga á Nasa, sem undirbýr sig undir síðasta kvöld skemmtistaðarins áður en honum verður breytt í hótel.

Lífið – FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á FÖSTUDÖGUM


# Kúamykja frá L'Oréal

BAKÞANKAR Sifjar Sigmarsdóttur



Nýverið sóttu mig heim óvelkomnir gestir. Þær eru stundum kenndar við bros og sagðar vitnisburður visku. En þar sem þær blöstu við mér í speglinum, myrkar dældir eins og dalir inn á milli fjalla, voru öll slík hugrenningatengsl óra fjarri. Ég var ekki tilbúin fyrir mark um tímans þunga nið á andlitinu á mér. Hrukkurnar kringum augun yrði að reka burt. Ég kom mér upp vopnabúri af kremdósum og smyrsltúpum settum loforðum um framlengda æsku. Ég var nýbúin að maka mig áburði er ég rakst á auglýsingu á vefmiðli sem varð til þess að mér rann kalt vatn milli skinns og hörunds.

**ÞEGAR** ég var unglingur fór ég nokkrum sinnum með öldruðum konum í fjölskyldunni að sækja lúpínuseyði til manns sem bruggaði það heima hjá sér og gaf. Seyðið átti að vera allra meina bót. Bragðvondan drykkinn píndu þær ofan í sig með ósk um stundarfróun frá kvillum sínum. En batinn lét á sér standa. Seyðið hafði ég talið löngu horfið af sjónarsviðinu. En þarna var það, í nýjum umbúðum, auglýst til sölu með orðunum: „Krabbamein, asma, ofnæmi, exem, treg blóðrás, blöðruhálskirtilsbólga, Parkinsonsveiki, umgangspestir… lúpínuseyðið gæti hjálpað.“

**SEM** unglingur skildi ég ekki hvers vegna eldklárar, lífsreyndar konur létu glepjast af snákaolíu á borð við lúpínuseyði. En þar sem ég sat við tölvuskjáinn svo þéttsmurð andlitskremi að ætla mátti að markmiðið væri eilíf varðveisla á múmíuformi rann upp fyrir mér ljós. Ástæðan var von. Nokkrar hrukkur nægðu til að ég gaf gagnrýna hugsun upp á bátinn. Ég hefði makað mig kúamykju hefði L'Oréal sett hana í dós. Það var ekki að furða að vonin glepti gömlu konunum sýn þegar sjálf heilsan var annars vegar.

**ÓHEFÐBUNDNAR** lækningar hafa verið í umræðunni eftir að sýnd var um þær heimildarmynd á RÚV í síðustu viku. Ofbauð mörgum hve ógagnrýnin myndin var á lækningaaðferðir sem enginn vísindalegur fótur er fyrir. Öðrum þótti málið stormur í vatnsglasi. En þvert á það sem margir vilja vera láta eru óhefðbundnar lækningar ekki aðeins gagnslausar. Þær eru oft einnig skaðlegar. Johnny Rotten, söngvari The Sex Pistols, sagði í nýlegu viðtali frá láti stjúpdóttur sinnar úr brjóstakrabbameini í kjölfar þess að hún kaus óhefðbundnar lækningar umfram hefðbundnar. „Hún þurfti ekki að deyja… sum okkar í fjölskyldunni telja þetta jaðra við sjálfsmorð.“ Óhefðbundnar lækningar eru iðnaður sem græðir fúlgur fjár á komplexum, vanlíðan, örvæntingu og ótta fólks. Þær nýta sér varnarleysi þess á viðkvæmum stundum og hefur það að féþúfu. Það er ekki RÚV að gerast málpípa slíkra hagsmuna.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# SUMAR TILBOÐ

## GLÆSILEGUR NÝR 4BLS SUMARBÆKLINGUR

**SMELLTU Á KÖRFUNA**
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP






ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM MINNISKORTUM

### MINNISKORT
Minniskort fyrir spjaldtölvur, myndavélar og síma í miklu úrvali, nú allt að 50% afsláttur

**TILBOÐ**

MIKIÐ ÚRVAL MINNISKORTA



ENN BETRA VERÐ

### 4GB MINNISLYKILL
Örsmár og glæsilegur Silicon Power Touch T01 minnislykill úr höggvörðu stáli

**990**

8GB 1.990 • 16GB 3.990



SPILAR HD 1080p H.264, MPEG4, MKV og fleira

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

### 7" SPJALDTÖLVA
Spjaldtölva fyrir leiki, tónlist, kvikmyndir, internetið og tölvupóstinn með Android 2.3

**14.900**

8" SPJALDTÖLVA 19.900

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · ASUS · hp · lenovo · packard bell · SAMSUNG · TOSHIBA

# menning

menning@frettabladid.is



**ÞÓRARINN OG KRISTJÁN LESA UPP** Þórarinn Eldjárn og Kristján Hreinsson lesa ljóð sín á síðasta ljóðakvöldi veitingahússins Kryddlegin hjörtu á föstudagskvöld. Gestgjafi verður leikstjórinn og leikskáldið Árni Kristjánsson. Dagskráin hefst klukkan 19.30 og stendur í um þrjú korter.

# HÚSAKYNNI HREINS OG HEIMSINS

**Hús, sýning á nýjum og eldri verkum eftir Hrein Friðfinnsson, verður opnuð í Sverrissal Hafnarborgar á laugardag. Sýnd verða þrjú ljósmyndaverk; House Project, Annað hús og Þriðja hús.**





**HOUSE PROJECT OG ANNAÐ HÚS** Árið 1974 reisti Hreinn Friðfinnsson hús í hrauninu sunnan Hafnarfjarðar. Húsið var byggt á röngunni og innihélt þannig allan heiminn utan um sjálft sig. Árið 2008 speglaði Hreinn húsið í skúlptúrgarði í Frakklandi og lokaði heiminn inni í húsinu. Þessi tvö verk verða til sýnis í Hafnarborg, auk þriðja verksins sem komið var fyrir á sama stað og fyrsta verkinu fyrir hálfum fjórða áratug. ÁRI

Elsta verkið, House Project, er frá 1974 en þá byggði Hreinn Friðfinnsson hús í hrauninu sunnan Hafnarfjarðar, innblásið af frásögn Þórbergs Þórðarsonar af Sóloni Guðmundssyni á Ísafirði. Húsið var byggt á röngunni og innihélt þannig allan heiminn utan sjálft sig.

Fyrir þremur árum vann Hreinn aðra útgáfu af húsinu í skúlptúrgarði í Frakklandi og nefndi Annað hús. Það hús er speglun fyrsta hússins þannig að hið ytra sneri að veröldinni en inni var veröldin sjálf. Inni í húsinu svífur loftsteinn sem eins konar fulltrúi alheimsins og á honum er líkan af fyrsta húsinu byggt úr mjóum vír.

Nýjasta verkið, Þriðja hús, er stækkuð endurgerð á vírmódelinu innan úr húsinu í Frakklandi og var komið fyrir í hrauninu sunnan Hafnafjarðar, á sama stað og fyrsta húsinu.

„Húsið er sem sagt komið á upprunalegan stað og spegilmyndin komin í hring,“ segir Ólöf K. Sigurðardóttir, sýningarstjóri sýningarinnar og forstöðumaður Hafnarborgar. „Fyrsta verkið var hús á röngunni sem innihélt allan heiminn utan um sig; annað húsið lokaði hann inni en það þriðja hefur opnað sig fyrir honum.“

Hreinn Friðfinnsson hefur búið í Hollandi undanfarna fjóra áratugi en Ólöf segir áhrifa hans gæti víða í íslenskri myndlist. „Hann er einn af þeim sem ruddu brautina fyrir hugmyndalist hér á land og hefur í verkum sínum oft nýtt íslenska menningu sem uppsprettu þó viðfangsefnið sé almennara eins og til dæmis í House Project. Í verkunum er ákveðin ljóðræn kyrrð og dulúð, jafnvel skáldskapur sem segja má að hafi haft áhrif á íslenska myndlist. En áhrif hans og mikilvægi felast líka í því að hann er stór einstaklingur sem hefur mikið til málanna að leggja og komist langt í list sinni og þannig rutt ákveðna braut fyrir aðra. Skoði maður til dæmis bækur um íslenska myndlist er House Project sínálægt.“

Í tilefni sýningarinnar gefur Hafnarborg í samstarfi við bókaútgáfuna Crymogeu út bók þar sem finna má myndir af verkunum og af gerð þeirra auk texta eftir Ólöfu og franska listfræðinginn Frédéric Paul.



**ÓLÖF K. SIGURÐARDÓTTIR**
Sýningarstjóri og annar höfunda bókar um húsverk Hreins sem kemur út í tilefni af sýningunni.




Leikhús ★★★☆☆

## Beðið eftir Godot

**Höfundur:** Samuel Beckett. Byggt á þýðingu Árna Ibsens. Kvenfélagið Garpur. **Leikarar:** Halldóra Geirharðsdóttir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir, Alexía Björg Jóhannesdóttir, Ísabella Rós Þorsteinsdóttir og Katrín Ynja Hrafnkelsdóttir. **Leikstjóri:** Kristín Jóhannesdóttir.

## Borgarleikhúsið



Frumsýning í Borgarleikhúsinu á laugardag. Kristín Jóhannesdóttir leikstýrir fjórum konum í hlutverkum fjögurra karla. Það að konur leika karla er vitaskuld algert aukaatriði því hver segir í raun að þessar verur séu fremur karlar heldur en konur, þessar verur sem rangla um á jörðinni og bíða og bíða.

Einhvers staðar úti í auðninni stendur bert tré og þar eru þeir Gogo og Didi eða Estragon og Vladimir. Þeir velta fyrir sér hvort ekki væri gott að hengja sig en skortir til þess reipi, ákveða að skiljast að en þola ekki einveruna. Af og til gleyma þeir ástæðunni fyrir veru sinni þarna, nefnilega að þeir séu að bíða eftir Godot.

Beðið eftir Godot er ögrandi, fyndið og um leið nokkuð ruglingslegt leikrit eftir eitt af merkustu leikskáldum liðinnar aldar, Samuel Beckett. Hér fer Kristín Jóhannesdóttir þá leið að sannfæra okkur um að það sé samtalið sem slíkt sem öllu máli skiptir. Þeir Gogo og Didi eru að virðist vinir og hafa eitt sameiginlegt markmið, nefnilega að bíða eftir Godot. Hver þessi Godot er virðast þeir ekki vita fremur en áhorfendur. En í biðinni felst von, um leið og í henni felst ákveðin hræðsla.

Þær Halldóra Geirharðsdóttir og Ólafía Hrönn Jónsdóttir fara með hlutverkin tvö. Þeir kappar eru vel afmarkaðir, hvor með sínu sniði og mikil áhersla lögð á dillandi undirliggjandi húmor. Þar sem þeir skiptast á orðum, eins og þegar þeir eru að henda á milli sín höttunum, verður leikurinn eins og ljóð eða tónlist þar sem kviðurnar eru endurteknar en þó með breyttum blæbrigðum. Godot kemur ekki, en allt í einu birtist hinn voldugi Pozzo sem hefur þræl einn auman með sér. Sólveig Guðmundsdóttir fer með hlutverk Pozzo og var leikur hennar góður þó það skorti nokkuð á að karlinn væri eins ógnandi og mikill kúgari og fulltrúi valdastétta og vera átti. Þrælinn leikur Alexía Björg Jóhannesdóttir og var hún eins og pískaður illa útleikinn hestur, niðurlægð í hverju spori, og brestur svo allt í einu út í slíkri ræðu að engu líkara var en skrúfað hefði verið frá fossi. Leikgervi Alexíu var stórgott og alger andstæða hinna karlanna bæði hvað litarhaft og búning varðar.

Sviðið er hvítur hringur, hvít snæviþakin slétta. Aðeins eitt vesælt tré og örlítil þúst sem hægt er að tylla sér á.

Estragon, sem Hannes Guðmundsson Ólafíu Hrannar blés lífi í, heldur áhorfendum algerlega með sterkri nærveru og einkar blæbrigðaríkum augngotum. Vladimir minnir nokkuð á hinn mjóa úr Gög og Gokke, um leið og fjöldinn allur af öðrum persónum birtast í fantagóðum leik Smára Einarssonar undir handleiðslu Halldóru Geirharðsdóttur. Sýningin var löng og ströng en skemmtileg og þegar þeir félagar velkjast um og útlimir þeirra fléttast saman í einu af lokaatriðunum var engu líkara en að nýr hnöttur væri að fæðast úr skrokkum þeirra.

**Niðurstaða:** Hver sem biðsalurinn er, þá er vel þess virði að setjast inn í hann og njóta fágæts samleiks þar sem helstefna og bölsýni kallast á við ljósglætuna sem birtist í húmornum.





# SÍÐUSTU TÓNLEIKAR GUS GUS Á NASA

**Föstudagur 11. maí** – AUKATÓNLEIKAR

**Laugardagur 12. maí** – UPPSELT

**Forsala á www.midi.is**

Jón Jónsson

# Innsetningar í Öskjuhlíð

Gestir og gangandi í Öskjuhlíð geta um þessar mundir skoðað verk nemenda á fyrsta ári í arkitektúr við Listaháskóla Íslands.

Þeir fengu það verkefni að skoða og greina mismunandi not borgarbúa á Öskjuhlíðinni.

Afrakstur þeirrar vinnu birtist nú í innsetningum sem nemendur hafa sjálfir smíðað og nota til að magna upp stemningu eða getu á þeim stöðum sem þau eru að vinna með.

Hóparnir unnu með upplifunarferli barna, samskipti kanína og manna, strekkiþörf hlaupara, leyndar lausagöngur hundaeigenda og trjáhús klifrarans.

Verkin standa einungis í Öskjuhlíðinni í örfáa daga.



**NEMAR GREINDU NOT BORGARBÚA Á ÖSKJUHLÍÐ** Þessi smíð er á meðal verka sem sjá má í Öskjuhlíðinni um þessar mundir.

# Í landi óskasteinsins

Í landi óskasteinsins nefnist myndlistarsýning Aðalheiðar Valgeirsdóttur sem opnuð verður í sal íslenskrar grafíkur í Hafnarhúsinu á laugardag.

Verkin á sýningunni vann Aðalheiður á vinnustofu sinni í Biskupstungum. Málverkin segir hún verða til vegna beinna hughrifa frá umhverfinu í sveitinni svo úr verði birtingarmyndir samtals manns og náttúru. Aðalheiður lauk námi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1978 og BA prófi í listfræði frá Háskóla Íslands 2011. Hún hefur haldið fjölda sýninga hér á landi og erlendis.

Sýningin verður opnuð klukkan 16 og stendur til 27. maí.



**AÐALHEIÐUR VALGEIRSDÓTTIR** Sýnir verk sem unnin voru í Biskupstungum.









**ÞRIÐJA BÓKIN** Sögurnar um Maxímús Músíkús hafa verið þýddar á fjölda tungumála.

# Maxímús og ballettinn

**Maxímús Músíkús bjargar ballettinum er heiti þriðju bókarinnar um músina tónelsku sem nýverið var gefin út. Í henni segir frá því þegar Maxímús Músíkús kemur heim eftir hressandi morgungöngu og hittir fyrir hópa af börnum sem dansa svo vel að Maxi verður forvitinn og fer að velta fyrir sér hvar þau hafi lært svo vel að dansa.**

**Áður eru komnar út bækurnar Maxímús heimsækir hljómsveitina og Maxímús trítlar í tónlistarskólann. Höfundarnir, Hallfríður Ólafsdóttir og Þórarinn Már Baldursson, eru tónlistarmenn og leika með Sinfóníuhljómsveit Íslands.**

**Sögurnar um Maxa hafa verið fluttar á fjölmörgum tónleikum og bækurnar um hann hafa komið út á ensku, þýsku, kóresku og færeysku. Geisladiskur fylgir bókinni.**

# Leikur Bach og Mozart

**Chrissie Telma Guðmundsdóttir heldur útskriftartónleika sína í Þjóðmenningarhúsinu á laugardag en hún lýkur diplómanámi á fiðlu frá Listaháskóla Íslands í vor.**

**Á efnisskrá eru Adagio í E-dúr, KV 261 eftir W.A. Mozart, partíta nr. 2 í d-moll, BWV 1004 eftir J.S. Bach, Intermezzo úr ballettinum Dimmalimm eftir Atla Heimi Sveinsson, Jealousy eftir Jacob Gade og Fiðlusónata í A-dúr eftir C. Franck.**

**Píanóleikari er Richard Simm en tónleikarnir hefjast klukkan 18.**




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 10. maí 2012**

### Tónleikar

**20.00** Karlakór Kjalnesinga flytur íslensk og rússnesk sönglög auk nýútsettrar Elvis-syrpu á tónleikum í Langholtskirkju.

**20.00** Bogi Haraldsson heldur útskriftartónleika úr LHÍ í Þjóðmenningarhúsinu.

**21.00** Styrktartónleikar fyrir uppbyggingu á listasmiðju Galtarvita verða haldnir í Gamla Bíói, Ingólfsstræti 2A, Reykjavík. Fram koma Hjaltalín, Snorri Helgason, Tilbury, Mr. Silla og Borko. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

### Kvikmyndir

**14.00** Kvikmyndin Spur der Steine (Spor steinanna) verður sýnd á þýsku kvikmyndahátíðinni í Kamesi Borgarbókasafnsins, Tryggvagötu 15. Aðgangur ókeypis.

**17.00** Kvikmyndin Abschied von Gestern (Kveðja frá gærdeginum) verður sýnd á þýsku kvikmyndahátíðinni í Kamesi Borgarbókasafnsins, Tryggvagötu 15. Aðgangur ókeypis.

### Málþing

**09.00** Alþjóðleg ráðstefna um Sameiginlega öryggis- og varnamálastefnu Evrópusambandsins og hvaða áhrif hún gæti haft á Ísland, gerist landið aðili að sambandinu, verður haldin í Norræna húsinu í Reykjavík. Það er NEXUS, rannsóknarvettvangur á sviði öryggis- og varnarmála og Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands sem boða til ráðstefnunnar sem fer fram á ensku og er öllum opin.

### Tónlist

**20.30** Hin færeyska Eivör Pálsdóttir kemur fram ásamt bandinu 1860 á tónleikaröðinni Kaffi, kökur & rokk & ról í Edrúhöllini, Efstaleiti 7. Aðgangseyrir er kr. 500.

**21.00** Sudden Weather Change, Heavy Experience og Oyama blása til vorgleði á skemmtistaðnum Faktorý. Aðgangseyrir er kr. 500.

**21.00** Halli Reynis kemur fram á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.000 og geisladiskar verða til sölu á staðnum.

**21.00** Skuggabandið (The Shadows Tribute Band) leikur á Kaffi Rós í Hveragerði. Bandið er skipað tvennum pörum af feðgum. Á efnisskránni verða helstu slagarar The Shadows. Sérstakur gestur verður Kliff Richard.

**21.00** Hljómsveitirnar Þoka og Funk That Shit spila í kjallara Bar 11. Aðgangur er ókeypis og DJ mætir í búrið að tónleikum loknum.

**22.00** Bítladrengirnir blíðu halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**23.00** Agent Fresco kemur fram á styrktartónleikum á Hressó til styrktar Krabbameinsfélaginu. Tónleikarnir eru hluti af nýrri tónleikaseríu gogoyoko og Hressó til styrktar þeim sem minna mega sín og velur hljómsveitin hverju sinni það málefni sem hún kýs að styrkja.

### Fyrirlestrar

**17.15** Guðmundur Halldórsson skordýrafræðingur flytur erindi í Bókasafni Kópavogs, Hamraborg 6a. Hann talar um orma og önnur skordýr í garðinum. Aðgangur ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

FUDGE IMAGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010
Opið laugard. kl. 10-14




# Flytja lög úr Rokk í Reykjavík

Átta hljómsveitir koma fram á tónleikunum Rokk í Reykjavík 2.0 sem haldnir verða á Gamla Gauknum þann 24. maí næstkomandi.

Það er belgískur læknir, Wim Van Hooste, sem stendur fyrir tónleikunum en þeir eru haldnir í tilefni af 30 ára afmæli kvikmyndar Friðriks Þórs Friðrikssonar, Rokk í Reykjavík og á þeim verða flutt lög úr myndinni. Van Hooste þessi er mikill áhugamaður um íslenska tónlist og deilir þeim áhuga með hverjum sem hafa vill á tónlistarblogginu Icelandmusic.blogspot.com. Sjálfur verður Van Hooste 41 árs á tónleikadaginn og tónleikarnir því á sama tíma afmælisveisla fyrir hann.

Hljómsveitin Fræbbblarnir verður aðalnúmer kvöldsins, en hún á að baki sér rúmlega 30 ára feril og kom meðal annars fram í hinni ódauðlegu mynd Friðriks Þórs á sínum tíma. Hljómsveitin Q4U lék einnig í myndinni og kemur til með að gleða gesti Gauksins með nokkrum slögurum. Aðrar hljómsveitir sem koma til með að stíga á stokk og taka lagið verða Sudden Weather Change, Æla, Mosi frændi, Morðingjarnir, Dr. Gunni og Hellvar. - trs



**SPILAÐI Í MYNDINNI** Hljómsveitin Fræbbblarnir verður aðalnúmer kvöldsins á Gauknum, en hún spilaði meðal annars í mynd Friðriks Þórs, Rokk í Reykjavík, sem á að heiðra með tónleikunum.

„Getur verið að krem hafi þessi áhrif?"



Katrín Brynja Hermannsdóttir
Blaðamaður, Flugfreyja hjá Icelandair og þriggja barna móðir.

„Þegar húðin er ekki hundrað prósent, og gæti sennilega flokkast sem vandamálahúð, er maður einhvern veginn alltaf að leita að rétta kreminu (alveg eins og leitinni að besta maskaranum og gallabuxunum virðist aldrei ljúka). Superfacelift andlitskremið hefur allt öðruvísi áferð en ég hef komist í kynni við áður. Í því eru örfín korn sem innihalda A-vítamín (Retinol) sem er eitt það besta sem húðin getur fengið. Mælt er með því að setja Skinactive rakakrem yfir Superfacelift en þar sem mín húð er feit á yfirborðinu, þá ég sleppi því og útkoman er frábær. Kremið er hvorki of feitt, né of þurrt og mér líður (ég held ég geti sagt í fyrsta sinn!) vel í húðinni og þarf ekki sífellt að pæla í því hvort ég þurfi að púðra eða "blotta".

**„Áferðin á húðinni hefur breyst, hún er þéttari og ég sé ekki betur en að hrukkur í kringum augun hafi grynnkað!! Mæ ómæ, er það ekki eitthvað sem við þráum allar?"**

„Eyetuck augnkremið hef ég borið á mig samviskusamlega kvölds og morgna í fimm vikur og þegar ég var að rýna í baksýnisspegilinn í bílnum, bara svona til að taka stöðuna á lúkkinu, þá sneri ég höfðinu á alla kanta því ég sá ekki þreytu-ættarpokana undir augunum. Getur það verið að kremið hafi þessi áhrif? :)"

Af hverju Superfacelift?
„Andlitslyfting í krukku".
Örsmátt hjúpað A-vítamín (Retinol) viðheldur ferskleika virku efnanna og tryggir framúrskarandi árangur.

Af hverju Eyetuck?
Skilvirk augnmeðferð hönnuð til þess að berjast við poka undir augum.

Klínískar rannsóknir sýna fram á allt að 95% árangur hjá þeim sem hafa prófað.




SKIN DOCTORS™
ÞRÓAÐ AF LÝTALÆKNUM

Skin Doctors vörurnar eru nú fáanlegar í Hagkaupum Kringlunni, Smáralind, Garðabæ og Holtagörðum.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð





> **Í SPILARANUM**

Actress - R.I.P.
Gossip - A Joyful Noise
Rufus Wainwright - Out of the Game
Beach House - Bloom

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Rokkari leiðréttir kyn

Tom Gabel, forsprakki bandarísku rokksveitarinnar Against Me!, ætlar að leiðrétt kyn sitt og hefja nýtt líf sem kona. Gabel ætlar að breyta nafni sínu í Laura Jane Grace og gangast undir hormónameðferð og frekari aðgerðir.

Í viðtali við tímaritið Rolling Stone segist Gabel hafa „glímt í einrúmi við hugsanir tengdar kynleiðréttingu í mörg ár“. Í laginu The Ocean með Against Me! syngur Gabel um tilfinningar sínar tengdar þessu: „Ef ég hefði getað valið hefði ég fæðst sem kona. Mamma sagði mér einu sinni að þá hefði hún skírt mig Laura og ég yrði sterk og falleg eins og hún þegar ég yrði stór.“

Í viðtalinu við Rolling Stone segir Gabel: „Ég á eftir að lenda í vandræðalegum augnablikum og það verður ekki skemmtilegt. En þess vegna er ég að tala um þetta. Ég vil að fólk skilji þetta betur og vona að það verði sæmilega vingjarnlegt við mig.“

Sjötta hljóðversplata Against Me! kallast Transgender Dysphoria Blues og er væntanleg síðar á árinu.



**LEIÐRÉTTIR KYN** Tom Gabel ætlar að hefja nýtt líf sem kona.





> **PLATA VIKUNNAR**

Legend - Fearless

★★★★☆

„Nýjasta hljómsveitin hans Krumma með frábæra plötu.“

- TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Fetar sína eigin slóð*

Einn af gestum Listahátíðar í Reykjavík er Yann Tiersen, sem spilar í Norðurljósasal Hörpu 31. maí. Hann er fæddur og uppalinn á Bretaníuskaganum í Frakklandi, en er af flæmskum og norskum ættum. Tiersen, sem er rúmlega fertugur, er klassískt menntaður og lærði bæði á píanó og fiðlu frá unga aldri. Hann varð hins vegar fyrir miklum áhrifum frá pönki og nýbylgjutónlist á unglingsárunum. Þegar Tiersen hóf að búa til tónlist sjálfur þá var hún bæði lituð af tónlistarnáminu og pönkinu. Hann keypti sér mixer og tók allt upp sjálfur, fiðlur, harmóníku, rafmagnsgítar og hljóðgervla. Hann gerði fyrst tónlist fyrir leikhús, en fór svo út í popptónlist, ásamt því að gera áfram tónlist fyrir leikhús og kvikmyndir.



**Á LISTAHÁTÍÐ** Yann Tiersen spilar ásamt hljómsveitinni sinni og þremur Amiinu-stelpum á Listahátíð.

Fyrsta plata Yanns Tiersen, La Valse des monstres, kom út 1995. Hann var búinn að senda frá sér fjórar plötur og orðinn vel þekktur í Frakklandi þegar kvikmyndin Amélie kom út árið 2001. Í henni var eitthvað nýtt efni eftir Tiersen, en líka mörg af hans eldri lögum. Myndin sló í gegn og það gerði líka tónlistin og Yann Tiersen varð þekkt nafn út um allan heim.

Nýjasta platan Tiersens, Skyline, kom út í fyrra og á tónleikunum á Listahátíð verða aðallega flutt lög af henni. Skyline er mjög áhrifaríkt og flott verk þó hún sé ólík flestum fyrri verka Tiersens. Það hefur alltaf verið erfitt að staðsetja Yann Tiersen tónlistarlega. Hann fetar sína eigin slóð einhvers staðar á mörkum rokks, þjóðlaga og kvikmyndatónlistar.

Að lokum skal þess getið að auk eigin hljómsveitar spila Edda, Hildur og María úr Amiinu með Tiersen í Hörpu.



**BEACH HOUSE** Hljómsveitin Beach House gefur út sína fjórðu plötu eftir helgi.

# Væntingarnar eru miklar

**Hljómsveitin Beach House er mætt með sína fjórðu plötu, Bloom. Hún telst vera rökrétt framhald af hinni vel heppnuðu Teen Dream.**

Fjórða plata bandaríska draumpoppsdúettsins Beach House kemur út eftir helgi. Íslenskir tónlistarunnendur sem sáu hljómsveitina spila í Listasafni Reykjavíkur á Airwaves-hátíðinni í fyrra munu vafalítið gefa plötunni gaum, enda tókust tónleikarnir einkar vel. Þar sveif seiðandi rödd söngkonunnar Victoriu Legrand yfir vötnum í bland við draumkennda og afslappandi tóna Alex Scally.

Beach House var stofnuð árið 2005. Scally spilar á gítar og hljómborð og Legrand syngur og spilar á orgel. Hann er frá Baltimore en hún er fædd í Frakklandi. „Við hittumst í Baltimore. Ég er þaðan en Victoria flutti þangað, eiginlega til að spila tónlist. Eitt leiddi af öðru. Ætli örlögin hafi ekki verið að verki,“ sagði Scally í viðtali við Fréttablaðið í fyrra.

Nýi gripurinn nefnist Bloom og telst hún vera rökrétt framhald af Teen Dream sem kom út fyrir tveimur árum við frábærar undirtektir gagnrýnenda. Hún lenti ofarlega á mörgum árslistum og eru væntingarnar því miklar í þetta sinn. Fjórar stjörnur í tímaritinu Q gefa til kynna að hljómsveitin er enn í góðum gír.

Bloom, sem kemur út á vegum Sub Pop, var tekin upp í bænum Tornillo í Texas seint á síðasta ári en hljómjöfnuð í New York-borg. Legrand og Scally önnuðust upptökustjórn ásamt Chris Coady, sem vann einnig með þeim að Teen Dream. Hann þykir einkar lunkinn eins og ferilskrá hans ber vott um því hann hefur starfað með Yeah Yeah Yeahs, TV on the Radio og nú síðast rokkurunum hressilegu í Smith Westerns.

Lögin á Bloom, þar á meðal fyrsta smáskífulagið Myth, voru mestmegnis samin þegar hljómsveitin var á tveggja ára tónleikaferð um heiminn en þegar heim var komið til Baltimore voru þau fínpússuð fyrir upptökur. „Þessar lagasmíðar eru bara eðlilegt framhald fyrir okkur. Við förum í tónleikaferðir og semjum síðan lög. Það er bara það sem við gerum,“ sagði Scally, spurður út í væntanlega plötu.

Beach House er í tónleikaferð um Bandaríkin um þessar mundir en ferðast svo með draumpoppið sitt til Evrópu áður en förinni verður aftur heitið vestur um haf í byrjun júlí.

freyr@frettabladid.is


# Wisa innbyggðir WC kassar



Argos Hnappur hvítur
2.990

Ýmsar gerðir fáanlegar af hnöppum.

XS kassi
22.900

## 10 ár á Íslandi – veldu gæði





XT kassi
WC front 83cm
25.900

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ
Akureyri
Húsavík
Vestmannaeyjum

Meiri gæði / Lægra verð

MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


## LAGALISTINN

Vikuna 3. maí - 9. maí 2012

| Sæti | | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Magni | *Hugarró* |
| ▲ | 2 | KK | *Frelsið* |
| ▶ | 3 | Bubbi / Mugison | *Þorpið* |
| ▼ | 4 | Fun / Janelle Monae | *We Are Young* |
| ▼ | 5 | The Black Keys | *Gold On The Ceiling* |
| ▼ | 6 | Ojba Rasta | *Baldursbrá* |
| ▲ | 7 | Train | *Drive By* |
| ▲ | 8 | Tilbury | *Tenderloin* |
| ▲ | 9 | Keane | *Silenced By The Night* |
| ▲ | 10 | Carly Rae Jepsen | *Call Me Maybe* |

## TÓNLISTINN

Vikuna 3. maí - 9. maí 2012

| Sæti | | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Of Monsters And Men | *My Head Is An Animal* |
| ▼ | 2 | Bubbi Morthens | *Þorpið* |
| ▲ | 3 | Sigurður Guðm. og Sigríður Thorla. | *Ásamt Sinfó* |
| ▶ | 4 | Adele | *21* |
| ▼ | 5 | Mugison | *Haglél* |
| ▲ | 6 | Saints Of Boogie Street | *Leonard Cohen Covered* |
| ▲ | 7 | Ýmsir | *Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012* |
| ▼ | 8 | Gus Gus | *Arabian Horse* |
| ▲ | 9 | Rökkurró | *Í annan heim* |
| ✱ | 10 | Legend | *Fearless* |

**Skýringar:**

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is.

vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, X-ið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is

Verið velkomin á

# Árlega barnahátíð í Reykjanesbæ

## dagana 12. og 13. maí.





**Margt er um að vera og ókeypis á alla viðburði.**

**Öll börn og fjölskyldur þeirra eru hjartanlega velkomin.**

Meðal viðburða er eftirfarandi:

| **Laugardagur 12.maí** | **kl.** |
|---|---|
| Krílasund í sérstaklega upphitaðri sundlaug | 10.00 - 12.00 |
| Hjólakeppni, hjólahátíð í Fjörheimum | 11.00 - 13.00 |
| Dans, dans, dans í Fjörheimum | 12.00 |
| Viltu sjá þrumuguðinn Þór í Víkingaheimum? | 11.00 - 17.00 |
| Víkingar og víkingaskip í Víkingaheimum | 11.00 - 17.00 |
| Kiðlingar o.fl. dýr í Landnámsdýragarðinum | 12.00 - 17.00 |
| Listahátíð barna, sýning og smiðja í Duushúsum | 13.00 - 17.00 |
| Búðu til föt á bangsann þinn í Víkingaheimum | 14.00 - 16.00 |
| Þór Tulinius, lifandi sögustund í Duushúsum | 15.00 og 16.00 |

| **Sunnudagur 13. maí** | |
|---|---|
| Lærðu að tálga, námskeið í Víkingaheimum | 11.00 og 15.00 |
| Kálfar o.fl. dýr í Landnámsdýragarðinum | 11.00 - 17.00 |
| Listahátíð barna, sýningar og smiðja í Duushúsum | 13.00 - 17.00 |
| Búðu til vinabönd í Víkingaheimum | 13.00 - 15.00 |
| Flaututónleikar í Víkingaheimum | 13.00 |
| Skessan í hellinum býður upp á lummur og sögustund | 14.00 |
| Lærðu að galdra hjá Einari Mikael í Íþróttaakademíunni | 15.00 |
| Börn sýna gæludýr í Landnámsdýragarði | 15.00 |

Listaverk í leiðinni, verk grunnskólabarna til sýnis víðs vegar um bæinn.

Sjá alla dagskrá á **barnahátíð.is**

Nánari upplýsingar um Skessuna má finna á **skessan.is**

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

### > Í STAÐ JOLIE

Leikkonan Cameron Diaz hefur tekið að sér hlutverk í myndinni The Counselor í leikstjórn Ridley Scott. Angelina Jolie var upphaflega orðuð við hlutverkið en henni tókst ekki að koma tökunum fyrir í þéttskipaðri dagskrá sinni svo hlutverkið rann til Diaz. Michael Fassbender leikur líka í myndinni en tökur eiga að hefjast síðar á árinu. Handritið er eftir Cormac McCarthy, sem á heiðurinn af verðlaunamyndunum The Road og No Country for Old Men.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Einstök upplifun, grín og spenna

Í kvöld klukkan 20 verður kvikmyndin Fastest sýnd í Smárabíói, en þetta er í eina skiptið sem myndin verður sýnd. Myndin kemur frá leikstjóra Faster og er spennumynd um Moto GP-heimsmeistarakeppnina 2010. Leikarinn heimsfrægi Ewan McGregor er þulur myndarinnar þar sem fylgst er með Valentino Rossi eltast við sinn tíunda heimsmeistaratitil.

Þar fyrir utan eru tvær myndir frumsýndar um helgina, auk Dark Shadows sem er sagt frá hér að neðan.

Í myndinni The Five Year Engagement fara þau Jason Segel og Emily Blunt með hlutverk pars sem á erfitt með að koma sér upp að altarinu. Þrátt fyrir að vera ástfangin upp fyrir haus og hafa ákveðið að ganga í það heilaga eru sífellt fleiri utanaðkomandi ástæður sem tefja plön þeirra um það lengur en þau kæra sig um.



**HETJAN** Hönkið Guy Pearce fer með hlutverk hetjunnar í spennumyndinni Lockout, sem gerist í fangelsi sem er á braut um jörðu.

Guy Pearce leikur mann sem er ranglega dæmdur fyrir njósnir gegn Bandaríkjunum í myndinni Lockout. Honum býðst frelsi gegn því að hann nái að leysa dóttur Bandaríkjaforseta úr klóm fanganna sem hafa náð fangelsinu á sitt vald. Til að gera myndina enn áhugaverðari er fangelsið ekki eins og hvert annað, því það er á braut um jörðu.

Þýsk kvikmyndahátíð er svo í gangi í Kamesi, Borgarbókasafni Íslands, þar til á sunnudaginn. Hægt er að nálgast upplýsingar um hana á www.borgarbokasafn.is.



**TEKJUHÆST** Ofurhetjumyndin The Avenegers sló aðsóknarmet vestanhafs.

## Avengers sló aðsóknarmet

**Ofurhetjumyndin The Avengers er tekjuhæsta opnunarmynd allra tíma í Norður-Ameríku. Hún halaði inn 200 milljónir dollara, eða um 25 milljarða króna. Fyrra metið átti Harry Potter and the Deathly Hallows Part 2 sem þénaði 169 milljónir dollara síðasta sumar. Á eftir henni koma The Dark Knight og Spider-Man 3 en báðar ofurhetjur þeirra mynda, Batman og Spider-Man snúa aftur í nýjum myndum í sumar.**

**Leikstjóri The Avengers er Joss Whedon og með aðalhlutverkin fara Robert Downey Jr., Chris Evans, Mark Ruffalo, Chris Hemsworth og Scarlett Johansson.**

# GOTNESK SAGA FRÁ BURTON

**Kvikmyndin Dark Shadows eftir leikstjórann Tim Burton verður heimsfrumsýnd annað kvöld. Myndin byggir á samnefndri sápuóperu frá sjöunda áratugnum.**

Dark Shadows fjallar um Barnabas Collins, auðugan glaumgosa sem er uppi um miðja átjándu öld og býr á hinu glæsilega Collinwoodsetri í Maine. Hin unga Angelique Bouchard er ein þeirra fjölmörgu kvenna er falla fyrir Barnabas en auðmaðurinn hafnar henni og í kjölfarið ákveður Angelique að hefna sín, breytir Barnabas í vampíru og lætur grafa hann lifandi. Fyrir mistök er kista Barnabasar grafin upp tvöhundruð árum síðar og fær vampíran þannig frelsi að nýju. Hann ákveður að snúa aftur til heimili síns, Collinwoodóðalsetursins, sem er nú heimili afkomanda hans, Elizabeth Collins Stoddard, og fjölskyldu hennar. En norninni Angelique er ekki runnin reiðin og er enn í hefndarhug og upp hefst stórskemmtileg en jafnframt stórundarleg gotnesk bíóskemmtun.

Kvikmyndin er gamanmynd og byggð á samnefndri sápuóperu sem sýnd var í sjónvarpi á árunum 1966 til 1971 en þættirnir voru í miklu uppáhaldi hjá leikstjóranum Tim Burton. Johnny Depp og Helena Bonham Carter fara með tvö af aðalhlutverkunum en þetta er níunda kvikmyndin sem Depp og Burton vinna saman að. Bonham Carter, eiginkona Burtons, hefur svo leikið í fimm kvikmyndum í leikstjórn Burtons.

Með aðalhlutverk í kvikmyndinni fara Johnny Depp, Michelle Pfeiffer, Helena Bonham Carter, Eva Green, Johnny Lee Miller og Christopher Lee auk hinnar ungu og efnilegu Chloë Moretz.

Kvikmyndin hefur fengið nokkuð misjafna dóma og virðast gagnrýnendur annað hvort elska myndina eða hata hana. Sumir hæla Burton fyrir velheppnaða gamanmynd, fallega sviðsmynd og gott leikaraval á meðan aðrir segja myndina langdregna og ofleikna.



**DÖKKIR SKUGGAR** Kvikmyndin Dark Shadows segir frá vampírunni Barnabas Collins sem fær frelsi eftir tvöhundruð ára fangavist.

### ÆSKUDRAUMUR DEPP VARÐ AÐ VERULEIKA

Sápuóperan Dark Shadows varð sérstaklega vinsæl eftir að vampíran Barnabas Collins, sem leikin var af Jonathan Frid, var kynnt til leiks ári eftir að þátturinn var fyrst sýndur. Barnabas þessi var þó ekki eina yfirnáttúrulega persónan í þáttunum því þar mátti einnig finna varúlfa, uppvakninga, nornir, galdrakarla og tímaflakkara. Leikararnir léku oftar en ekki fleira en eitt hlutverk í þáttunum.

Tim Burton var mikill aðdáandi Dark Shadows líkt og Quentin Tarantino, Johnny Depp og Madonna. Depp var hrifnastur af persónunni Barnabas og sem barn óskaði hann sér þess að hann væri sjálfur þessi undarlega fígúra sem Barnabas var. Það má því segja að æskudraumur Depps hafi ræst er honum bauðst að leika vampíruna í mynd Burtons.






**VAR ÓNYTJUNGUR** Jason Segel segist geta samsamað sig persónunni Jeff sem hann leikur í gamanmyndinni Jeff Who Lives at Home. Hér er hann ásamt mótleikurum sínum. NORDICPHOTOS/GETTY

## Einu sinni ónytjungur

Gamanleikarinn Jason Segel fer með eitt af aðalhlutverkunum í kvikmyndinni Jeff Who Lives at Home sem leikstýrt er af bræðrunum Jay and Mark Duplass. Segel segist eiga margt sameiginlegt með persónu sinni, ónytjungnum Jeff.

Jeff býr í kjallaranum hjá móður sinni og lifir heldur tilbreytingarlausu lífi og fjallar kvikmyndin um samskipti hans við bróður sinn og móður, sem er við það að gefast upp á syni sínum. Þegar Segel var spurður af blaðamanni Empireonline.com hvort hann ætti nokkuð sameiginlegt með Jeff svaraði gamanleikarinn því játandi. „Ég á margt sameiginlegt með Jeff. Ég bjó ekki í kjallaranum hjá mömmu heldur í stúdíóíbúð og gerði voða lítið allt þar til hlutirnir fóru að ganga upp í leiklistinni, þannig ég get samsamað mig Jeff mjög vel,“ sagði Segel.

Jeff Who Lives at Home var frumsýnd á Toronto-kvikmyndahátíðinni í september en fór í almennar sýningar í Bandaríkjunum í mars á þessu ári.






*Jafngildir 20,32% afslætti **Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# lífsstíll

lifsstill@frettabladid.is



**100 HÁR MISSIR MEÐALMAÐURINN** yfir daginn. Megrun og mikið þyngdartap getur aukið hármissinn og komið í veg fyrir að hárið síkki. Járn, prótín, lítið stress og mikill svefn getur hins vegar komið í veg fyrir aukið hárlos.

1



2



1



2



3





3



4



4

# Misjafn glæsileiki á Met-ballinu

**Rauða dreglinum var rúllað út í New York í vikunni er hið árlega galakvöld Metropolitan-safnsins fór fram. Þangað sækir fræga fólkið og keppist við að skarta sínu fegursta með misjöfnum árangri. Best klæddu konur kvöldsins að mati Fréttablaðsins voru meðal annars leikkonan unga Camilla Belle, fyrirsætan Karolina Kurkova og poppstjarnan Rihanna. Þær sem þóttu hins vegar skjóta vel yfir markið í kjólavali voru Kristen Stewart, sem nýlega hlaut titilinn best klædda kona Bretlands og tískufyrirmyndin Chloe Sevigny. Stundum er vert að muna tískuregluna „minna er meira“ til að koma í veg fyrir tískuslys.**

| BEST KLÆDDU | # | # | VERST KLÆDDU |
|---|---|---|---|
| CAMILLA BELLE Í RALPH LAUREN | 1 | 1 | CHLOE SEVIGNY Í MIU MIU |
| SARAH JESSICA PARKER Í VALENTINO | 2 | 2 | EVA MENDES Í PRADA |
| KAROLINA KURKOVA Í RACHEL ZOE | 3 | 3 | KRISTEN STEWART Í BALENCIAGA |
| RIHANNA Í TOM FORD | 4 | 4 | FLORENCE WELCH Í MCQUEEN |

# Heilaskurðaðgerð á Twitter



**AÐGERÐ** Heilaskurðaðgerð var sýnd í beinni útsendingu á Twitter.

**TÆKNI** Læknar við Memorial Hermann-sjúkrahúsið í Houston framkvæmdu heilaskurðaðgerð í beinni útsendingu á Twitter-síðunni í gær.

Læknarnir fjarlægðu heilaæxli úr 21 árs konu og stóð útsendingin yfir í um fjórar klukkustundir. Fyrst var sýnt frá undirbúningnum fyrir aðgerðina og eftir það var sýnt þegar höfuðkúpan var opnuð og æxlið fjarlægt.

Dr. Dong Kim framkvæmdi aðgerðina, samkvæmt fréttavef Time. Hann er taugaskurðlæknir og einn af þeim sem önnuðust bandarísku þingkonuna fyrrverandi, Gabrielle Giffords, eftir að hún var skotin í höfuðið.

„Fólk er mjög spennt að sjá hvað gerist í svona heilaskurðaðgerð,“ sagði Kim fyrir aðgerðina. Á meðan aðgerðin stóð yfir svaraði hópur lækna spurningum Twitter-notenda um aðgerðina, auk þess sem myndskeið frá henni voru sett á Youtube-síðuna.

# Óttast farsímaleysi

**HEILSA** Nomophobia kallast það er fólk hræðist að vera úr símasambandi við aðra og samkvæmt nýrri rannsókn eru um 66 prósent Breta haldin þessari fælni.

Um þúsund manns tóku þátt í rannsókninni sem var stýrt af SecurEnvoy í Bretlandi og voru niðurstöður hennar þær að 66 prósent Breta óttist það að vera símalaus. Um 41 prósent þeirra er tóku þátt í könnuninni sögðust jafnframt eiga fleiri en einn farsíma. Rannsóknin leiddi í ljós að þetta fólk þjáðist af nomophobia sem er mikill ótti við það að vera ekki í símasambandi við annað fólk. Fyrir fjórum árum síðan voru 53 prósent Breta haldnir sömu fælni.

Fleiri konur en karlar þjáðust af þessum ótta, í ljós kom að 70 prósent kvenna óttuðust símaleysi en 61 prósent karla. Þeir voru þó líklegri til að eiga tvo farsíma.



**ÓTTAST SÍMALEYSI** Ný rannsókn sýnir að fleiri Bretar óttast símaleysi í dag en fyrir fjórum árum síðan. NORDICPHOTOS/GETTY

STYRKTARFÉLAG SAMHJÁLPAR

Nytjamarkaðurinn!

Samhjálp

STÓR RÝMINGARSALA! verður í kjallaranum Skeifunni 7 (Elko húsið)

Opið öll kvöld, alla daga frá kl. 19.00 – 22.00

Salan byrjar Föstudaginn 11.maí og lýkur 30. maí

Nú er tækifærið !

Stólar, borð, sófar, skápar o. fl. o. fl. — Fyrstur kemur! – fyrstur fær!


SUMARIÐ ER KOMIÐ
Í OUTLET 10
Fullt af flottum litum í boði
Nýtt
Hlýrabolir frá: 1195.-
T-shirt 2.995.-
Fæst einnig í hvítu og gráu
Hlýrabolur 1.995.-
Fæst einnig í hvítu, svörtu, appelsínugulu og bleiku
Nýtt
Buxur: 9.995.-
Fást einnig í appelsínugulu
Buxur: 3.995.-
Blazer: 9.995.-
Fæst einnig í ljósbrúnu og svörtu
Nýtt
Kjóll: 5.995.-
Fæst einnig í grænu og appelsínugulu
Kjóll: 7.995.-
Fæst einnig í svörtu og hvítu
Nýtt
Kjóll: 5.995.-
Fæst einnig í appelsínugulu, svörtu, hvítu, grænu og rauðu
Kjóll: 8.995.-
Beltið fylgir með
Sumarskór
4.995.-
3.995.-
DIESEL, ADIDAS, CARHARTT, SPARKZ, SOLID,
BRUUNZ BAZAAR, BOBBIE BURNS, KAWASAKI, JUNK DE LUXE,
MALENE BIRGER, MISS SIXTY, NÜMPH, MATINIQUE, PAUL SMITH, MO MA, G-STAR, MAO, MOSS, BJÖRKVIN,
TIGER OF SWEDEN, SAMSOE & SAMSOE, MIA, KILLAH, INWEAR, SISTERS POINT, SOAKED IN LUXURY, PART TWO,
RELIGION, BULLBOXER, AGAIN AND AGAIN, BRONX, ICHI, IMPERIAL, SAINT TROPEZ ...OG FLEIRI FLOTT MERKI
Geggjuð sumartilboð...
+ + + OUTLET 10 + + +
merki fyrir minna
OPIÐ: MÁN - FÖS 11 - 18, LAUGARDAG 11 - 18
SUNNUDAG 12 - 17 erum á facebook
OUTLET 10
+++ merki fyrir minna +++
FAXAFENI 10 - s. 578 7977



**FALLINN FRÁ** Adam Yauch lést eftir baráttu við krabbamein.

# Þakkar fyrir stuðninginn

Ad-Rock, eða Adam Horovitz, úr Beastie Boys hefur þakkað aðdáendum hljómsveitarinnar fyrir stuðninginn eftir að félagi hans, Adam Yauch, féll frá. Hann lést á föstudaginn, 47 ára, eftir þriggja ára baráttu við krabbamein.

„Eins og þið getið ímyndað ykkur eru menn í miklu uppnámi,“ skrifaði Ad-Rock á bloggsíðu Beastie Boys. „En mig langar að þakka öllum vinum okkar og fjölskyldu fyrir ást og stuðning. Ég er ánægður með að ástin sem Yauch dreifði út í heiminn sé að koma aftur til hans. Takk fyrir.“ Meðal þeirra sem hafa spilað til heiðurs Yauch undanfarið eru Coldplay og Red Hot Chili Peppers.



**GABRÍEL OG FÉLAGAR** Annað lag Gabríels, Sólskin, er komið út.

# Gabríel gefur út Sólskin

**Grímuklæddi tónlistarmaðurinn Gabríel hefur sent frá sér sitt annað lag, Sólskin. Í þetta sinn fékk Gabríel til liðs við sig Unnstein Manuel Stefánsson, söngvara Retro Stefson. Rapparinn Opee syngur einnig í laginu en hann kom einnig við sögu í fyrsta lagi Gabríels, Stjörnuhröp, ásamt Valdimari Guðmundssyni.**

**Hljómjöfnun í Sólskini var í höndum Chris Athens sem hefur unnið fyrir Usher, Coldplay, Beastie Boys, AC/DC og fleiri. Gabríel er þegar farinn að huga að sínu þriðja lagi, auk þess sem hann spilar á Airwaves-hátíðinni.**








**TIL KANADA** Hljómsveitin Útidúr er á leiðinni til Kanada. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Útidúr til Kanada

**Kammerpoppsveitin Útidúr er á leiðinni í tónleikaferð til Kanada. Þar spilar hún ásamt þarlendu hljómsveitinni Brasstronaut. Tónleikaferðin hefst 29. maí í Bresku-Kólumbíu og lýkur 22. júní í Montreal. Alls verða tónleikarnir tuttugu talsins hjá þessari tólf manna hljómsveit.**

**Fyrsta plata Útidúrs, This Mess We´ve Made, kom út fyrir tveimur árum. Hljómsveitin fór síðasta sumar í sína fyrstu tónleikaferð erlendis þegar hún sótti Þýskaland heim.**

# Þarf á hvíld að halda

**Tim Burton vill taka sér hlé frá kvikmyndagerð í dálítinn tíma áður en hann hefur störf á nýjan leik. Leikstjórinn verður önnum kafinn út þetta ár. Frumsýndar verða myndir hans Dark Shadows og Frankenweenie, auk myndarinnar Abraham Lincoln: Vampire Hunter sem hann framleiddi.**

**„Ég held að ég þurfi á hvíld að halda. Það er frekar vandræðalegt að vera með þrjár myndir á einu ári. Ég er strax orðinn leiður á mér,“ sagði Burton við Collider.com. Hann útilokar heldur ekki að leikstýra framhaldinu af Beetlejuice fái hann gott handrit upp í hendurnar.**



**TIM BURTON** Leikstjórinn hefur í nógu að snúast á þessu ári.

# Bjargaði mannslífi

**Leikkonan Mila Kunis kom manni til aðstoðar á laugardag þegar hann fékk flogakast. Maðurinn var við störf á heimili leikkonunnar þegar atvikið átti sér stað.**

**Kunis bað vinkonu sína um að hringja eftir aðstoð á meðan hún passaði upp á að maðurinn kafnaði ekki á meðan á kastinu stóð. Hún beið við hlið hans allt þar til sjúkraflutningamenn komu á staðinn, en maðurinn mun ná sér að fullu, greina bandarískir fjölmiðlar frá. Kunis bætist hér með í ört stækkandi hóp leikara er hafa bjargað lífi fólks.**



**BJARGVÆTTUR** Mila Kunis kom manni til aðstoðar þegar hann fékk flogakast. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fagnar vorinu í Eldborginni

„Við ætlum að fagna vorinu," segir Raggi Bjarna sem heldur Vorkvöld í Reykjavík í Eldborgarsal Hörpu laugardaginn 12. maí. „Harpan er staðurinn fyrir svona tónleika. Þarna er líka hægt að horfa á Akrafjallið og Esjuna."

Með honum stíga á svið Eivör Pálsdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir, Diddú, Björn Jörundur Friðbjörnsson, Bjarni Arason, Álftagerðisbræður og Óskar Pétursson ásamt hljómsveit undir stjórn Jóns Ólafssonar.

„Þetta er hörkulið," segir Raggi, sem útilokar ekki að þetta verði árlegur viðburður. „Það er svo mikið af jólatónleikum að það er kannski sniðugt að hafa vorhátíð hvert vor þar sem Íslendingar koma, horfa á Esjuna og njóta sín."

Aðspurður segist hinn 77 ára Raggi vera í flottu formi og lofar hann skemmtilegum tónleikum. Um tvenna tónleika er að ræða. Þeir fyrri hefjast klukkan 16 og hinir síðar kl. 20. Miðasala fer fram á Midi.is. **- fb**



**Í FLOTTU FORMI** Hinn 77 ára Raggi Bjarna er í hörkuformi um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**BÖRN ERU BLESSUN** Jennifer Lopez gæti vel hugsað sér að eignast fleiri börn í framtíðinni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Börn eru blessun

**Jennifer Lopez á tvíburana Max og Emme en segist vel geta hugsað sér að eignast fleiri börn í framtíðinni.**

**„Það væri sannkölluð blessun að eignast fleiri börn því þau færa manni þvílíka hamingju og gleði og halda manni jarðbundnum," sagði Lopez sem vinnur hörðum höndum þessa dagana. Auk þess að starfa sem dómari í American Idol fer hún með hlutverk í kvikmyndinni What to Expect When You're Expecting og undirbýr tónleikaferðalag til að fylgja eftir nýrri plötu sinni.**

**Lopez er skilin við barnsföður sinn, söngvarann Marc Anthony, og hóf nýverið samband með dansaranum Casper Smart.**



**NÁÐU SÁTTUM** Linda Evangelista fær loks meðlag frá barnsföður sínum, milljarðamæringnum François-Henri Pinault. NORDICPHOTOS/GETTY

# Samkomulag náðist loks

**Ofurfyrirsætan Linda Evangelista og milljarðamæringurinn Francois-Henri Pinault náðu sáttum um meðlagsgreiðslur Pinault til Evangelistu. Fyrirsætan hafði farið fram á rúmar 5,7 milljónir króna á mánuði í meðlag.**

**„Báðir aðilar komust að samkomulagi um meðlagsgreiðslur í gegnum síma. Þetta samkomulag verður kynnt fyrir dómi fyrir helgi," sagði lögmaður Evangelistu fyrir rétti á mánudag.**

**Evangelista og Pinault eignuðust saman soninn Augie eftir stutt samband og fram að þessu hefur Pinault tekið lítinn sem engan þátt í uppeldi sonarins.**









**NÚMER EITT** Blunderbuss er fyrsta sólóplata Jacks White og sú fyrsta eftir hann sem fer á topp bandaríska Billboard-listans.

# Endurvinnslukóngurinn

Tónlist ★★★★★

**Blunderbluss**
Jack White

Blunderbuss er fyrsta sólóplata Jacks White. Fram að þessu hefur hann gefið út efni með hljómsveitunum sínum White Stripes, The Raconteurs og Dead Weather ásamt því að stjórna upptökum og gefa út aðra listamenn hjá plötufyrirtækinu Third Man Records sem hann starfrækir í Nashville.

White hefur allan ferilinn byggt sína tónlist á gömlum grunni. Tónlist White Stripes var til dæmis gamall blús, uppfærður og aðlagaður að nýjum tíma og nýjum hlustendahópi. Tónlistin á Blunderbuss er líka endurvinnsla, aðallega á tónlist áttunda áratugarins. Platan byrjar á stefi spiluðu á Fender Rhodes píanó og rafmagnsgítar, gæti verið tekið frá einhverri 70´s proggsveitinni. Næsta lag byrjar svo á gítarriffi í anda AC/DC og svo blandast inn í gítarrokkið þessi fíni Hammond-orgelhljómur.



Og á sama hátt er hægt að finna skírskotun í tónlistarsöguna í flestum lögunum á plötunni. Níunda lagið, Trash Tongue Talker, er til dæmis eins og rokkuð útgáfa af Elton John…

Þó að White sæki mikið í söguna, þá er þetta engin hermiplata; við erum langt frá sveitum eins og The Darkness svo dæmi sé nefnt. Jack White býr til nýtt úr gömlu og útkoman er fyrst og fremst hans. Blunderbuss hefur sterkan heildarsvip sem næst með söngnum, gítarleiknum og hljómnum á plötunni sem er mjög flottur. Blunderbuss er lítið meistaraverk; þrettán lög, hvert öðru betra. Ein af bestu plötum ársins hingað til.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Jack White með eina af plötum ársins.

# Keypti Galtarvita

Tónleikar til styrktar Galtarvita verða haldnir í Gamla bíói í kvöld og munu sveitir á borð við Tilbury og Hjaltalín stíga á svið um kvöldið. Allur ágóði tónleikanna rennur í uppbyggingu á listasmiðju á staðnum.

Ólafur Jónasson, eða Óli viti eins og hann er gjarnan nefndur, keypti vitann árið 2000 og hefur rekið listasmiðju á svæðinu síðan 2001. Meðlimir hljómsveitarinnar Múm voru fyrstir til að nýta sér aðstöðuna árið 2001 og hafa verið dyggir stuðningsmenn Galtarvita allar götur síðan.

„Ríkið seldi vitann árið 2000 og ég ákvað að bjóða í hann og fékk hann. Ég heimsótti þó ekki svæðið fyrr en ég hafði eignast vitann og kolféll þá fyrir staðnum og út frá því fæddist hugmyndin um að nota staðinn undir hvers kyns listsköpun,“ útskýrir Ólafur. Vitinn stendur í Keflavík á Vestfjörðum og þangað liggja engir bílvegir. Þess í stað kýs fólk annað hvort sjóleiðina eða að ganga með föggur sínar frá Skálavík. Þar er heldur ekkert símasamband og eina útvarpsstöðin sem næst er gamla góða Gufan.

„Þarna losnar maður algjörlega undan öllu áreiti,“ segir Ólafur og bætir við að hugmyndin sé að reka áfram athvarf fyrir skapandi fólk og ferðamenn á staðnum. „Hér verður hægt að fara í gönguferðir, njóta lista og hugleiða, það er allt inni í þessu,“ segir hann og hlær.

Hljómsveitirnar Hjaltalín, Tilbury, Mr. Silla, Borko og Snorri Helgason koma fram á tónleikunum í kvöld og mun ágóði þeirra renna til áframhaldandi uppbyggingu og viðhalds á húsakosti Galtarvita. Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og kostar 1.500 krónur inn. **- sm**



**TÓNLEIKAR FYRIR GALTARVITA** Ólafur Jónasson stendur fyrir tónleikum til styrktar Galtarvita. Hljómsveitirnar Tilbury og Hjaltalín eru á meðal þeirra sem munu koma fram. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Glaður í föðurhlutverki

**Leikarinn Johnny Depp sagðist í viðtali við The Sun vera ánægður í dag og mundi ómögulega vilja endurlifa æskuár sín.**

**Foreldrar Depp skildu þegar leikarinn var fimmtán ára gamall og upplifði hann mikla sorg í kjölfarið. „Maður verður svolítið brotinn eftir slíkt og svo þegar manni vegnar loks vel kann maður ekki að gleðjast yfir því. Maður finnur fyrir tómleika og ég var reiður allt þar til ég stofnaði mína eigin fjölskyldu. Fram að því kunni ég ekki að meta lífið en sem betur fer rankaði ég við mér,“ sagði Depp og þakkar börnum sínum tveimur þennan aukna lífskraft.**



**ÁNÆGÐUR Í DAG** Johnny Depp segist ekki hafa kunnað að meta lífið þar til hann varð pabbi. NORDIPHOTOS/GETTY


SAMBÍÓIN SAMbio.is













SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5 - 7 - 8 - 10 - 10:50 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS VIP | KL. 5 - 8 - 10:50 | 2D | VIP |
| THE AVENGERS | KL. 5 - 10:20 | 2D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 6 | 2D | L |
| CABIN IN THE WOODS | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| BATTLESHIP | KL. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| AMERICAN PIE: REUNION | KL. 8 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ ÍSL TALI | KL. 5 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS (3D) | KL. 6 - 9 | 3D | 10 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 5:40 - 10:10 | 2D | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5 - 7 - 8 - 10 - 11. | 3D | 10 |
| THE AVENGERS | KL. 6 | 2D | 10 |
| BATTLESHIP | KL. 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| DARK SHADOWS FORSÝND. | KL. 9 | 3D | 12 |
| THE COLD LIGHT OF DAY | KL. 5:50 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5 - 6 - 8 - 9 - 10:50 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS | KL. 6 | 2D | 10 |
| CABIN IN THE WOODS | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| COLD LIGHT OF DAY | KL. 6 - 8 | 2D | 14 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 8 - 10:50 | 3D | 10 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 10 | 2D | 16 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is
















SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| FASTEST ÓTEXTUÐ | KL. 8 | 16 |
| HOW I SPENT MY SUMMER VACATION | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE AVENGERS 3D | KL. 5 - 8 - 10.30 | 10 |
| THE AVENGERS 3D LÚXUS | KL. 5 - 8 | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 3.30 | L |
| LORAX - ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.30 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 5 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| HOW I SPENT MY SUMMER VACATION | KL. 5.50 - 10.10 | 16 |
| GRIMMD (BULLY) | KL. 5.45 - 8 | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 10.15 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 5.40 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 9 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| HOW I SPENT MY SUMMER VACATION | KL. 8 - 10 | 16 |
| THE RAID | KL. 10 | 16 |
| GRIMMD (BULLY) | KL. 8 | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 6 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 6 | L |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
5%



















| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE RAID | 8 og 10.10 |
| THE AVENGERS 3D | 7 og 10 |
| 21 JUMP STREET | 8 |
| AMERICAN PIE: REUNION | 5.30 |
| HUNGER GAMES | 10.20 |
| LORAX 3D | 6 |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS







**FIMMTUDAGUR:** CORIOLANUS 17:30, 20:00, 22:30 ■ JANE EYRE 17:30, 20:00, 22:30 ■ IRON SKY 18:00, 20:00, 22:30 ■ LÓNBÚINN 18:00, 19:00 ■ SVARTUR Á LEIK (ÍSL. TEXTI) 20:00, *(ENG. SUBS)* 22:00

ÍSLENSKUR TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES*

**SKÓLANEMAR:** 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

# Fagleg og hröð Apple þjónusta.

Aðeins eins til þriggja daga biðtími á Macland verkstæðinu.*

* Með fyrirvara um að varahlutur sé til á lager.



580 7500 Klapparstígur 30 verslun@macland.is

macland
www.macland.is

undralandid.is



**JÚDÓKAPPINN** Þormóður Árni Jónsson fékk það staðfest í gær að hann sé búinn að tryggja sér keppnisrétt á Ólympíuleikunum í London í sumar en þetta verða aðrir leikar hans í röð því Þormóður var einnig með í Peking 2008. Áður höfðu íslenska handboltalandsliðið, frjálsíþróttafólkið Ásdís Hjálmsdóttir og Óðinn Björn Þorsteinsson, badmintonkonan Ragna Ingólfsdóttir og sundkonan Eygló Ósk Gústafsdóttir tryggt sér farseðilinn til London. Vonir standa til að það fjölgi í þessum hópi á næstunni.

# Það verður að skjóta til að skora

**Stella Sigurðardóttir átti 23 marktilraunir í fjórða leik Fram og Vals í lokaúrslitum N1-deildar kvenna í gær. Hún skoraði níu mörk, þar af sigurmarkið þegar örfáar sekúndur voru til leiksloka. Fram jafnaði metin í 2-2 með 18-17 sigri og rimman um Íslandsmeistaratitilinn 2012 ræðst í oddaleik á laugardaginn.**

**HANDBOLTI** Fram vann hádramatískan sigur á Val í fjórða leik liðanna í lokaúrslitum N1-deildar kvenna, 18-17. Þar með er ljóst að oddaleik þarf til að knýja fram niðurstöðu í þessari stórskemmtilegu rimmu tveggja bestu kvennaliða landsins í handbolta.

Óhætt er að segja að leikurinn í gær hafi verið frábær skemmtun. Varnarleikur og markvarsla var í hæsta gæðaflokki sem gerði það að verkum að lítið var skorað. Hvorugt lið náði að stinga af og var því leikurinn í járnum nánast frá fyrstu mínútu til þeirra síðustu.

Liðin spiluðu bæði afar öflugar 6-0 varnir sem báru afar góðan árangur. Staðan var 4-4 eftir átján mínútna leik og Valur skoraði sitt fyrsta mark úr uppstilltri sókn eftir 27 mínútna leik. Segir það sitt um gæði varnarleiksins enda Valur með eitt allra besta sóknarlið síðustu ára.

Fram náði þó ekki að nýta sér þennan meðbyr og skoraði aðeins fimm mörk á fyrstu 29 mínútum leiksins. Hraðaupphlaup voru nánast engin og nánast eingöngu Stella Sigurðardóttir sem náði að finna sér leiðir í gegnum þétta vörn Valsmanna.

Stella skoraði einmitt tvö mörk á lokamínútu fyrri hálfleiks, það síðara beint úr aukakasti þegar leiktíminn var liðinn og minnkaði muninn þar með í eitt mark. Það átti eftir að reynast dýrmætt.

Liðin skiptust svo á að vera í forystu í seinni hálfleik og náðu heimamenn að stíga upp þegar mestu skiptir. Valur var tveimur mörkum yfir þegar tíu mínútur voru eftir en skoraði svo bara eitt mark á síðustu tíu mínútunum. Fram jafnaði metin og Stella skoraði svo sigurmarkið þegar þrjár sekúndur voru eftir.

„Þetta var alveg svakalega sætt,“ sagði Einar Jónsson, þjálfari Fram, eftir leikinn. „Stella sagði í leikhléinu [fyrir lokasóknina] að hún myndi skora og hún gerði það. Það var alveg rosalega ljúft að sjá boltann liggja í netinu. Loksins datt þetta okkar megin eftir öll þau skipti sem þetta hefur legið fyrir Valsmönnum.“

> Stella sagði í leikhléinu [fyrir lokasóknina] að hún myndi skora og hún gerði það. Það var alveg rosalega ljúft að sjá boltann liggja í netinu.
>
> **EINAR JÓNSSON**
> **ÞJÁLFARI FRAM**

Stella var sjálf í skýjunum eftir sigurinn. „Það er ekki hægt að biðja um mikið meira fyrir áhorfendur,“ sagði hún en Stella átti alls 23 skottilraunir í leiknum. „Ég var á hælunum í síðasta leik og ekki að taka nógu mikið af skotum. Maður verður að skjóta til að skora og þó svo að það hafi kostað nokkrar tilraunir þá skilaði þetta sér að lokum,“ sagði hún.

Stefán Arnarsson, þjálfari Vals, var óánægður með lokamínúturnar í báðum hálfleikjum. „Við missum niður forystuna í bæði skiptin og það var okkur dýrkeypt,“ sagði hann. „En þetta var heilt yfir flottur leikur. Bæði lið spiluðu góðan varnarleik og markvarslan var góð. Það skiptir mestu máli í þessari rimmu.“

Einar tekur undir það og segir sína leikmenn eiga meira inni. „Ég tel að við eigum töluvert inni og við getum enn bætt okkur. Við erum ekki búin að toppa.“

**eirikur@frettabladid.is**

## FRAM - VALUR 18-17

**Mörk Fram (skot):** Stella Sigurðardóttir 9/2 (23/3), Elísabet Gunnarsdóttir 3/2 (4/3), Sunna Jónsdóttir 2 (6), Marthe Sördal 1 (2), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 1 (3), Anett Köbli 1 (3), Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 1 (4), Ásta Birna Gunnarsdóttir (1).
**Varin skot:** Guðrún Ósk Maríasdóttir 15/1 (31/2, 48%), Karen Ösp Guðbjartsdóttir (1, 0%),
**Hraðaupphlaup:** 1 (Marthe Sördal )
**Fiskuð víti:** 6 (Elísabet 2, Stella, Anett, Guðrún Þóra, Hekla Rún Ámundadóttir)
**Utan vallar:** 6 mínútur.
**Mörk Vals (skot):** Karólína Bærhenz Lárudóttir 4 (5), Þorgerður Anna Atladóttir 4 (12), Kristín Guðmundsdóttir 3/1 (4/1), Dagný Skúladóttir 2 (2), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 2 (6), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 2 (8/1), Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir (4).
**Varin skot:** Guðný Jenný Ásmundsdóttir 13/1 (29/3, 45%), Sunneva Einarsdóttir 1/1 (3/3, 33%),
**Hraðaupphlaup:** 7 (Dagný 2, Karólína 2, Þorgerður Anna 2, Kristín)
**Fiskuð víti:** 2 (Dagný, Anna Úrsúla)
**Utan vallar:** 6 mínútur.
**Dómarar:** Anton Gylfi Pálsson og Hlynur Leifsson



**HETJUNNI FAGNAÐ Í LEIKSLOK** Stella Sigurðardóttir tryggði Fram oddaleik með því að skora sigurmarkið nokkrum sekúndum fyrir leikslok. Hér fagna liðsfélagar henni eftir að lokaflautið gall. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÞRÍR GÓÐIR** Guðjón, Logi og Bjarni nálgast 100 sigurleiki. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sigrar þjálfara í efstu deild:

## Hver verður fyrstur í 100?

**FÓTBOLTI** Guðjón Þórðarson (þjálfari Grindavíkur), Bjarni Jóhannsson (þjálfari Stjörnunnar) og Logi Ólafsson (þjálfari Selfoss) verða í sviðsljósinu með lið sín í 2. umferð Pepsi-deildar karla í kvöld.

Allir eiga þeir það sameiginlegt að vera inni á topp fjögur lista yfir sigursælustu þjálfarana í efstu deild karla og nú er spurningin hver þeirra verður fyrstur til að komast í 100 sigurleikja hópinn með Ásgeiri Elíassyni.

Ásgeir varð fyrstur til að stýra liði til sigurs í 100 leikjum í efstu deild sumarið 1997 og hefur enn 21 sigurleik í forskot á Guðjón Þórðarson. Guðjón vann sinn 99. leik 20. maí 2008 og hefur nú stýrt liðum í tíu leikjum í röð án þess að ná hundraðasta sigrinum í hús.

Bjarni og Logi hafa báðir unnið 98 leiki sem þjálfarar í efstu deild en Logi var sá eini af þeim þremur sem stýrði liði til sigurs í fyrstu umferðinni. - óój

**Flestir sigrar þjálfara:**

| | |
|---|---|
| Ásgeir Elíasson | 120 |
| Guðjón Þórðarson | 99 |
| Bjarni Jóhannsson | 98 |
| Logi Ólafsson | 98 |
| Willum Þór Þórsson | 88 |
| Jóhannes Atlason | 80 |
| Hólmbert Friðjónsson | 79 |
| Hörður Helgason | 74 |
| Óli B. Jónsson | 73 |
| Ríkharður Jónsson | 70 |





BM·VALLÁ

Góður múr
er grundvallaratriði



Hágæða hráefni fyrir íslenskar aðstæður

Í múrversluninni hjá BM Vallá geturðu gengið að fyrsta flokks vöru og þjónustu fyrir allt múrverk ásamt hágæðaflotefni sem hentar bæði til nýbyggingar sem og í endurflotun. Einnig býður BM Vallá uppá StoCrete flotefni.



BM Vallá hefur um árabil verið í fararbroddi íslenskra iðnfyrirtækja og gegnt forystuhlutverki í framleiðslu fyrir íslenskan byggingarvörumarkað.

sto

bmvalla.is

BM Vallá ehf.
Breiðhöfða 3
110 Reykjavík

Sími: 412 5050
Fax: 412 5001
sala@bmvalla.is

PIPAR\TBWA · SÍA · 112174

# RÓMEÓ OG JÚLÍA




## Allra síðustu sýningar!

Fim 10/5 Kl. 20 **örfá sæti**
Fös 11/5 Kl. 20 **örfá sæti**
Fim 17/5 Kl. 20 **örfá sæti**
Fös 18/5 Kl. 20 **örfá sæti**
Sun 3/6 Kl. 20 **Lokasýn.**

VesturPort

**Tryggðu þér miða!**
Miðasala | 568 - 8000 | borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

# ENGINN „HANASLAGUR“ HJÁ BRÆÐRUNUM

**Bjarni og Jóhannes Karl mætast sem fyrirliðar í stórleik ÍA og KR í Pepsi-deild karla í kvöld en bræðurnir hafa aldrei mæst áður sem mótherjar. Eftirvænting og spenna ríkir í fjölskyldunni, enda Jóhannes Karl að spila heimaleik á Akranesvelli í fyrsta sinn í fjórtán ár.**

**FÓTBOLTI** Íslandsmótið í fótbolta karla, Pepsi-deildin, fer ljómandi vel af stað og aðsóknarmet var sett í fyrstu umferðinni þar sem 1.740 áhorfendur mættu að meðaltali á leik. Einn af stórleikjum sumarsins fer fram á Akranesvelli í kvöld þar sem að nýliðar ÍA taka á móti Íslands – og bikarmeistaraliði KR.

Bræðurnir Jóhannes Karl og Bjarni Guðjónssynir mætast í þessum leik í fyrsta sinn sem mótherjar og er mikil eftirvænting hjá þeim báðum fyrir leikinn. Bjarni er 33 ára gamall, árinu eldri en Jóhannes Karl en Bjarni býst ekki við því að „Jói Kalli“ taki upp á því að elta hann í brjáluðu skapi – líkt og gerðist oftast þegar þeir voru að alast upp á Akranesi á sínum tíma.

**Bjarni**: „Það er búið að ræða mikið um leikinn í okkar fjölskyldu í margar vikur. Í fyrsta lagi var óvíst hvort Jói Kalli myndi ná þessum leik. Það var sett pressa á hann í fjölskyldunni að hann yrði kominn til Íslands fyrir þessa viðureign. Þetta er að sjálfsögðu stórleikur en við höfum sjálfir verið uppteknir við fyrsta leikinn á Íslandsmótinu og það er fyrst núna sem ég er farinn að velta þessum leik fyrir mér.“

**Jóhannes Karl**: „Það er mikil tilhlökkun hjá mér fyrir leikinn, og spenningur. Ég er að spila í fyrsta sinn á gamla heimavellinum eftir 14 ár í atvinnumennsku. Og það skemmir ekki fyrir að sá leikur sé gegn Íslandsmeistaraliði KR sem er með stóra bróður minn í sínu liði. Þetta verður svakalegur leikur og vonandi besta skemmtun fyrir alla. Sama hvernig fer.“



**BRÆÐUR MUNU BERJAST** Frá vinstri eru Jóhannes Karl, Bjarni og Þórður Guðjónssynir sem allir eiga langan feril að baki í knattspyrnunni. Þeir eru synir Guðjóns Þórðarsonar, núverandi þjálfara Grindavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Mamma styður gullkálfinn

Bjarney Jóhannesdóttir, móðir þeirra bræðra, verður í erfiðri stöðu í stúkunni á Akranesvelli í kvöld. Bjarni var fljótur að svara þegar þeir bræður voru spurðir að því hvort mamman gæti gert upp á milli sona sinna í þessum leik. Bjarney á fjóra syni sem hafa allir farið í atvinnumennsku en Þórður var sá fyrsti sem fetaði þá leið og Björn Bergmann Sigurðarson, yngsti sonur hennar, hefur vakið mikla athygli hjá Lilleström í Noregi að undanförnu.

**B:** „Mamma heldur alltaf upp á gullkálfinn sinn (Jóa Kalla) og það verður engin breyting á því í þessum leik.“

**J**: „Það er ekki rétt, mamma styður Bjarna í öllu því sem hann gerir. Hún er Skagamaður og býr þar, en hún verður sátt, hvernig sem leikurinn fer. Við erum báðir fyrirliðar í þessum stóra leik og það er eflaust sérstakt fyrir hana.“

**B**: „Það má alveg færa rök fyrir því að fótboltagenin komi frá henni, en ég held samt að það sé ofsögum sagt.“

**J**: „Þetta er bara góð blanda og frábært að eiga bræður sem eru í fótboltanum.“

### Stór munur á íslenska boltanum

Bjarni sneri heim til Íslands úr atvinnumennsku árið 2006 og Jóhannes Karl hefur undanfarin 14 ár leikið sem atvinnumaður í Evrópu. Þeir eru sammála um að Pepsi-deild karla hafi tekið stór framfaraskref á síðustu árum.

**B**: „Áhuginn á deildinni hefur vaxið gríðarlega frá þeim tíma þegar ég kom til Íslands á ný. Fyrst var það Landsbankadeildin og síðan tók Pepsi-deildin við. Umgjörðin er mjög góð um íslenska fótboltann. Áhugi fjölmiðla er mikill og umfjöllunin er í takt við þann áhuga. Fótboltinn er vinsælli en áður og við sáum það á mætingu áhorfenda í fyrstu umferðinni að fólk vill koma og sjá sitt lið spila. Það er bara gaman að taka þátt í því.“

> Leikirnir hjá okkur úti á æfingasvæði eða hvar sem við vorum enduðu alltaf eins. Jói Kalli varð alveg brjálaður eftir að hafa tapað fyrir mér og ég þurfti alltaf að hlaupa heim með hann á hælunum.
>
> **BJARNI GUÐJÓNSSON**
> FYRIRLIÐI KR

**J**: „Ég sé líka stóran mun frá því ég fór frá Íslandi árið 1998. Umgjörðin er mun betri en áður, og þeir sem starfa í kringum þetta frá öllum hliðum eru einnig að standa sig betur en áður. Fagmennskan ræður ríkjum og það er frábært fyrir fótboltann á Íslandi og skref í rétta átt.“

Bjarni og Jóhannes mætast í fyrsta sinn í opinberum leik í kvöld á Akranesvelli en þeir eru vanir því að kljást – og barátta þeirra á fótboltavellinum hefur oft endað með látum.

**B**: „Það var alltaf þannig þegar við vorum yngri að leikirnir hjá okkur úti á æfingasvæði eða hvar sem við vorum enduðu alltaf eins. Jói Kalli varð alveg brjálaður eftir að hafa tapað fyrir mér og ég þurfti alltaf að hlaupa heim með hann á hælunum. Jói Kalli var með gríðarlegt skap. Svona er þetta enn í dag, og ég man bara eftir svona atviki fyrir ekki svo mörgum árum þegar við vorum báðir atvinnumenn.“

**J**: „Ég kannast nú alveg við þetta. Hann vann mig og ég varð alveg trylltur í kjölfarið. Þetta herti mig bara og mótaði mig sem leikmann. Ég þurfti alltaf að hafa mikið fyrir hlutunum gegn Bjarna, hann var öflugur andstæðingur. Hann gerði mig betri fyrir vikið.“

Bræðurnir ætla sér ekki að fara í einhvern „hanaslag“ í baráttunni á miðsvæðinu í kvöld, en Bjarni er harður á því að yngri bróðir hans geti einfaldlega ekki „náð“ honum líkt og í gamla daga.

**B**: „Ég ætla ekki að „stimpla“ litla bróður minn á 2. mínútu ef einhver er að búast við því. Enda er ég lítið í þessum tæklingum, ég er svo fljótur að ég er aldrei í þessum 50/50 boltum. Er yfirleitt alltaf á undan í þessa bolta og ég sé ekki að það verði nokkur breyting á því í þessum leik,“ sagði Bjarni í léttum tón og brosti.

**J**: „Ég spila minn leik og reyni að vera sanngjarn. Ég vona að ég sé ekki þekktur fyrir að fara í tæklingar til þess að meiða neinn. Ég er fastur fyrir og harðfylginn.“

### Myndi kjósa Bjarna í mitt lið

Þórður Guðjónsson framkvæmdastjóri Knattspyrnufélags ÍA var einnig viðstaddur þegar viðtalið var tekið. Hann er elstur þeirra bræðra og sex árum eldri en Bjarni. Þórður fékk erfiðar spurningar frá Fréttablaðinu og svörin bera þess merki að stjórnmálaferill sé í vændum hjá framkvæmdastjóranum.

*Þú ert þjálfari liðs og Bjarni og Jói Kalli eru báðir í þínu liði. Það er vítaspyrnukeppni í gangi og aðeins eitt víti eftir sem gæti tryggt þínu liði sigurinn. Hvorn myndir þú velja til að taka vítið?*

„Ég myndi láta Jóa Kalla taka vítið. Hann er svo ungur og kærulaus. Hann hefur ekki þessa ábyrgðartilfinningu sem við eldri bræður hans höfum,“ sagði Þórður. Hann fékk aðra spurningu strax í kjölfarið og yngri bræður hans horfðu beint í augun á þeim elsta og biðu spenntir eftir svarinu.

*Þú ert að kjósa í lið og þarft að velja á milli Bjarna eða Jóa Kalla – hvorn myndir þú velja?*

„Ég tæki Bjarna, hann hefur meiri reynslu af íslenska fótboltanum,“ sagði Þórður og bræðurnir virtust sáttir við svörin.

seth@frettabladid.is




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# VORÚTSALA

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

**42“ SJÓNVÖRP FRÁ 99.990**

**iPOD/iPAD/ iPHONE VÖGGUR MEÐ ALLT AÐ 44% AFSLÆTTI**

**PANASONIC SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 200.000 KR AFSLÆTTI**

**ANDROID VÖGGUR MEÐ ALLT AÐ 33% AFSLÆTTI**

**JABRA BLUETOOTH HEYRNARTÓL OG HÁTALARAR MEÐ ALLT AÐ 40% AFSLÆTTI**

**SKJÁVARPAR MEÐ ALLT AÐ 30% AFSLÆTTI**

**PHILIPS SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 150.000 KR AFSLÆTTI**

**OLYMPUS MYNDAVÉLAR MEÐ ALLT AÐ 30.000KR AFSLÆTTI**

**FRÁBÆR TILBOÐ Á HEIMABÍÓ-KERFUM**

**OPIÐ LAUGARDAG 11 -16**

**SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS**

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► **REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ**: Hagkaup, Smáralind. **VESTURLAND**: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Hrannarbúðin Grundarfirði. Skipavík, Stykkishólmi. **VESTFIRÐIR**: Verslunin Ranglátur, Tálknafirði. Fjölval, Patreksfirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Snerpa Ísafirði. **NORÐURLAND**: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Valberg, Ólafsfirði. SR Byggingavörur, Siglufirði. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Víkurraf, Húsavík. **AUSTURLAND**: Tölvulistinn, Egilsstöðum, Kauptún, Vopnafirði. Nettó, Höfn Hornafirði. **SUÐURLAND**: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. **REYKJANES**: Tölvuþjónusta Benna, Grindavík. Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

# veiði

golfogveidi@frettabladid.is

**1.000** **FISKAR** er algeng ársveiði í Hörgsá. Leyfin í ána eru komin í vefsölu.

**490** **LAXAR** komu á land úr Mýrarkvísl árið 1986 en algeng sumarveiði er um 250 laxar.

FLUGAN




## Urriðaflugan sem gleymdist

Stórar straumflugur hafa verið að gefa vel í urriðaveiðinni í vor og ekki síst draugarnir Black Ghost og Gray Ghost í stærri númerum. Gray Ghost er ekki eins mikið notuð fluga síðustu árin og Black Ghost, en er ekki síðri að margra mati.

**Uppskrift:**

**Öngull** – Legglangur straumflugu-öngull

**Tvinni** – Svartur UNI 6/0

**Broddur** – Flatt silfur

**Vöf** – Flatt silfur

**Búkur** – Appelsínugult UNI flos

**Skegg** – 4 til 5 fanir af páfuglsfjöður, hvítlituð hjartarhalahár og hausfjöður af gullfasana.

**Vængur** – 4 fjaðrir af grálituðum hanasöðulbakfjöðrum ásamt hausfjöður af gullfasana

**Síður** – Búkfjaðrir af silfurfasana

**Kinnar** – Fjaðrir af frumskógarhana

**Haus** – Svartur, oft með rauðri rönd.

Vænar bleikjur í kuldanum:

## Bleikjan mætt í Breiðdalsána

Fyrstu sjóbleikjurnar hafa fallið fyrir agni veiðimanna á silungasvæði Breiðdalsár. Það er allavega til marks um að hún sé mætt, en lítið hefur verið reynt að veiða vegna veðurs þar eystra.

Heimir Karlsson, gamall veiðileiðsögumaður, lét veðrið ekki stoppa sig og náði þremur bleikjum; tvær voru yfir 50 sentimetrana. Heimir varð var við bleikju víða á svæðinu en hann náði ekki að freista þeirra þennan daginn.



**LANGÁ Á GÓÐUM DEGI** Þess er ekki langt að bíða að fyrstu veiðimennirnir kasti fyrir lax í íslensku ánum, en ekkert bendir til annars en að göngur verði með ágætum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Horfur á ágætri laxveiði í sumar

**Það er útlit fyrir laxveiðisumar í góðu meðallagi, er mat Guðna Guðbergssonar, fiskifræðings hjá Veiðimálastofnun, sem fræddi áhugasama veiðimenn um horfur komandi mánaða á síðasta opna kvöldi Stangveiðifélags Reykjavíkur á föstudagskvöld.**

Klakárgangarnir sem nú munu skila sér til baka eru að líkum minni en þeir sem komu á undan, svo menn eiga ekki von á annarri eins veislu eins og undanfarin þrjú, fjögur ár en engin ástæða er til annars, að mati Guðna, en að veiði geti orðið með ágætum.

### Metárnar færa sig norður og austur úr

Veiðimenn gátu vel við unað í fyrrasumar. Einhverjir höfðu það á tilfinningunni að sumarið hefði ekki verið neitt sérstakt en hins vegar markast það af þeirri staðreynd að árin á undan voru metár.

Mjög athyglisvert er að skoða þróun veiðinnar frá sumrinu 2008 og árin á eftir. Metveiði var í mörgum ám árið 2008 og sérstaklega á Suðvesturlandi. Árið 2009 var metveiði í mörgum ám á Norðvesturlandi og árin 2010-2011 var metveiðin í ám á Norðausturlandi. Besta veiðin virðist þannig byrja á Vesturlandinu og færa sig síðan norður og austur eftir.

Aðspurður sagði Guðni að þetta sé ekkert nýtt og hafi áður sýnt sig. Má hér minna á að að íslensku laxastofnarnir eru taldir til tveggja meginstofneininga. Laxastofninn á Suður- og Vesturlandi á margt sameiginlegt með líffræði stofna í Suður-Evrópu en stofninn á Norður- og Austurlandi á margt sameiginlegt með stofnum landa sem liggja norðar. Því er hegðun gönguseiða í góðæri nokkuð ólík á milli landsvæða en skilar sér í veiði á ólíkum tímum eftir því hvenær árgangarnir skila sér í sjó. Hvað þetta segir okkur um veiðina sumarið 2012 er hins vegar erfitt að ráða í og Guðni gaf mönnum engar tálvonir um framhaldið.

### Stórlaxinn að skila sér aftur?

Á áttunda áratugnum veiddist svipaður fjöldi stór- og smálaxa hér á landi. Eftir köldu árin frá 1979 vel fram á níunda áratuginn gjörbreyttist samsetning veiðinnar. Því má draga þá ályktun að kuldakaflinn á þessum tíma hafi átt stóran þátt í því að breyta samsetningu laxastofnsins, ekki síst á Norðausturlandi. Hnignunin var stöðug til ársins 2006 en þá má greina batamerki. Stórlax hefur orðið aftur meira áberandi í veiðinni og vonandi eru að verða umskipti til hins betra. Ekki má gleyma því að vísindamenn sjá breytingar í hafinu í kringum okkur líka, sem vonandi styrkir tveggja ára laxinn enn. Það er nefnilega svo að meirihlutinn af tveggja ára laxinum okkar eru hrygnur, en meirihlutinn af eins árs laxinum eru hængar. Kenningar eru uppi um það að seiðin séu „forrituð“ áður en þau ganga til sjávar. Því hafi á undanförnum árum verið mikið af hrygnum sem hafi ætlað að vera tvö ár í sjó en ekki lifað sjávardvölina af vegna slæmra skilyrða. Betri aðstæður fyrir lax í hafinu munu því að vonum skila fleiri og fleiri stórum öflugum hrygnum eftir tveggja ára sjávardvöl, sem eru góðar fréttir fyrir veiðimanninn í öllum skilningi. Einhverjar þeirra renna á fluguna sem þeim verður boðin og vonandi ná þær sem allra flestar að skila góðri hrygningu.

### Bleikjan lætur undan síga

Eins og menn þekkja er ekki lengur hægt að ganga að bleikjunni vísri í þeim fjölmörgu ám sem fóstra þennan stórkostlega fisk. Bleikjuveiði er ekki svipur hjá sjón, og má segja að um hrun sé að ræða frá því sem áður var. Í vatnakerfi Borgarfjarðar hefur veiði á bleikju farið á nokkrum árum úr 4.000 bleikjum niður í hundrað. Það er nokkuð sama hvert litið er, sérstaklega á Vesturlandi, bleikjustofnum hefur hnignað. Sama er uppi á teningnum á Norðvesturlandi og þegar haldið er áfram austur úr þá má segja að sagan sé sú sama.

Guðni sagði að horfa bæri til áranna 1999 til 2001 í þessu tilliti. Þá fór ekki á milli mála að bleikjustofnum tók markvert að hnigna. Frá sama tíma sýna gögn úr vatnshitamælingum að vatnshiti tók að stíga og er það mat Guðna að ekki verði litið fram hjá þessari staðreynd þegar leitað er skýringa á því að bleikjan hefur látið undan síga.

Í þessu samhengi minnti Guðni á komu flundrunnar sem er farin að gera mjög vart við sig, svo ekki sé talað um makríl sem gengur nú inn í íslenska fiskveiðilögsögu ár hvert (1,1 milljón tonn sumarið 2011 er mat Hafrannsóknastofnunar). Sandsílastofninn hefur gefið eftir með þeim afleiðingum að svartfuglastofnar hafa látið á sjá svo það er víða í umhverfinu sem hlýnun er farin að hafa mikil áhrif á vistkerfin.

### Urriðinn græðir!

Eins bitur og missir bleikjunnar er, má segja að sterkari stofnar urriðans sé helst til að lina sárasta sviðann. Það er nefnilega svo að á meðan bleikjan hopar undan hitnandi vatni tekur urriðinn breytingunum fagnandi.

Guðni sagði að á sama tíma og gögn sýni afdráttarlaust að bleikjan sé á undanhaldi megi merkja hið gagnstæða í veiði á urriða, til dæmis á Norðvesturlandi þar sem er aukning í veiði í flestum ám.

Hvað varðar sjóbirtinginn sérstaklega, en mekka þeirra urriðastofna er auðvitað Suðurland, er meginlínan sú að veiðin hefur minnkað eitthvað aðeins en veiðin hefur verið meiri á Norður- og Austurlandi. Rétt er að árétta að bleikjan gerir minnstu kröfurnar til umhverfisins og líður vel í köldu vatni – laxinn gerir mestar kröfurnar, en urriðinn er þarna mitt á milli. Hlýnandi veðurfar er því að hafa áhrif og tilefni til að halda að sama þróun verði áfram. Þetta bendir þá til þess að urriðinn sé að yfirtaka búsvæði bleikjunnar; eftirgjöf hennar hentar urriðanum, sérstaklega á hrogna- og seiðastigi.

Horfurnar fyrir sumarið eru því þær að líkur á góðri bleikjuveiði eru ekkert sérstaklega góðar en í staðinn má vænta þess að sá doppótti verði fyrirferðarmeiri í veiði sumarsins og næstu ár.

### Þegar allt er talið

Hvernig þetta mun allt fara er ómögulegt að segja. Í því felst fegurðin í veiðimennskunni. En þegar allt er talið er engin ástæða til annars en að ganga til veiða með bjartsýnina að vopni. Bæði hyggjuvitið og fræðin byggja undir það.

svavar@frettabladid.is

## Laxinn er forvitnileg skepna

- Hluti laxa lifir hrygninguna af og gengur aftur til sjávar. Á áttunda áratugnum er talið að um 20% hafi náð að komast aftur í sjó og því allnokkuð af laxi sem gekk til endurtekinnar hrygningar. Hreisturgreiningar sýna að hlutfallið er miklum mun lægra í dag.
- Laxaseiði hundraðfaldar þyngd sína á einu ári. Stærstur hluti íslenska laxastofnsins snýr til baka eftir eitt ár í sjó en hluti eftir tvö ár sem stórlax. Norðarlega í Skandinavíu og í Rússlandi getur lax verið allt upp í fimm ár í sjó og verður því tröllvaxinn, á okkar mælikvarða.



**STÓRLAX** Breiðdalsá hefur sannað sig sem stórlaxaá á undanförnum árum. Hér er Tómas Baldvinsson, leiðsögumaður, með 25 punda fisk sem veiddist í fyrrasumar. MYND/ÞRÖSTUR ELLIÐASON




Flugsæti til Þýskalands á góðu verði í sumar

Eigum nokkur flugsæti laus til Þýskalands í sumar með þýskum samstarfsaðilum. Flogið er frá Íslandi þrisvar í viku og er brottför að kvöldi og lent í Þýskalandi að morgni næsta dags.

Verð með sköttum: Önnur leið frá kr. 19.990,-

Nánari upplýsingar á skrifstofutíma í síma 588 8660

Travel Agency Authorised by Icelandic Tourist Board

TROLL TOURS SNÆLAND GRÍMSSON

Langholtsvegi 115 · 104 Reykjavík · Sími 588 8660 · flug@snaeland.is

# GÖTU MARKAÐUR

## AÐEINS ÞRJÚ VERÐ*

KR. 250, KR. 500, EÐA KR. 1.000

*Gildir aðeins fyrir vörur á Götumarkaði KorpuOutletsins

STÆRSTA OUTLET LANDSINS!

KORPU OUTLET

Ráðandi - auglýsingastofa ehf

Fylgstu með okkur á Facebook!

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

> **Stöð 2 kl. 21.25**
**The Closer**

*Kyra Sedgwick er mætt í sjöundu og síðustu þáttaröðinni af The Closer, sem hefur notið mikilla vinsælda hjá áhorfendum Stöðvar 2. Hún leikur lögreglukonuna Brendu Johnson sem beitir oft óhefðbundum aðferðum til að ná árangri og nú á hún lögsókn yfir höfði sér á meðan undirmenn hennar rannsaka morð á rappara.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS Þ. LÚÐVÍKSSON HLÆR OG HLÆR OG HLÆR

# *Óhagsýnir grínistar*

Gamanþættir eru vinsæl tegund sjónvarpsefnis. Það nægir að skoða sjónvarpsdagskrá íslensku sjónvarpsstöðvanna til að fá staðfestingu á því. Að mati undirritaðs eiga flestir gamanþættir þó við ákveðinn vanda að stríða. Þegar öllu er á botninn hvolft eru þeir flestir einfaldlega ekkert voðalega fyndnir.



Það er hægt að hafa gaman af þeim mörgum. Þeir skemmta áhorfandanum sem fyrir vikið brosir af og til en þeir framkalla hins vegar sjaldan hlátrasköll.

Vitaskuld eru undantekningar á þessu, nefna má Seinfeld, Arrested Development, Office og Daily Show en hinn dæmigerði gamanþáttur í sjónvarpinu er bara ekki fyndinn.

Kynnum þá til sögunnar nýlegan bandarískan gamanþátt sem nefnist Impractical Jokers. Þátturinn er í raun byggður upp eins og falin myndavél en í honum skiptast fjórir vinir á að skora hver á annan. Áskoranirnar eru yfirleitt á þá leið að vinirnir þurfa að fara út á meðal fólks, sem veit ekki að verið er að mynda, og haga sér gjörsamlega fáránlega. Þeir þurfa að brjóta félagsleg tabú, haga sér eins og furðufuglar og segja ótrúlegustu hluti (sem hinir hvísla að þeim í gegnum lítil heyrnartól) til þess eins að vekja óborganleg viðbrögð. Þetta er ekki flókið grín, raunar er þetta ótrúlega einfalt grín. En guð minn góður hvað þetta virkar. Ég hef ekki hlegið jafn mikið að sjónvarpsþætti í háa herrans tíð sem sannar einfaldlega hið fornkveðna; stundum er einfaldasta grínið best.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Íslensk menning **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Draumar á jörðu **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.30** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Gamla góða Nýja Ísland **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.20 Konungsríki Benna og Sóleyjar**

**17.31 Sögustund með Mömmu Marsibil**

**17.42 Múmínálfarnir**

**17.52 Lóa**

**18.05 Orðaflaumur – Ordstorm: Utanför** (1:5) (Ordstorm) Sænsk þáttaröð um unga penna sem tjá sig með margvíslegum hætti, meðal annars í bókmenntatextum, blaðagreinum og söngtextum.

**18.20 Táknmálsfréttir**

**18.25 Gulli byggir** (4:6) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.05 Góði kokkurinn** (5:6) (The Good Cook) Bresk matreiðsluþáttaröð. Simon Hopkinson, sem hefur fengið verðlaun fyrir skrif sín um mat og matargerð.

**20.40 70 lítil hjörtu** Heimildamynd um börn með meðfædda hjartagalla.

**21.10 Aðþrengdar eiginkonur** (18:23) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.20 Glæpahneigð** (127:138) (Criminal Minds VI) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.05 Höllin** (15:20) (Borgen) (e)

**00.05 Kastljós** (e)

**00.30 Fréttir**

## 2 BÍÓ

**08.00 Daddy's Little Girls**

**10.00 10 Items of Less**

**12.00 Ævintýraferðin**

**14.00 Daddy's Little Girls**

**16.00 10 Items of Less**

**18.00 Ævintýraferðin**

**20.00 Couple's Retreat**

**22.00 Strangers With Candy**

**00.00 Goya's Ghosts**

**02.00 The Things About My Folks**

**04.00 Strangers With Candy**

**06.00 Diary of A Wimpy Kid**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.30 Oprah**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (139:175)

**10.15 Glee** (2:22)

**11.00 Lie to Me** (1:22)

**11.50 Extreme Makeover: Home Edition** (2:25)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Sione's Wedding** Hressileg gamanmynd. Sione er að fara að gifta sig en á við fjögur vandamál að stríða; bróður sinn, Michael, og þrjá bestu vini hans.

**14.45 Smallville** (1:22)

**15.30 Barnatími Stöðvar 2**

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.55 Friends** (6:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (22:23)

**19.45 Arrested Development** (2:22)

**20.10 The Amazing Race** (11:12) Keppendur þurfa sem fyrr að flakka heimshornanna á milli og leysa úr ýmsum þrautum á leiðinni í von til þess að vinna ýmisleg verðlaun á leiðinni og að verða fyrst í mark.

**20.55 Mið-Ísland** (8:8)

**21.25 The Closer** (1:21)

**22.10 NCIS: Los Angeles** (19:24) Önnur þáttaröðin um starfsmenn sérstakrar deildar innan bandaríska hersins sem hafa það sérsvið að rannsaka glæpi sem tengjast sjóhernum eða strangæslunni á einn eða annan hátt.

**22.55 Rescue Me** (12:22)

**23.40 The Mentalist** (19:24)

**00.25 Homeland** (9:13)

**01.20 Boardwalk Empire** (12:12)

**02.10 Sione's Wedding**

**03.45 Terra Nova**

**04.30 Mið-Ísland** (8:8)

**04.55 The Closer** (1:21)

**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Evrópudeildin: Atlético Madrid - Athletic Bilbao**

**17.55 Evrópudeildin: Atlético Madrid - Athletic Bilbao**

**19.45 Pepsi: ÍA - KR** BEINT

**22.00 Pepsi mörkin** Öll mörkin og umdeildu atvikin í leikjum Pepsi deildar karla í knattpsyrnu. Hörður Magnússon stýrir þættinum og honum til halds og trausts eru Hjörvar Hafliðason, Tómas Ingi Tómasson og Reynir Leósson.

**23.10 Pepsi: ÍA - KR**

**01.00 Pepsi mörkin**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Birmingham - Blackpool**

**16.20 Birmingham - Blackpool**

**18.10 Newcastle - Man. City**

**20.00 Premier League World**

**20.30 Premier League Review 2011/12**

**21.25 Football League Show**

**21.55 Liverpool - Chelsea**

**23.45 Blackburn - Wigan**

## 2 EXTRA

**19.45 The Doctors** (110:175)

**20.30 In Treatment** (52:78)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 New Girl** (13:24)

**22.20 2 Broke Girls** (1:24)

**22.45 Grey's Anatomy** (21:24)

**23.30 Gossip Girl** (13:24)

**00.15 Pushing Daisies** (11:13)

**01.00 In Treatment** (52:78)

**01.25 The Doctors** (110:175)

**02.05 Fréttir Stöðvar 2**

**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**15.50 Being Erica** (1:12) (e)

**16.35 Eureka** (17:20) (e)

**17.25 Dr. Phil**

**18.10 The Firm** (11:22) (e)

**19.00 America's Funniest Home Videos** (17:48) (e)

**19.25 Rules of Engagement** (21:26) (e)

**19.45 Will & Grace** (4:25) (e)

**20.10 Eldhús sannleikans** (1:10) Sigmar B. Hauksson snýr nú aftur í sjónvarp með nýja seríu matreiðsluþátta. Í hverjum þætti er ákveðið þema þar sem Sigmar ásamt gestum útbúa ljúffenga rétti ásamt viðeigandi víni þáttarins.

**20.35 Solsidan** (4:10)

**21.00 Blue Bloods** (13:22)

**21.50 Franklin & Bash** (5:10) Skemmtilegur þáttur um lögfræðingana og glaumgosana Franklin og Bash. Þeir eru afar litríkar persónur sem reglulega þurfa að sletta úr klaufunum. Þegar þeir vinna glæstan sigur í stóru dómsmáli eru þeir ráðnir inn á virta lögfræðistofu sem setur villtu líferni þeirra ákveðnar skorður. Það logar allt í illdeilum í máli sem snýst um forláta hafnabolta og Jared þarf að kljást við föður sinn í réttarsalnum.

**22.40 Jimmy Kimmel**

**23.25 CSI** (18:22) (e)

**00.15 Law & Order UK** (10:13) (e)

**01.00 Unforgettable** (3:22) (e)

**01.50 Blue Bloods** (13:22) (e)

**02.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** Wells Fargo Championship 2012 (4:4) **11.10** Golfing World **12.00** Wells Fargo Championship 2012 (4:4) **16.35** Inside the PGA Tour (19:45) **17.00** The Players Championship 2012 (1:4) **23.00** Presidents Cup Official Film 2009 (1:1) **23.50** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Í ljósi nýsköpunar

## BBC entertainment

**06.25** 'Allo 'Allo! **07.45** New Tricks **09.30** Deal or No Deal **10.05** EastEnders **10.35** Come Dine With Me **11.25** QI **12.25** Keeping Up Appearances **13.25** One Foot in the Grave **14.35** Top Gear **15.25** QI **16.25** Come Dine With Me **17.20** The Graham Norton Show **18.05** QI **19.05** Top Gear **20.00** Bill Bailey: Tinselworm **20.50** The Graham Norton Show **21.35** Live at the Apollo **22.20** Top Gear **23.15** The Graham Norton Show **00.00** Bill Bailey: Tinselworm **00.50** The Graham Norton Show **01.40** Live at the Apollo

## DR 1

**10.35** Vores Liv. Skattejægerne **11.05** Ha' det godt **11.35** Aftenshowet **12.30** Blod, sved og ris **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamie Olivers skolemad **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.25** Rosa fra Rouladegade **15.00** Himmelblå **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Drommehaver **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Gintberg på kanten - Hirtshals **19.00** TV Avisen **19.25** Bag Borgen **19.50** SportNyt **20.50** Taggart **22.05** OBS **22.10** Restaurant bag tremmer **22.40** Lægerne

## NRK 1

**06.30** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Grønn glede **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Norskekysten **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Schrödingers katt **18.15** Munter mat **18.45** Virtuos **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Debatten **20.30** Humorama **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kalde føtter **22.05** Adresse Baku **23.10** Bitt av naturen **23.40** Danmark fra kyst til kyst **00.40** Debatten **01.40** Schrödingers katt **02.10** Norskekysten **05.00** Morgennytt

## svt1

**12.20** Minnenas television **13.15** Genom Ryssland på 30 dagar **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Hockeymodell **14.45** Det ljuva livet i Alaska **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Djursjukhuset **18.30** Hundra procent bonde **19.00** Dokument inifrån **20.00** Debatt **20.45** Modellagenturen **21.35** Rapport **21.40** Kulturnyheterna **21.45** Det ljuva livet i Alaska **22.30** Attending Örebro

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Perlur úr myndasafni

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




Forsölu lýkur 15. maí

# Landsmót hestamanna Reykjavík 2012

25.06 – 01.07

Athugið að forsölu lýkur 15. maí. Sæti í stúku, miðar á landsmót og hjólhýsastæði – allt bókanlegt á www.landsmot.is

## Taktu þátt í forsöluleiknum

Dregið verður 15. maí úr keyptum miðum í forsölu. Í verðlaun er flug fyrir tvo til Evrópu með Iceland Express.

Minnum á afsláttarkjör félaga í LH og BÍ. N1 korthafar fá 1.000 kr afslátt.

Iceland Express

# 60 MILLJÓNIR

## DREGNAR ÚT Í AÐALÚTDRÆTTI Í DAG!*

FÁÐU ÞÉR MIÐA Á HHI.IS FYRIR KL. 16




## 25 MILLJÓNIR

Í Aðalútdrætti síðasta mánaðar fékk meðal annars einn heppinn miðaeigandi **25 milljónir** þegar **5 milljóna vinningur** kom á trompmiða og **fimmfaldaðist**.



Miðaeigendur styðja uppbygginguHáskóla Íslands og tækjakaup til rannsókna- og vísindastarfs.

Fjárfesting í menntun og rannsóknum er forsenda þróttmikils samfélags ...

... öflugs atvinnulífs og velferðar.

**ÞANNIG VINNUM VIÐ ÖLL**




## EINN MIÐI–TVEIR LEIKIR

**Milljónaveltan** verður svo á sínum stað seinna í mánuðinum. Nú stendur vinningurinn í **20 milljónum**. Auk þess drögum við alltaf út **5 stakar milljónir**, aðeins úr seldum miðum.

DRÖGUM 24. MAÍ

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

VÆNLEGAST TIL VINNINGS

**Fáðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 66 11 eða hjá næsta umboðsmanni.**

PIPAR\TBWA • SÍA • 113238

* Meðaltal vinninga í Aðalútdrætti er um 60 milljónir en var t.d. 85 milljónir í apríl.

## SUMARSLAGARINN



*„Lagið The Look með Metronomy er mjög hresst og kemur mér í sumarskap. Sem og I Wanna Be Your Lover með La Bionda, það kemur manni í gott skap á hvaða árstíma sem er, en aðallega á sumrin.“*

Berglind Jónsdóttir, nemandi í Art Direction við IED-skólann í Barcelona.

# Vilja sýna ferðamönnum næturlífið

„Við höfum tekið eftir aukinni eftirspurn eftir þjónustu á borð við þessa frá útlendingum niðri í bæ,“ segir Darri MacMahon, annar eigandi hins nýstofnaða fyrirtækis Reykjavík by Night.

Fyrirtækið sérhæfir sig í að lóðsa ferðamenn um hið margrómaða næturlíf Reykjavíkurborgar. Darri og félagi hans, Hlynur Friðfinnsson, stofnuðu fyrirtækið fyrir stuttu og þekkja, að eigin sögn, næturlífið eins og handarbakið á sér. „Við höfðum verið að spá í þessu í langan tíma og nú þegar ferðamannaiðnaðurinn er í mikilli sókn fannst okkur ekki annað hægt en að kýla á þetta,“ segir Darri sem er að útskrifast sem íþróttafræðingur en Hlynur vinnur hjá Ölgerðinni.

Reykjavík by Night er þriðja fyrirtækið sem hefur verið stofnað í kringum næturlífið í Reykjavík að undanförnu enda hefur skemmtanamenning landans ákveðið aðdráttarafl á ferðamenn sem sækja landið heim. „Það er í raun ótrúlegt að það séu ekki fleiri svona fyrirtæki á Íslandi enda er næturlífið frægt um allan heim. Við höfum báðir verið að vinna og stundað skemmtistaðina í nokkur ár og tekið eftir útlendingum á ráfi um bæinn án þess að vita hvert er best að fara,“ segir Darri. Hin fyrirtækin sem veita sömu þjónustu eru Reykjavík Rocks og Nightlife Friend.

Auk Darra og Hlyns eru sex leiðsögumenn starfandi hjá Reykjavík by Night sem einnig taka að sér útbúa dagsferðir. „Ég fékk pabba minn, Neil McMahon, til að vera með okkur en hann er Íri sem hefur búið hér í þrjá áratugi og ætlar að sjá um þá hópa sem vilja til dæmis fara út að borða og fræðast um íslenska menningu án þess að fara á djammið. Við ættum að geta komið til móts við fjölbreyttan hóp viðskiptavina.“ Hægt er að fræðast um fyrirtækið á vefsíðunni Rvkbynight.is. **-áp**



**ÞEKKJA NÆTURLÍFIÐ VEL** Darri MacMahon og Hlynur Friðfinnsson hafa stofnað fyrirtækið Reykjavík by Night sem sérhæfir sig í að lóðsa ferðamenn um næturlíf miðborgarinnar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Vinsældir fyrirsætunnar **Kolfinnu Kristófersdóttur** halda áfram að vaxa og nú síðast sat Kolfinna fyrir í myndaþætti í þýska Vogue. Ben Hassett myndaði fyrirsætuna en hann hefur starfað mikið fyrir Vogue um allan heim sem og tímaritin W, Numero og American Harpers Bazaar. Hassett hefur einnig myndað fyrir merki á borð við Omega, Dior, L'Oreal, Wella, Givenchy, Clarins og Rimmel. Kolfinna steig sín fyrstu skref hjá umboðsskrifstofunni Eskimó og lenti í öðru sæti í Next-fyrirsætukeppninni í fyrra.









DÓRI DNA: YFIRLÝST MARKMIÐ AÐ STJÓRNA GRÍNI Á ÍSLANDI

# Varar íslensku þjóðina við Grínmúrarareglunni

„Þetta félag er svolítið eins og Sjálfstæðisflokkurinn, til að tryggja að félagsmenn séu í góðum stöðum og að þeim líði vel,“ segir Mið-Íslandsgrínarinn Dóri DNA um Íslensku Grínmúrararegluna.

Íslenska Grínmúrarareglan er aðilinn á bak við dularfullt merki sem landsmenn hafa eflaust tekið eftir í lok Mið Íslands-þáttanna og Steindans okkar, auk þess sem það sést á óáberandi stað á vefsíðunni Flick My Life. Þá er það væntanlegt á fleiri staði að sögn Dóra. „Það er verið að vígja inn fleiri meðlimi *„as we speak“* og það eru stór nöfn. Við erum búin að skapa okkur sess í sjónvarpinu og á netinu en nú ætlum við að færa okkur yfir í myndrænt, prentað grín,“ segir hann.

Aðspurður hvort reikna megi með að sjá menn eins og Hugleik Dagsson bera merkið segist hann hvorki geta játað því né neitað, enda sé þetta leynifélag. „Þeir vita að ég er að tala við þig um þetta og eru ekki sáttir. Allir meðlimir reglunnar myndu neita tilveru hennar staðfastlega, enda er það í lögum. Ég er því að brjóta lögin gróflega,“ segir Dóri og viðurkennir að hann óttist mjög afleiðingar þess brots síns að ræða regluna við blaðamann. „Ef næsta frétt sem þú skrifar er um dularfullt mannshvarf á stórum manni úr Vesturbænum þá veistu hvað hefur gerst og lögreglan veit þá hvar er rétt að byrja að leita,“ bætir hann við.

Blaðamaður hefur ekki farið varhluta af ógnum Grínmúrarareglunnar og fengið misalvarlegar hótanir frá hópnum eftir að hafa rætt við Dóra. „Þeir eru blíðir þegar það á við en eru óhræddir við að vera harðir þegar þess þarf. Yfirlýst markmið reglunnar er að stjórna gríni á Íslandi, sama hvað það kostar,“ segir Dóri og bætir við að reglulega séu haldnir fundir þar sem hernaðaraðgerðir séu planaðar. „Einu skilaboðin sem ég hef handa íslensku þjóðinni eru bara að passa sig, því við erum að skipuleggja okkur,“ segir hann.

Síðasti þáttur Mið Íslands verður sýndur á Stöð 2 í kvöld og verður spennandi að sjá hverju grínistarnir taka þar upp á. Þættirnir hafa hlotið misjafnar viðtökur en yfir 400.000 manns hafa skoðað vinsælasta atriðið þeirra, sem fjallar um Andrés Önd, á netinu. **tinnaros@frettabladid.is**





**GRÍNMÚRARAR SAMEINAÐIR**

Grínararnir í **Mið Íslandi** eru meðlimir í leynireglunni, þó þeir myndu allir neita því ef þeir yrðu spurðir. Sömu sögu er að segja um **Steinda** jr. og félaga úr þáttunum Steindinn okkar.



**MERKIÐ** Merki Grínmúrarareglunnar hefur sést í lok Mið Íslands-þáttanna og Steinda jr. auk þess sem það er á Flick My Life síðunni.

# Nýtt tímarit um heimili og mat

„Íslendingar hafa alltaf hugsað vel um heimili sín og þeim þykir mörgum gaman að elda,“ segir innanhúshönnuðurinn Halla Bára Gestsdóttir en hún og eiginmaður hennar, Gunnar Sverrisson ljósmyndari, vinna nú að stofnun nýs veftímarits um heimili og mat.

Tímaritið ber nafnið Home & Delicious en efnistök blaðsins eru heimili, matur og allt sem því fylgir. Tímaritið verður gefið út bæði á íslensku og ensku. Íslenskur bragur verður þó á blaðinu þar sem verður allt frá innlitum inn á íslensk heimili og uppskriftum með íslensku hráefni. „Netið er lifandi miðill sem býður upp á óteljandi möguleika og við finnum að það er áhugi fyrir blaði á borð við þetta. Við vinnum mestallt efnið sjálf og verðum með fjölbreytta flóru.“

Halla Bára og Gunnar eru alls ekki ókunnug fjölmiðlum en þau stofnuðu og ritstýrðu blöðunum Lifun og Veggfóðri. „Svo fluttum við til Ítalíu þar sem ég lærði innanhúshönnun en var alltaf með það á bak við eyrað að beina sjónum mínum að skrifum á þessum vettvangi. Það var svo fyrst í vor sem við settumst niður og ákváðum að taka upp þráðinn að nýju eftir að hafa velt þessu fyrir okkur í vetur,“ segir Halla Bára en fyrsta tölublað Home and Delicious kemur út í júní.

Þangað til verður hægt að fylgjast með Höllu Báru og Gunnari á bloggsíðunni Homeanddelicious.com þar sem þau deila ýmsum hugmyndum varðandi heimili og mat en á þeirri síðu verður einnig hægt að nálgast blaðið. **-áp**



**UPPFULL AF FRÓÐLEIK** Hjónin Halla Bára Gestsdóttir og Gunnar Sverrisson, hér ásamt dætrum sínum Kaju og Leu, undirbúa útgáfu veftímaritsins Home & Delicious sem fjallar um heimili og mat. FRÉTTABLAÐIÐ/




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Forsýningar – aðeins 2.000 kr. Örfá sæti laus!** | 22. maí 2012, 20:00 | **Almennar sýningar** | 3. júní 2012, 19:00 | 16. júní 2012, 19:00 | 29. júní 2012, 20:00 |
| | 24. maí 2012, 20:00 | | 5. júní 2012, 20:00 | 18. júní 2012, 20:00 | 30. júní 2012, 19:00 |
| | | 26. maí 2012, 19:00 | 6. júní 2012, 20:00 | 19. júní 2012, 20:00 | |
| | | 29. maí 2012, 20:00 | 9. júní 2012, 19:00 | 20. júní 2012, 20:00 | **Miðasala** |
| 19. maí 2012, 20:00 | **Frumsýning** | 30. maí 2012, 20:00 | 10. júní 2012, 19:00 | 23. júní 2012, 19:00 | |
| 20. maí 2012, 20:00 | | 31. maí 2012, 20:00 | 13. júní 2012, 20:00 | 24. júní 2012, 19:00 | www.harpa.is |
| 21. maí 2012, 20:00 | 25. maí 2012, 20:00 | 2. júní 2012, 19:00 | 14. júní 2012, 20:00 | 28. júní 2012, 20:00 | Sími: 528 5050 |

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Kjóllinn frumsýndur



Fatnaðurinn sem Eurovisionfararnir **Greta Salóme** og Jónsi klæðast í Aserbaídsjan verður opinberaður í beinni útsendingu á aðdáendasíðu Gretu Salóme á Facebook klukkan 16 í dag. Þær Rebekka Ingimundardóttir og Elma Bjarney Guðmundsdóttir eiga heiðurinn af klæðaburði íslenska hópsins í ár og bíða margir spenntir eftir því hverju hann mun klæðast á sviðinu í Bakú. Vinir Sjonna, sem kepptu í Eurovision í fyrra, ætla að einnig að taka lagið og koma fólki í Eurovision-gírinn. Þetta verður síðasti viðburðurinn sem þau Greta Salóme og Jónsi taka þátt í áður en þau leggja af stað til Aserbaídsjan á laugardaginn.

### Íslandskynning í Ameríku

**Dorrit Moussaieff** forsetafrú stóð fyrir margvíslegri Íslandskynningu í sjónvarpsþætti Mörthu Stewart á Hallmark-sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum í gær. **Baldvin Jónsson**, sem um árabil hefur kynnt íslenskar landbúnaðarafurðir vestan hafs, gerði þáttinn að umtalsefni á Facebook-síðu sinni. „Forsetahjónin okkur hafa staðið sig frábærlega við að koma landinu okkar á framfæri og frú Dorrit fór á kostum í þættinum," sagði hann og urðu margir til að taka undir. Ein meinleg athugasemd barst þó þegar **Stefán Jón Hafstein** skaut að spurningunni: „Gengur Martha laus?"

**- fb, óká**



## Mest lesið VÍSIR

1. Flytur á Hrafnistu ef hún fær svítu
2. Kirkjan á inni tvo milljarða
3. Sprengjumaðurinn vann fyrir CIA
4. Metverð fyrir nútímalistaverk
5. Spáð snjókomu um helgina - frost fer niður í 7 gráður





